



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hin svarta útsending

Opinberanabók

Verkefni til MA-prófs í ritlist

Atli Sigbórsson

Maí 2014

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Ritlist

Hin svarta útsending

Opinberanabók

Verkefni til MA-prófs í ritlist

Atli Sigþórsson

Kt.: 200683-3669

Leiðbeinandi: Rúnar Helgi Vignisson

Maí 2014

Hér á eftir fer loka verkefni til meistaraprófs í ritlist við Háskóla Íslands. Verkefnið er frumsamin nóvella, *Hin svarta útsending – opinberanabók*. Hana mætti líka kalla langa smásögu með skáldsagnaduld eða örlitla skáldsögu. Í sögunni rekur orðmargur sögumaður nokkra daga í ytra og innra lífi iðnaðarmannsins Einars Mátssonar og það hvernig veruleiki hins síðarnefnda leysist upp í torræðum samslætti tilveru- eða vitundarstiga. Á undan sögunni fer dálítil greinargerð þar sem höfundur gerir grein fyrir listrænni sýn sinni, tengslum hennar við samningu verksins og loks vinnuferlinu sjálfu.

Efnisyfirlit

Bls. 2 – Ágrip

Bls. 3 – Efnisyfirlit

Bls. 4 – Upplausn – Hafa skal það...

Bls. 9 – Hin svarta útsending – opinberanabók

Upplausn – Hafa skal það...

Stundum finnst mér eins og ég standi á mörkum tveggja heima þegar kemur að bókmenntum, þegar kemur að því bæði til hvers hugur minn stendur og hvert hann leitir. Ekki bara því hvernig ég skrifa heldur líka því hvernig ég les. Öllu heldur hvað ég les. Hvernig ég les. Ég hrífst af furðum, af undrum, skringilegheitum og þvíumlíku. Því sem Palli nokkur, vænn karl á Akureyri, kallar vitleysu (eða kallaði alltént eftir að hafa þrælast í gegnum *Meistarann og Margarítu* að mínu ráði). Auðvitað eru allir heimar bókmennta skáldaðir, að meira eða minna leyti, en ég á hér við heima sem lúta öðrum lögmálum en við alla jafna tengjum þeim efnisheimi sem við ófrávíkjanlega byggjum. Eða svo ég gæti frekari nákvæmni: í grófum dráttum þennan sama efnisheim en þar sem teygt er á lögmálum, hvort sem er um eðli efnis eða hegðun fólks. Að því sögðu hef ég aldrei fundið mig fullkomlega í algerum fantasíubókmenntum eða furðusögum sem svo eru nefndar.

Þar held ég að einkum komi eitt til. Oft mætir tungumálið, ritnálið, afgangi þegar að þessari bókmenntagrein kemur. Eða sú er mín upplifun. Það er þar einkum verkfæri til að tjá sögu og til að smíða heim. Nákvæmni er þá höfuðdyggð við smíði textans, mun frekar en hugkvæmni eða listfengi. Vil ég þó síst gera lítið úr listfengi fantasíuhöfunda, en oft (ekki alltaf) birtist það í öðru en meðferð þeirra á tungumálinu sem slíku (hvert sem tungumálið kann að vera). Leikur að orðum, leikur með orð – tæpast; leikur í orðum – jú, gott ef ekki. Þar er vissulega *sýnt*, rétt eins þar er *sagt*, en lesandanum er gjarnan eftirlátið minna rými til að vinna með höfundi, ef svo má segja. Ég vil tvíræðni, margræðni, óræðni. Núans svo ég sletti. Stundum vil ég skrifa hugmynd eða tilfinningu fremur en senu, stundum skrifa senu sem í raun er myndgerð hugmynd eða tilfinning. Og mér er í mun að sú hugmynd eða tilfinning sé þannig fram sett að lesandi geti numið hana sjálfur eða mögulega numið eitthvað allt annað. Mér sjálfum er ekki í mun að sannfæra lesandann um að sá heimur sem hann les um í mínum verkum, sem hann les út úr þeim, sé eins raunverulegur og efnisheimurinn. Um leið og ætlaður lesandi les verður sá heimur sem ég skrifa nógu raunverulegur. En þar á enginn að þurfa að týnast. Hann er texti, tilbúningur og mér er ekki sérstaklega í mun að fá lesanda til að gleyma því. Það væri heimtufrekja. Hafa skal það sem ósannast reynist.

En að einhverju leyti fæst téður texti vitanlega við raunveruleikann. Alltént eins og ég hef upplifað hann. Við lífið hérna í kjötheimum, þar sem ég og þú hruflum okkur,

reiðumst, elskum og svo framvegis. Þessi veruleiki er fullur dellu og vitleysu. Sjálfur er ég fullkominn efnishyggjumaður, svo ég segi eins og er. Ég fussa og sveia þegar amma mín les í bolla fyrir mömmu eða þegar ég les fréttir af einhverjum fíflalátum trúfólks (að mér finnst (sem er það eina sem gildir hér)). Ég hef enga trú á því að hitta nokkru sinni fyrir löngu liðið fólk, guði eða aðra vætti. Og gott betur – ég er sannfærður um að ég mun aldrei gera það. Hið yfirnáttúrulega er ýmist skáldskapur eða ímyndun. Þar til annað kemur í ljós – hafa skal það sem sannara reynist. Þau öllsömul, og fleira til, hitti ég í texta. Hafa skal það sem klikkaðra reynist. Þar eru gyðjur fullt eins raunverulegar og Utanríkismálanefnd eða Héraðsdómur Suðurnesja. Kannske raunverulegri. Og það finnst mér ekki nauðsynlega þurfa frekari skýringa með. Ég skrifa ekki um vísindamenn. Ef ég skrifaði um vísindamenn yrðu skýringar ef til vill nauðsynlegar. Til að innra samræmis væri gætt. Þar til það verður mega undrin vera einmitt það, undur. Galdrar, ímyndun, ofskynjanir, uppspuni. Stundum má það liggja á milli hluta. Sjálfur leyfi ég því að liggja á milli hluta. Hafa skal það sem hentugast reynist. Það sem mér sjálfum finnst áhugavert er að stefna saman þeim raunveruleika sem ég þekki og hrærist í og þeim raunveruleika sem ég skapa (sem aftur hlýtur að stóru leyti að vera sá raunveruleiki sem ég þekki – þetta er allsnúið samband). Þann fyrrnefnda gætum við líka kallað efnisheim. Kannske er ég bara að lýsa fantasíu með áherslum eftir mínu höfði. En skáldskapur í þessum dúr er alltént sá sem ég nýt mest að lesa og þetta er allgóð lýsing á því sem ég sjálfur reyni að skrifa. Þar er sá texti sem hér fyrir liggur ekki undanskilinn. Hann er fantasía eftir mínu höfði. En ég legg mig ekki sérstaklega fram um að smíða heim. Sá heimur sem sagan gerist í er að langmestu leyti mótaður eftir þeim sem ég sjálfur byggji. Eftir minni reynslu. En svo teygi ég lítilega á og vind upp á. Stefni inn í hann hugmyndum og glefsum úr hugmyndum, héðan og þaðan. Stel og brengla og blanda. Hafa skal það sem sniðugast reynist.

Og fyrst og fremst er sagan um sjálfan mig. Að því leyti er hún óttalega klén. Með teygjum og uppásnúningum. Hún er líka um pabba minn, mömmu mína og fjölskylduna alla, Rússana Mikhaíl Búlgakov og Viktor Pelevín, geðsjúkdóma, hugmyndasögu, tónlist, íslenska samtíð, afturhald, vanafestu, tímenn, Akureyri og skáldskap. Ég vildi leysa hversdagsleikann (minn og þeirra sem standa mér nærri) og hreinlega raunveruleikann sjálfan upp og færa söguna á eitthvað órátt stig. Ekki annað tilverustig en ekki heldur inn í heim ofskynjana, hvort sem er vegna geðveiki eða lyfjanotkunar. Hvorki í blómaland guðspekinga né brjálæði Hunters. S. Thompson. Eitthvert sem ég sjálfur get tæpast skýrt, í einhverja veröld tákna sem hvert og eitt hefur skýra þýðingu fyrir mér en mögulega ekki

lesandanum. Veröld hugmynda og tilfinninga. Ég ætla lesanda það ekki að rýna í öll táknið eða einu sinni að taka eftir þeim heldur á sagan að standa ein sem upplausn veruleikans eins og ég nefndi fyrr. Hún er ekki allegoría. Sem skemmtisaga þess vegna. Það er þá hvers og eins að leggja þann skilning í persónur og atburði sem viðkomandi sýnist. Það, eða hann hættir lestrinum. Ég lá engum það.

Það kann að hljóma ótrúlega en ég segi það satt að ég man nákvæmlega hvar og hvenær ég ákvað að skrifa opinberanasögu Einars Mátssonar rennismiðs. Ég sat í aftursæti bíls á leiðinni úr Fljótum til Siglufjarðar fyrir jólin 2012. Persónan hafði fylgt mér í einni eða annarri mynd um skeið. Í nokkur ár. Ég hafði skrifað um hana nokkrar sögur eða reynt það. Ég nefndi hana ekki Einar og ég man ekki til þess að hafa sigað gyðjunni Káli á karlræfilinn en persónan var engu að síður til. Ég hafði líka spreytt mig á þeirri hugmynd að láta veruleikann leysast upp. Bæði hafði ég reynt að gera það á gamansaman hátt og alvarlegan. En ég hafði ekki stefnt Persónunni og upplausn veruleikans saman. Ekki með jafn afgerandi hætti og ég geri hér.

Mér fannst hugmyndin betri þar í aftursætinu en stundum síðar. Mér fannst þetta vera hugmyndin, sú eina (þvílíkt naívetet). Síðan hef ég margoft dregið það í efa. Ég hef enda tekið mér langan tíma í skrifin. Rúmt ár. Á því tímabili hef ég þó aðeins gert eitt algert hlé á skrifunum. Það var um tveggja mánaða skeið síðasta sumar. Þá nýtti ég lok skólaársins til að flýja söguna sem ég vissi ekki gjörla hvernig ég ætti að halda áfram með. Ég var ánægður með upphaf hennar og heyktist á því að marka stefnu í framhaldinu. Síðastliðið haust tók ég upp þráðinn og hafði þá ákveðið hvert ég skyldi stefna. Veruleiki Einars myndi leysast svotil algerlega upp. Tilvistarkrísan sem hann var að ganga í gegnum skyldi raungerast og riðla allri tilveru hans. Þetta reyndist þó hægara sagt en gert. Í byrjun nóvembers frekar en lok októbers síðastliðins eyddi ég rúmum tuttugu blaðsíðum af efni sem ég var óánægður með. Hafði þá lent í blindgötu sem ég sá ekki leið út úr en var í ofanálag efins um margt sem á undan hafði komið. Því fengu síðurnar að fjúka og ég byrjaði hérumbil þar sem ég hafði hætt um vorið. Síðan varð sú saga sem hér liggur fyrir smám saman til.

Sagan skrifaðist mér oft löturhægt. Og ég hef sannarlega eytt efni út síðan stóra hreinsunin fór fram, en þær aðgerðir hafa verið annars eðlis. Ég átti í meiri erfiðleikum en ég hafði vænst með að losna úr raunheimum. Realisminn tórði lengur en ég kærði mig um. Oft þurfti ég að staldra við og endurskoða. Fjarlægjast raunsæið, jafnvel með valdi. Ofurmeðvitað. En með góðri aðstoð austan frá Indlandi tókst mér ætlunarverkið að

endingu. Í einhverjum skilningi. Mér tókst að sleppa mér lausum. Ekki svo að segja að ég sé fullkomlega ánægður með afraksturinn. Því fer fjarri. En hann er í ætt við það sem ég hafði séð fyrir mér. Skuggi á hellisvegg. Hafa skal það sem skást reynist. Við byrjum á raunsærri lýsingu á endurtekningasömu lífi. Á brauðstriti sem er í fullkomnum skorðum, svo og félagslífi (ef félagslíf skyldi kalla) sem er öðru fremur plíkt. Þar að kemur að aðalpersónan fær nóg. Einhver myndi sjálfsgagt segja hana fá taugaáfall eða eitthvað í þá átt. Ég væri honum ósammála. Í krafti dulvitundarinnar leysist veruleiki persónunnar upp. Hvaða skilning svo sem við leggjum í það. Ég er ekki fullkomlega viss sjálfur. En umrædd persóna, Einar, er í öllu falli ekki veikur á geði í mínum huga. Það er víst.

Þegar mér hafði tekist að losna undan raunsæinu kom það ósjaldan fyrir að ég týndi mér í tryllingnum. Að furðurnar voru orðnar slíkar að mér sjálfum þótti nóg um þegar ég las það yfir sem ég hafði endað við að skrifa. Það var skemmtilegasti hluti ferlisins fyrir mína parta. Ofboðslega ánægjulegur. Þegar ég hreinlega missti mig í skriftunum. Fór fram úr sjálfum mér. Hrista hausinn yfir dellunni. Blaðsíðum á blaðsíður ofan af einhverju sem ofangreindur Palli myndi sannarlega kalla vitleysu og áreiðanlega andvarpa. Hafa skal það sem sturlaðast reynist.

Þessu tengt er annað vandamál sem á stundum reyndist mér óþægur ljár í þúfu. Það er ritstíllinn sjálfur. Frá því að ég var unglingur hafði ég tamið mér yfirdrífinn og ýktan stíl, margorðan og á stundum tilgerðarlegan. Sjálfum þótti mér það fyndið. Þegar ég byrjaði í ritlistarnáminu gerði ég mér grein fyrir því að ég yrði að breyta þessu. Láta af þessari tilhneigingu. Oft gekk mér það brösuglega. Framan af náminu fannast mér ég oft ekki vera að skrifa það sjálfur sem ég skrifaði. Öllu heldur, að ég væri að skrifa sem einhver annar. Mér fannst skrifin þvinguð. Á einhverjum tímamarki ákvað ég að prufa hinar öfgarnar. Ég byrjaði að skrifa smáprósa sem voru eins knappir að orðum og lýsingum og frekast var unnt. Og mér féll það vel. Ég naut þess og gekk það vel. Og ég geri það enn. En oft langaði mig líka að sleppa fram af mér beislinu. Og að vissu leyti geri ég það í þessu verkefni. Þar nýtist ég við dálítið óræðan sögumann. Alvitran en sem þó er persóna í sögunni. Sem framan af er áhorfandi en kemur svo sjálfur til sögunnar um miðbik hennar. Sögumaður þessi, Maurice, er kjaftaskur. Hann eða öllu heldur hún er sniðug, eða þykist vera það. Hún er allvel lesin. Hún hefur skoðanir á öllu. Hún skrifar *kannske*. Hún er skopmynd af sjálfum mér. Og skrifar um margt eins og mér er eðlilegast. Hugur minn stóð aldrei til þess að skrifa um ungt skáld, um ungan háskólmann eða ungan listamann. Mig langaði að skrifa fjær mér. Til dæmis um miðaldra iðnaðarmann. Um þessa persónu sem

ég hafði lengi dröslast með. En mig langaði um leið að gera það eftir mínu höfði. Því bjó ég til Maurice. Fyrstupersónusögumann í þriðjupersónusögu. En til að ég væri samkvæmur ætlunarverkinu, því að leysa veruleikann upp, fannst mér Maurice líka verða að upplifa upplausnina. Ella hefði ég bara verið að leika mér að vesalings Einari, illgjarn leikbrúðustjórnandi. Upplausnin skyldi alger, altæk. Hún yrði raunveruleg. Frásögnin einlæg. Sönn. Hafa skal það sem sannara reynist.

2. maí 2014

Atli Sigbórsson

*Hin svarta útsending –
opinberanabók*

Eftir KGP

Svo ritar guðspjallamaðurinn Maurice, innblásin af hinum helga lífgeisla:

Fyrsta opinberun – Afmælið

I.

Fyrri hluti dags, 5. ágúst 2011

Síminn byrjaði að öskra við hlið rúmsins klukkan nákvæmlega fimm mínútur yfir sjö, stilltur eftir klukku Ríkisútvarpsins sem var, er og verður um ófyrirséða framtíð tímaviðmið allra skynsamra manna. Öskrandi síminn lá ekki á náttborði heldur efst á bókastafla, lesnum, hálflesnum og ólesnum skræðum. Mislesnum, skulum við segja. Einar Mátsson rennismiður og framkvæmdastjóri var þegar vaknaður. Hann vaknaði undantekningalaust áður en vekjaraklukkan gall; vaknaði við þögnina, við andardrátt sjálfs sín eða kannske illheyanlega núningsbrestina í veröldinni sjálfri, svo óhaganlega smíðaðri sem hún er. Hvað svo sem það var sem vakti Einar brást það ekki að hann lá vakandi þegar síminn hringdi, teygði sig rólega eftir honum og slökkti á hringingunni þar sem hann stóð á fætur. Þessi morgunn var engin undantekning.

Um nóttina hafði hann dreymt sig út á fraktskip sem sigldi á milli framandi hafna við fjarlægt haf. Meðfram skipinu syntu hitabeltisfiskar og við hafnirnar blöktu flennistór lauf pálmatrjáa tígulega í hlýjum andvara sem bar með sér þykkann kryddilm. Með Einari í drauminum voru nokkrir karlar sem hann hafði verið með til sjós þegar hann var yngri, óforskammaður heildsali úr bænum sem hann kannaðist við af dálitlum viðskiptum og svo þingkona sem Einar var innilega ósammála í pólitík en þótti kynferðislega aðlaðandi á einhvern torræðan hátt, án þess að vilja viðurkenna það fyrir sjálfum sér. Draumurinn var hvorki vondur né góður, eða ef til vill hvort tveggja; stundum notalegur en annars brokkgengur og á köflum beinlínis óþægilegur. Ónotalegur. Það var eins og þau í skipshöfninni væru hvergi velkomin, eins og þau væru illa þokkuð í hverri höfn og innfæddir vildu sem minnst eiga saman við þau að sælda, síst hann sjálfan. En þegar frá landi var komið var lífið um borð elskulegt. Spilað var á spil, sungið, horft út yfir spegilsléttan hafflötinn og rætt um liðna tíma. Meðfram skipinu syntu litríkir hitabeltisfiskar af óþekktum tegundum.

Réttara væri að segja að svona minnti Einar, nú fáum mínútum eftir að hann vaknaði, að hinn fjarlægi draumur hefði verið. Kannske kom þar líka eitthvað fleira fyrir. En Einar mundi fremur tilfinningu, fremur andrúmsloft en tilteknar aðstæður og orð. Sjálfsagt voru líka sólbrúnar mellur og skrautlegir kokkteilar í hinum framandi höfnum en það eins fleira var nú gleymt. Draumar geta nefnilega fjarlægst dreymanda næsta óendanlega á örskömmum tíma, hreinlega fuðrað upp í eterinn og orðið að engu. Og þér að segja mundi Einar skömmu síðar ekki einu sinni grófustu drætti draumsins. Ekki nafn skipsins sem hann sigldi á, ekki heldur lagan kliðinn í pálmatrjánnum eða anganina af hrokknunni hári þingkonunnar. Nefnist þetta lögmálið um gang minnis og drauma og á eins við um vökudrauma og þá í svefni, hafa fróðir menn sagt mér.

Þegar Einar hafði slökkt á símanum, sest upp og stappað í sig stálinu um stund slökkti hann á lesljósinu sem lýst hafði honum leið í gegnum nóttina (sem reyndar var björt). Og þegar hann var svo staðinn á fætur greip hann blágráar vinnubuxurnar af fatagrindinni og stakk símanum í hægri vasa þeirra áður en hann hysjaði þær upp um sig. Því næst sótti hann, nú sem ávallt, þykka göngusokka í fataskápinn gegnt fótagafli rúmsins. Eftir að hann hafði smeygt sér standandi í sokkana klæddi hann sig í skyrtuna sem líka hékk á fatagrindinni. Skyrtan lyktaði af sterkum hreinsiefnum og svita enda lítið vit að þvo hana sýknt og heilagt til þess eins að óhreinka hana jafnóðum aftur fannst Einari (að því sögðu er rétt að geta þess að Einar var ekki sérstakur sóði, og fór til dæmis í sturtu daglega eftir vinnu). Loks steig hann svo í inniskóna sína, töfflurnar sem næturlangt biðu spakar við rúmstokkinn og var þá alklæddur.

Með einmitt þessu lagi hófust allir virkir morgnar hjá Einari. Án undantekninga eða tilbrigða. Því eins og margir aðrir hafði Einar gert sér grein fyrir því að þær skyldur sem ekki verður vikist undan að rækja sama hversu vel eða illa manni kann að falla það er best að sinna á sem haganlegastan hátt. Einar var á öllum sviðum lífsins verkséður. Og jú, leyfum okkur hér að kalla það að vakna til vinnu óhjákvæmilega skyldu. Einar var ekki sérlega hrifinn af því að vakna snemma á morgnana en svosem ekki ýkja frábitinn því heldur. Satt best að segja leiddi hann sjaldnast að því hugann. Ekki meðvitað, það er að segja eða blátt áfram. Og þegar hann þó hugsaði um það, ef til vill á sunnudagsmorgni þegar hann lá rólegur í rúminu og starði út í loftið í fullkomu iðjuleysi, þá var það einhvern veginn á þá leið að mikið væri nú fínt ef maður gæti bara vaknað um níu alla morgna, hah; ef bara veröldin gengi þannig fyrir sig; ef bara samfélagsfræðin, himintunglin, náttúrulögmálin og hinstu rök tilverunnar hreinlega leyfðu; ef það bara væri yfirhöfuð

mögulegt, fræðilega séð – aldrei á þá leið að hann gæti mögulega hagað lífi sínu þannig að hann þyrfti ekki að vakna fyrr en nú. Jafnvel síðar, ef hann bara vildi. Nei, aldrei þannig. Það var ekki Einars háttur. Alltént ekki lengst af.

Þegar Einar hafði klætt sig fór hann fram, fyrst á klósettið þar sem hann pissaði – nú sem oftast fremur duglega (eftir nóttina, hann vaknaði afar sjaldan til að pissa) – og tók með vatnssopa af krananum væga gleðitöflu sem hann gleypiti núorðið fremur af vana en nauðsyn. Eða það grunar mig. Úr baðherberginu fór hann fram í eldhús. Þar stakk hann blandara í samband, sótti sér frosið spínat og berjablöndu í frystinn, þá hafra í hornskápinn og loks ab-mjólk og banana í ísskápinn. Í einmitt þessari röð. Svo hellti hann margreyndri blöndu af öllu saman í blandarakönnuna, brytjaði hálfan ofþroskaðan banana með og setti tækið af stað. Á nokkurra sekúndna bili var íbúðin undirlögð trylltum öskrum blandarans en ósköpin tók fljótt af og þá drakk Einar æpandi mixtúrana beint úr þungri blandarakönnunni. Það gerði hann yfir vaskinum, þar sem hann horfði út um eldhúsgluggann; yfir úldna Eyrina með bárujárnshjöllum og bílhræjum og stilltan fjörðinn þar fyrir handan, á Vaðlaheiðina, Víkurskarð og Kaldbak. Dálítill þokuslæðingur úti fyrir Grenivík. Sjálfsgagt svalt. Hann yrði þó fljótur að rífa af sér. Sól í dag, alveg áreiðanlega. Reglubundið rapport fór á svipstundu fram í huga Einars en annars naut hann bara útsýnisins á meðan hann teygði. Svona eins og nývaknaður maður með innbrenndar sorgarrendur getur yfirhöfuð notið nokkurs hlutar. Meðtók það er nær að segja.

Einar dró andann djúpt og hellti restinni af glundrinu, ríflega hálfri könnu, í brúsann sem beið í þvottagrindinni við hlið vasksins. Brúsann hafði hann einhvern tímann fengið í kaupbæti þegar hann ákvað að gera skurk í sínum málum og keypti dunk af próteindufti. Það fannst honum hins vegar svo bragðvont að dunkurinn stóð enn svotil fullur á bakvið hafrapokann í hornskápnum en brúsinn hafði reynst vel. Brúsi af hristingi og epli í hádeginu, kaffi á eftir. Ef til vill skyr. Kex eða kleinur og kaffi síðdegis. Hvorki meira né minna, fullt stopp. Einar setti lokið á brúsann og skolaði því næst könnuna. Hann þurrkaði hana ekki, heldur kom henni blautri fyrir á blandaranum. Dagurinn sæi um að þurrka hana, það var margreynt. Að lokum fékk Einar sér gúlsopa af lýsi beint úr flöskunni, greip svo brúsann með heilsuhristingnum, bíllyklana úr keramikskálinni á eldhúsbörðinu og fór fram í forstofu þar sem hann klæddi sig í öryggisskó með stáltá og blettótta flíspeysu. Að svo búnu rann hann fullbúinn út í daginn.

Þegar Einar steig út um dyrnar var klukka Ríkisútvarpsins nákvæmlega tuttuguogsjö mínútur gengin í átta. Við hana tjóir ekki að deila. Einhver kynni að segja þér að lofthitinn

á Akureyri hafi verið fimm gráður þennan morguninn, annar kannske að gráðurnar hafi verið fjórar. Hvorttveggja er áreiðanlega satt og rétt í einhverjum skilningi en ef við viljum gæta nákvæmni og fullkomins innra samræmis í þessari frásögn okkar má halda því til haga að við lögreglustöðina á Akureyri mældi sjálfvirkur mælir Veðurstofunnar hitann nákvæmlega 4,2 gráður klukkan átta þennan morgun. Þótt satt kunni að vera að enginn algildur sannleikur sé til, að afstæðni Einsteins sé svo bráðsmitandi, er sjálfsagt að gæta nákvæmni þegar kemur að hinum smáu kornum sem saman mynda þaðströnd veruleikans. En nóg um það. Hvernig sem á þetta er horft má heita að umræddur morgunn hafi litið ósköp venjulega út. Og eins og aðrir morgnar hvernig svo sem þeir líta út var hann það auðvitað.

Gamli jeppinn fór möglunarlaust í gang og Einari var létt. Jeppinn hafði skilað sínu hlutverki með þrýði en var tekinn að þreytast, orðinn dálítið óáreiðanlegur sem kallað er og það var af einhverskonar vináttu einkum sem Einar fékk sig ekki til þess að selja hann. Kannske var það af ótta. Alltént hafði hann efni á því en eins og við vitum skiptir það svo sem minnstu máli þegar ákvarðanir eru teknar um þessi mál. Suma morgna þolir maður allt hökt verr en aðra, þolir allan brokkgang verr, allar misfellur og snurður sem geta þá jafnvel orðið að fjöllum, gjám og giljum. Þetta var einn slíkur morgunn hjá Einari. Sjálfur hafði hann ekki minnstu hugmynd um það hví hann var hvefsinn en áður en hann renndi úr hlaði það hann eitthvert ónefnt afl þess að dagurinn gengi vel. Ekki guð, ekki almættið; mögulega alheiminn eða bara dulvitund síns sjálfs. Mögulega var það svo guð, einfaldlega án þess að Einar gerði sér grein fyrir því. Sjálfur vissi hann ekki til hvers hann biðlaði. Vissi svo sem ekki hversu veikur hann var á svellinu.

Þetta ástand sem ég lýsti svo illa hér að ofan getur hellst yfir mann án þess að nokkra auðsæja orsök sé að finna fyrir því. Stundum án þess að nokkur ástæða sé yfirleitt fyrir því heldur af því bara. Þannig er heimur mannsins. Eða maður heimsins. Hann er ruglaður. Ruglaður maður, á skjön við heiminn en þó fullkomlega samhljóma honum. Eins og gengur. Maður mannsins, í bókmenntum, kvikmyndum og skáldskap yfirleitt, er öðruvísi. Þar, sjáðu til, er ekkert *bara*. Ekkert *af því bara*. Þetta stafar af því að maður heimsins trúir ekki á svoleiðis. Öllu heldur vill hann ekki trúa á svoleiðis. Hann þarf ástæður og orsakir. Röklegt samhengi og meira en það, hann þarf tilgang. Hann er markhygginn. Þarf guð, hvaða nafni sem sá fjandi kann að nefnast. Þarf klukku sem gengur í hring en tíma sem gengur í línu. Nóg um það í bili.

Frá útvarpinu barst meinlaust hjal um nýútkomna hljómplötu. Raddirnar í útvarpinu voru þýðar, lágar og yfirvegaðar eins og fólkið sem talaði vissi hvernig Einar var fyrir kallaður þar sem hann ók norður Tryggvabraut áleiðis að gamla iðnaðarhverfinu þar sem verkstæðið hans, Fríverk, var til húsa. Eins og fólkið sem malaði vildi gæta þess að stugga ekki við honum, eins og það vildi ekki koma illa við hann. Að öllum líkindum er raunin þó ekki sú. Það skiptir þó tæpast máli hér. Hví? Af því bara.

Einn bíll var fyrir á planinu framan við verkstæðið þegar Einar kom þar að. Þennan bíl átti Baldvin H. Gestsson (H fyrir Heimir, millinafn sem Baldvini var ekkert um gefið og gerði lítið með nema í bönkum og hjá tryggingarfélögum), sem einatt var kallaður Balli. Hann mætti yfirleitt skömmu á undan Einari á verkstæðið, kveikti ljósin og ræsti tækin og þrammaði því næst sínum þungu skrefum inn á kaffistofuna þar sem hann setti kaffivélina í gang. Hún var helgasti staðurinn í trúarlífi Balla, hans svartí steinn og Salómonsmusteri, en kaffistofan eftir því hans Mekka og Jerúsalem. Hann trúði á mátt hins lútsterka mjólkurblands með sykri, þó bara einum mola eftir að hann fór í þræðinguna tveimur árum fyrr. Balli vissi upp á hár hvar hans von og trú lá, ólíkt Einari. Þessi trúrækni Balla og tilhögun hentaði Einari þó prýðilega og vegna þess hvernig hann var skapi farinn (ekki síst á morgnana) lét hann venjulega nægja að kasta stuttri kveðju á Balla þar sem hann sat á kaffistofunni og beið uppljómunar en stikaði sjálfur upp á skrifstofu og skimaði yfir draslið á skrifborðinu um stund uns hann fór aftur niður og spjallaði við karlana áður en þeir hæfust handa. Kannske fór hann yfir verkbókina, hugsanlega taldi hann fjölda stafa á gömlum reikningi. Ef til vill starði hann bara út í loftið og hugsaði um framandi lönd þar sem kryddilmur líður um loftin eða svarthærðar gyðjur leika sér að höfuðkúpum dauðlegra manna. Þennan morgun var því nokkurn veginn þannig farið og ekkert meira um það að segja. Áfram nú.

Þegar Einar hætti sér niður á kaffistofu var þriðji starfsmaður verkstæðisins, Steingrímur Eyjólfsson – sem oft var kallaður Grimmi enda þótt skapgerðin væri fremur þumbaraleg en ill – líka mættur. Hann var að hómópataráði hættur að drekka kaffi en sötraði þess í stað lífrænan ávaxtasafa. Balli grínaðist sakleysislega með það eins og flesta morgna (eins og ég sagði var þessi morgun fullkomlega venjulegur) og hló einn að spauginu. Eins konar samúðarhlátri með sjálfum sér má segja ef maður er meinfýsinn.

– Hver er staðan á kaffinu, strákar? spurði Einar kaffivélina og hvessti að henni brýnnar. Hann sá nákvæmlega hvað kaffinu leið en sýnin nægði honum ekki. Oft er ráð að trúa fremur öðru en eigin augum.

– Er að koma, er að koma, er barasta alveg hreint að koma. Balli svaraði fyrir hönd kaffivélarinnar og ýtti bollanum sínum yfir borðið í átt að Einari.

– Hvernig var staðan á felgunum? spurði Grimmi heimspekilega í kjölfarið en á retórískt líkum nótum og Einar. Hann snéri tómunum bolla um sjálfan sig á borðinu svo frá honum barst lágt urg.

Einar svaraði engu en starði áfram á malandi kaffivélina og reyndi að útiloka urgið. Spurningin hefði ekki átt að ergja hann – það er að segja, hún var fullkomlega eðlileg þar og þá og auðveldlega mátti líka ímynda sér hugrenningatengslin sem leiddu Grimma að henni – en hún gerði það nú samt. Hún var óþolandi viðeigandi, alveg frámunalega andskoti viðbúin og svo helvíti tímabær að Einari varð nærri því flökurt. Hvern einasta virkan morgun, á sama fimm til tíu mínútna bilinu, í einni eða annarri mynd. Hann hugsaði með sér eitthvað á þessa leið: Andskotans fífl getur maðurinn verið. Mikið dæmalaust djöfulsins gerpi! Öllu heldur fann hann eitthvað þessu líkt, fann til einhvers þessu líks. Nam einhverja kennd sem illa verður færð í orð (taka verður viljann fyrir verkið). Einar sá nær samstundis að sér og reyndi að stjaka gremjunni frá sér. Líkast til væri nær að segja að hann hafi reynt að böggla henni saman og leggja hana til hliðar. Í skápinn undir vaskinum. Það gerði hann með því að einbeita sér að drjúpandi helgu kaffinu. Það draup svo yfirvegað og óumflýjanlega niður í pottinn að minnti á búddíska möntru, drr-ippa-dropp-prr – drr-ippa-dropp-prr, og svo framvegis. Sálin, sem við skulum kalla svo, mýktist upp og mætti ímynda sér að hún hafi fengið yfir sig appelsínubleikan blæ sólseturs á Melrakkaslétu. Svona hugsar maður ekki, hugsaði Einar með sér einhversstaðar niðri í dulvitundinni sem svo bergmálaði upp í vitund svo hann andvarpaði og hellti sér í bolla. Hellti því næst í bollann hans Balla án þess að höfð væru um það nokkur orð.

– Tvær, þrjár, fjórar eftir, búið að sandblása hinar! Balli nærri öskraði síðustu tvö orðin. Hann minnti á stríðspreyttan herforingja þar sem hann sat gleiðfættur við borðið og rýndi grettur fram í salinn. Eða kannske minnti hann fremur á bændur eins og ég sé þá stundum fyrir mér. Þessa sem ævinlega eru óhreinir á stórgerðum puttunum, klæðast trosnuðum íslenskum lopapeysum, háum gúmmístígvélum og eru hnýttir tóbaksklútum um hálsinn; þessa sem drekka mjólkurblandið úr þykkum glösum frekar en bollum og bryðja með því Frón-kremkex úr kökuboxi á meðan þeir þusa um búmál eða veðrið (oft tengjast málin svo mjög að má heita að þau séu eitt og hið sama). Balli minnti á þannig

bónda, jafnvel þótt hann drykki sitt mjólkurbland úr fani. Með allar sínar rollur á hreinu, ævinlega.

– Jájá, samsinnti Grimmi ofan í gaupnir sér og snéri bollanum enn um sjálfan sig á borðinu. Jájá, það held ég nú. Fjórar, já. Svo er að pússa og drífetta inn. Einhver kynni að kalla hann luntalegan og ekki fullkomlega að ósekju.

– Já, samsinnti Balli á móti og studdi sig við borðið, dæsti og gerði sig líklegan til að standa á fætur með látbragði hins verklúna bónda. Já. Bara að klára þetta helvíti, bara að kláraða. Drullessu út.

– Svo er það brettið með flönsunum. Bætti Grimmi við.

– Var búið að þvo þá? Einar leit ekki á karlana, eins og hann væri enn að koma til eftir hugleiðsluna og enn eimdi eftir af transáhrifum möntrunnar svörtu.

– Onei. Grimmi hristi höfuðið. Það þarf vætspritt á þetta, einhver djöfuls feiti á essu.

– Smyrja þeir etta eitthvað? Balli gerði sig ringlaðan á svip en svaraði sjálfur um hæl og gerðist þá alvarlegur, jújú, þegar þeir bora gengjurnar náttla.

Við það hafði enginn karlanna neinu að bæta. Þetta var áreiðanlega alveg hárrétt. Svo fjárrétt að þeir þurftu að ná andanum á eftir, ná áttum og orðum og öllu saman. Endurræsa eins og bíl sem drepur á sér á ljósum eða tölvu sem er andsetin og þarf særingar með. Hinn hvíta anda. Hvernig svosem á því stendur boruðu einhverjir þeir gengjurnar og smurðu.

– Það er ágætt sem þeir voru að segja um göngin, um göngin í útvarpinu núna áðan. Balli var fyrstur til að jafna sig.

– Nú, hvað var það, spurði Einar, sem ævinlega hlustaði á aðra rás en Balli.

– Þeir ætla að hafa veginn í gegn þríbreiðan. Þrí-helvítis-breiðan, maður! Ein akrein í austur, tvær hingað vesturyfir.

– Nú, hvers vegna í andskotanum er það? spurði Einar en Grimmi fylgdist með þar sem hann snéri bollanum hring eftir hring.

– Til að ráða betur við traffíkina bara. Bara hraðbraut inn í fjörðinn. Come on, guys! Let's party! sagði hann með amerískum hreim og hló bæði að eigin gamansemi og þeirra sem taka þvílíkar ákvarðanir.

Við þessa ágætu athugasemd var litlu að bæta. Því jæjuðu karlarnir bara dálítið, drápu aðeins á fótboltaúrslitin úr bænum og stóðu misþunglega á fætur (það er að segja Balli og Grimmi, Einar fékk sér aldrei sæti eins og við munum). Balli sturtaði í sig kaldri

restinni úr bollanum og þurrkaði sér um munninn. Skellti bollanum því næst aftur niður á borðið áður en hann kjagaði fram í sal. Þeir skoluðu ekki bollana sína, enginn þeirra, því svoleiðis gera karlar ekki á stöðum eins og þessum. Tóku bara til við verkefni morgunsins en þau er óþarft að rekja hér.

Þegar klukkan var tekin að ganga tólf og nóg um að vera á verkstæðinu hringdi móðir Einars, Annika Valsdóttir, í farsímann hans. Hann var þá upptekinn við að lakka forlata mótorhjólgrind sem gera átti upp en svaraði engu að síður símanum. Hann var góður piltur að því leyti og hafði alltaf verið. Þó að engin dagskrá lægi fyrir hafði Einar byrjað að búast við símtali upp úr klukkan tíu. Hann var ekki forspár en lærði af reynslunni. Þótt varasamt sé að taka nokkru sem gefnu átti Einar það til, eins og margir fleiri, að taka venjur fyrir lögmál. Í þessu tiltekna tilfelli má í dálitlu kæruleysi tala um *lögmálið um símtöl frá móðurinni*. Á milli tíu og tólf árdegis hringdi móðir hans. Fyrir kom að hún missti úr dag en það breytti því ekki að Einar vænti símtals alla daga. Símtalslausir síðmorgnar voru undantekningarnar sem sönnuðu regluna. Geirnegldu lögmálið á sinn stað í veröldinni. Sjáðu til, Anniku hafði ungri verið tjáð að hún væri óbyrja.

Læknavísindin voru þá enn óttalegt húmbúkk og greiningin mögulega afleiðing slæmra timburmanna en það breytti því ekki að þegar Einar kom í heiminn var hann álitinn kraftaverkabarn. Eins konar guðsgjöf. Þó ekki í hátimbruðum skilningi, en þú skilur hvað ég á við. Annika og Már eignuðust ekki fleiri börn og því naut Einar alla tíð óskiptrar ástar móður sinnar. Um það var þískrað að hún væri að kæfa strákinn, að hann yrði skríttinn eða öfugur. Ekki varð hann hommi en hvort hann varð skríttinn skal ég ekki segja. Hvað um það, alltaf var samband þeirra náíð. Á síðari árum höfðu þau þó gert með sér sáttmála sem engin orð voru höfð um. Einar kvartaði ekki undan umsvifum móður sinnar gegn því að hún hringdi fremur en mætti til hans óforvarendis. Yrði hún nauðsynlega að hitta hann í eigin persónu skyldi hún í öllu falli hringja á undan sér. Hvort við líkjum þessu

fyrirkomulagi feðginanna við skynsamlegan viðskiptasamning eða bráðnauðsynlegan vopnahléssáttmála er undirorpið okkar eigin innri gerð. Nóg um það. Anniku lá fremur hátt rómur og var einatt mikið niðri fyrir enda hringdi hún ekki nema nauðsyn bæri til

– Sæl og blessuð, sagði Einar og gerði sér upp kæti (skap hans hafði þó sannarlega batnað nokkuð eftir því sem leið á morguninn).

– Einar minn, hæ, er ég nokkuð að trufla? spurði Annika og hélt áfram: ég var að velta því fyrir mér hvort þú gætir Kannski kippt mér með til Dúnu í kvöld? Dúna var systurdóttir Anniku og einskonar dótturígildi hennar líka. Jóhanna systir hennar, Dúna

eldri, hafði dáið þegar Dúna yngri var barn (hún lést úr krabba, nánar tiltekið afar sjaldgæfu eitlakrabbameini). Dúna var fjörmikil kona og Einari var vel við hana. Dúna þoldi ekki fyrrverandi eiginkonu Einars og var óhrædd við að láta andúð sína í ljós. Einari var það ekki móti skapi.

– Er afmælið í kvöld?

– Jájá, það er í kvöld. Heldurðu að þú lítir ekki við? Þau eru búin að vera að stússast í þessu alla vikuna, alveg á haus. Ég held hún hafi talað um snittur fyrir alla Svalbarðseyringa. Hún hefur bara gaman af þessu. Hún verður náttúrulega bara fimmtug einu sinni, ha. Heldurðu að ég fái ekki að fljóta með, vinur?

– Bíllinn er bilaður, laug Einar fyrr en hann vissi af.

– Hvað segirðu? Þú ættir nú að fá þér nýjan, elskan. Það er ekkert vit að vera á þetta gömlum bíl, er það? Þú ættir að fá þér nýjan. En ertu þá bíllaus?

– Já, laug Einar, sjálfum sér samkvæmur. Ætli ég taki ekki bara leigubíl, bætti hann við. Það kom Einari sjálfum nokkuð á óvart hversu áreynslulítið honum reyndist að ljúga að móður sinni. Jafnvel þótt lygin væri lítil.

– Það er orðið svo dýrt að hringja á bíl, maldaði Annika í móinn.

– Ekki svona einu sinni, er það? Taktu bara bíl. Við sjáumst svo þar útfrá.

Annika gaf syni sínum ekki færi á því að kveðja heldur spurði um leið og hann hafði sleppt orðinu:

– Þú manst að þetta er grímuball, grímupartý, Einar minn. Ertu ekki búinn að útvega þér búning? Þú verður að koma í búningi.

– Nei, en ég redda því, laug Einar áfram. Hann hafði ekki gleymt því að afmælisveislan væri grímuball en hann þurfti ekki að útvega sér búning. Einar átti nefnilega grímubúning (því finnst þér erfitt að trúa, ekki satt?). Móðir hans vissi ekki af því frekar en flestir aðrir en hann hafði um nokkurt skeið átt forláta trúðabúning hangandi inni í skáp. Nánar að honum síðar. Einar kvaddi nú móður sína sem féllst á það með semingi að taka leigubíl í veisluna, jafnvel þótt það væri orðið svo dýrt sem raun var.

Einar tók aftur til við að lakka vélhjólgrindina (svarta, háglans), lauk því verki síðan og sinnti öðrum áþekkingum það sem eftir lifði vinnudags ef frá eru taldar tæpar tuttugu mínútur sem hann notaði til að drekka afganginn af hristingnum frá því um morguninn og fletta sjónvarpsdagskránni, rúmar tíu mínútur þegar hann settist niður til að fá sér kaffi um fjögurleytið og nokkur símtöl sem hann svaraði. Senn var klukkan orðin kortér í sex

og Einar tygjaði sig heim á glæpsnaut sínum jeppanum, óhræddur við að bílprófslaus móðir hans sæi hann á bílnum.

II.

Að kvöldi hins 5. ágúst 2011/aðfaranótt þess 6.

a. (veislan)

Skvaldrið var hnausþykkt og tónlistin hávær. Á einhvern hátt bæði eitt órofa óhljóðaflóð og ótal stimplandi bullur í senn. Svona eins og gengur í partýum, á alvöru ralli þar sem er sprútt og sprell og annars dagfarsprútt fólk að lyfta sér á kreik. En það sem verra var, að Einari okkar fannst: tónlistin var leiðinleg. Framan af hafði hún svosem ekki angrað hann en eftir því sem leið á kvöldið og losnaði um hömlur skrautbúinna boðsgesta hafði hún tekið að hækka. Ekki jafnt og þétt heldur í fáum, skörpum rykkjum. Öllu heldur höfðu fyrrnefndir gestir tekið að skrúfa upp í henni. Skrúfa æðislega skarpt upp í henni.

Nú flóði og svall skvaldurblandað danspopp liðinna áratuga um salinn allan eins og drullublandinn sápulögur um niðurfall sem ekkert leiðir. Loftið var dásamlega ísúrt af áfengisgufum, svita og mæjónesi. Móðir Einars og aðrir boðsgestir í eldri kantinum voru horfnir á braut svo aðeins eftir voru hinir þrekmeiri. Þeir sem höfðu af uppsafnaðri lífsorku að sjá – eða létust hafa það. Einar gat ekki gert upp við sig hvort angraði hann meira, nei, hvað angraði hann mest: leiðinleg tónlistin eða hljómstyrkurinn (að líkindum var það hvorttveggja); eða skvaldrið sem slíkt eða það sem sagt var (aftur, að líkindum hvorttveggja). Í ofanálag sárklæjaði hann í andlitið undan málningunni. Hárkolluna sem fylgdi búningnum (sem hann hafði vel að merkja keypt á skransölu nokkrum árum fyrr, hann kostaði enda ekki neitt neitt og var svo sem orð bera vitni að borga sig) hafði hann fyrir löngu tekið af sér eftir að hafa dregið út úr sér krullað nælonhár þar sem hann tuggði rækjusnittu.

Þar sem Einar sat dálítið hokinn við svo til autt langborð fjærst dyrunum að salnum og saup á rommi í kók sem hann hafði þó litla lyst á langaði hann helst heim.

Einhversstaðar inni í sér langaði hann reyndar að lyfta sér upp, það er að segja, hann langaði til að langa að ralla. Dulvitundina og id langaði í geim. Þau vissu sem var að ef stráksi bara hundskaðist til að skvetta í sig nokkrum tvöföldum, varla nema þremur eða fjórum, myndi losna um rembihnútinn á tungunni, hann myndi byrja að brosa og hlæja og jafnvel taka snúning. Klunnalegan, það er áreiðanlegt, en snúning engu að síður.

Þrjúhundruðogsextíu gráður, gefum okkur einsog fimm til eða frá. Hann gæti jú rutt sér leið að hljómtækjunum eins og hver annar vitleysingurinn og vali lag. Og hann myndi hafa gaman af, biddu fyrir þér. Því mátti hann af reynslu gera ráð fyrir. En hann bara fékk sig ekki til þess. Andleysi áfram, algert stopp, eins og einhversstaðar segir.

Þetta held ég, og nú er ég bara að fabúlera, að hafi verið hin fullkomna mynd þess að nenna ekki. Hin platónska ídea þess fullyrði ég nærri því (þú skilur hvað ég er að fara, mynd í orðabók og allt það). Vegna þess, segi ég af bestu vitund, að ekki var að sjá að neitt sérstakt stæði í vegi fyrir honum annað. Nóg var áfengið, allar mögulegar sortir (og Einar Mátsson rennismiður var hrifinn af áfengi og áhrifum þess); í veislunni var fjöldi fólks sem hann kunni ágætlega við og nokkrir sem féllu honum stórvel; enginn myndi fetta fingur út í það þó hann fengi sér, ekki beið hans heima kona og engin börn heldur; hann þurfti ekki að mæta til vinnu daginn eftir, eða sinna öðrum brýnum erindum og átti hvort sem var ekki vanda til þess að þjást mjög af timburmönnum. Hann bara nennti ekki og það af öllum lífs og sálar kröftum. Af öllum sálarkröftum að minnsta kosti. Þvílík einurð.

Svo gerðist það einhvern tímann rétt um þetta bil kvölds sem segja má að hafi markað upphafið að ævintýri Einars. Það er að segja efnisleg tengsl hans við veruleikann komust í uppnám. Það bar þannig til að hann fann seyðing kvikna eins og sjálfsprottinn í fingrunum sem héldu um plastmálið; ekki léttan seyðing eða leikandi – alls engan fiðring – heldur þungan og þrúgandi, sem svo fikraði sig örugglega upp eftir handleggnum eins og Suðurherirnir þýzku átu sig austur yfir Úkraínu og Belarúss á sínum tíma. Svo blikkaði veröldin, sló inn og út dálítið eins og lélegri útsendingu. Öldur ljósvakans og það allt. Eins og sápuóperu á Jan Mayen. Inn – út. Hún – svo ekkert. Aftur var hún – svo ekkert.

Þar sem Einar sat og fylgdist með Agli föðurbróður sínum sveifla Snæfríði konu sinni í glæsilegan hring á dansgólfinu fann hann hvernig hinir ókennilegu logar, hvorki efnislegir né óefnislegir (eða hvað er óefnislegt hvar víkur að mannlífinu?) lögðu skrokk hans undir sig. Og veröldin blikaði, er – er ekki; er – er ekki. Nú kraumaði hann frá

fungurgómum og langleiðina niður gulröndóttar buxurnar að fáránlega stórum skónum. Hvernig sem á því stóð þóttist Einar vita að ástandið væri ekki beinlínis líkamlegt, heldur af sálvefrænum toga (þótt ekki notaði hann það orð), að þar slægi saman anda og efni sem jafnvel jarðbundinn maður á borð við Einar vissi að gæti ekki vitað á gott. Er – er ekki; er – er ekki. Verund sló út og inn á ný, sambandið var slæmt.

Þar sem Einar sat boginn, ríghélt enn í plastmálið og bæði logaði frá hvirfli til ilja og flökti eins og óskýr mynd á sjónvarpi komst hann á þá skoðun að hann yrði að grípa til sinna ráða ef hann ætlaði yfirleitt að hafa kvöldið af. Eins og hann mat stöðuna hafði hann um tvennt að velja: 1. Að brenna upp hér og nú, þar og þá, í þessu afmæli og taka því með reisu. Það væri þá ef til vill það sem stundum er kallað á áhugalæknamáli að krepera eða pissa út; eða: 2. Að hundskast út, laga loftnetið og reyna að slökkva í sér. Kannske var ekki um neitt að velja, kannske myndi hann brenna sama hvað eða slá endanlega út. Sambandið myndi rofna. En hann hafði alltént um það að velja að reyna eða ekki að reyna. Að reyna bara eitthvað eða alls ekki neitt. Valið reyndist honum fremur auðvelt. Hann kærði sig ekki um að brenna upp sitjandi við sóðalegt langborð í þessum vikivaka sem leið ekki heila hugsun. Nei, ekki fyrst hann var ekki fyllri en raun bar vitni. Það væri svo ósköp vesælt. Örlög manns liggja nú samt að nógu miklu leyti hjá öðrum völdum en eigin vilja og afli, áleit Einar. Hann hellti rommblöndunni því í sig í einum gúlsopa. Gretti sig svo, þurrkaði það með erminni sem slest hafði út á kinnar og stóð á fætur. Hluti andlitsmálningarinnar fór með eiturdrykknum í ermina en honum var sama.

Helst hefði hann viljað stinga sér óséður út og íhugaði það þar sem hann fetaði sig klunnalega eins og skíðagöngukappi í messu á milli stólanna, borðanna, snakkskálanna, snittanna, sælgætisins, rifrildanna, plastmálanna, pappadiskanna, vínslettanna, tyggjóklessanna, horsins, bjórdósanna og alls hins. Hann afréð þó að kveðja og þakka fyrir sig. Hann fann sig knúinn til þess og réð ekki við sig frekar en fuglar sem tísta. Hvernig sem á því stóð. Af skyldurækni hugsa ég. Öllu heldur einhverjum kokkteil af góðum siðum sem börnum eru tamdir, svo rækilega innprentaðir að jafnvel sálvefrænar hamfarir fá þeim ekki hnikað. En ekki meira um það hér.

Afmælisbarnið rykkist í krampakenndum transi til á dansgólfinu sem rutt hafði verið í salnum miðjum ásamt fleirum andsetnum gestum. Dans er einkennilegt fyrirbrigði, andskoti vítt hugtak, hugsaði Einar meinlega með sér en hafði ekki gaman af og kleip sig í lærið til að draga athyglina frá seyðingnum sem nú líktist frekar bruna í húðinni og teygði sig alla leið inn að kviku. Hann sigldi milli blaðskellandi og að því er sumpart virtist

spastískra skerja, inn gólfið og lagði hönd á öxl afmælisbarnsins sem í fyrstu virtist ekki verða hans vart. Hann hallaði sér fast upp að henni og studdi sig við öxl hennar.

– Ég þakka fyrir mig, Dúna mín. Ætla að fara að koma mér. Í engu var að sjá að þar færi maður sem var á mörkum þess að fuðra upp úr raunveruleikanum. Er – er ekki; er – er ekki, o.s.frv. Dúna sveiflaði sér í hring og greip um hann.

– Hva segir, Einsí? Ekki einn dans, einn dans fyrir Dúnu?

Einar reyndi að brosa svo úr varð sorgleg geifla.

– Ég þakka fyrir mig, Dúna mín, endurtók hann lítið eitt hærra og bætti við: Ætla að fara að koma mér. Hann reyndi enn að brosa. Brosi hins brennandi manns. Hafi heilagur Brúnó brosað á kestinu var þá áreiðanlega svipað.

– Æ, nei, Einsí litli, ætlarðu að fara strax! Hún var sveitt á enninu og rjóð í kinnunum. Kanskje var það farðinn, en það skiptir ekki höfuðmáli. Hann kyssti hana á aðra rjóðu kinnina og gerði sitt allra besta til að brosa.

– Já, ég verð að fara að koma mér.

Hann sleit sig lausan en hélt enn í hönd Dúnu á meðan hann bakkaði í átt að dyrunum. Hinar ókennilegu glöppur í útsendingu veruleikans lengdust fremur en hitt. Lóðrétt í gegnum flatann glauminn barst suð. Hvinur. Utan í Einar nudduðust og rákust spælóttir herforingjar, sveittir prestar og blóðskyldir uppvakningar. Dúna setti upp ýkta skeifu eins og frekt, miðaldra barn og hann muldraði einhverjar lygar um þreytu og vinnu og blóðsykur, en bæði skeifan og muldrið fuðruðu upp í glauminn. Eins og vera ber gleymdi afmælisbarnið Einari undireins (ekki svo að segja að hún hafi verið sérstaklega hviklynd, síður en svo, aðstæðurnar voru einfaldlega slíkar) og þar sem hann kom að dyrum salarins sá hann hvar hún dansaði á ný eins og andsetin í iðandi mergðinni, fullkomlega skeytingslaus um myndhverfðan dauða eins trúðs. Hún minntist ekki á kaktusinn sem hann færði henni. Sjáiði til, Einar gaf aldrei blóm, fékk sig ekki til þess vegna þess hve skammæ þau eru. Henni til varnar hafði hún reyndar þakkað honum innilega fyrir plöntuna fyrr um kvöldið.

– Farinn?

Á bak við Einar stóð Unnþór frændi hans (Einar hélt alltént að þeir væru frændur, þótt hann vissi satt best að segja ekki hvaða skyldleikar væru þeirra á milli) með björglas í hendi. Augasteinarnir syntu um andlitið eins og skrautfiskar í sultukrukku. Hann var með öðrum orðum mjög ölvaður. Blindfullur. Bara rétt oggulítið hífaður.

– Já, ég þarf að drífa mig, svaraði Einar. Er – er ekki; er – er ekki.

– Hvað þarftu fara?

– Ég þarf að koma við á verkstæðinu. Hvern andskotann kom manningnum það við hvert hann var að fara, hugsaði Einar með sér, eða hvers vegna? Einari féll ekki ýkja vel við Unnþór, sem var klæddur í dökkbláan vinnusamfesting og með logsuðugrímu á höfðinu. Ef Einar misminnti ekki (sem hann gerði ekki) var Unnþór mannauðsstjóri hjá bænum. Nú var kjötkveðjuhátíð. Allt leyfilegt.

– Ókei, vinur. Farðu vel með þig. Unnþór kjagaði að svo búnu inn á dansgólfið, greip í kvenlega vaxinn matreiðslumeistara með yfirvaraskegg og skók hann til. Einar fylgdist með honum hella úr glasinu sínu á gólfið og hlæja að. Hans yrði ekki saknað úr þessari messu. Útsendingarskilyrðin versnuðu enn, á milli loganna var nú ekkert, líkt og viðtækið væri að gefast upp.

Einar klæddi sig úr trúðaskónum og stakk þeim í þvældan plastpoka sem hann hafði dregið upp úr buxnavasanum. Rjómahvítir göngusokkarnir stungu á traustvekjandi máta í stúf við búninginn. Þarna var hann jú enn, hann sjálfur – sokkar og allt, undir múnderingunni. Einhversstaðar voru líka nærbuxur sem hann hafði farið í tveimur dögum fyrr, nokkur bringuhár og sitthvað fleira sem óþarft er að nefna. Flest það sem til heyrir, sem tilheyrði Einari Mássyni vélsmiði án grímubúnings. Hann reimaði á sig hlaupaskóna sem hann hafði komið fyrir undir fatahenginu og steig út fyrir. Sjálfsagt skríktu einhversstaðar fuglar og áreiðanlega mátti líka greina bílhljóð ef vel var að gáð en í samanburði við djöfulganginn inni fannst honum sem allt væri hljótt, sem næturróin væri alger og órofa þegar hurðin hafði skolið aftur að baki honum. Úti var bjart og það viðraði ágætlega. Örlítil úði ósaði um loftið frekar en féll, svo að ómögulega gat kallast rigning. Þó var hann áreiðanlega nógur til að andlitsmálningin rynni enn frekar til á ferð trúðsins út á verkstæði. Einar leit snögg til himins og skokkaði af stað. Hann logaði ekki lengur. Útsendingin varð stöðugri, glöppurnar í rénum. Ekkert var að heyra annað en skært hringlið í bjöllumum sem héngu niður úr kraganum á búningnum.

b. (óminnishaf)

Þegar Einar skokkaði af stað í norðurátt eftir samviskusamlega útskitnum reiðstíg sem lá skammt ofan bæjarins, flaug honum í hug að skreppa dálítinn sveitarrúnt á laugardeginum (hann hafði hreinlega gleymt því á þessum tímapunkti að hann hafði logið bílinn bilaðan); hann gæti til dæmis keyrt austur fyrir heiði í skóginn eða jafnvel haldið áfram enn lengra austur eftir. Bara eins og honum sýndist. Hann átti það til að bregða sér í dagslangar ökuferðir um helgar. Fór þá bara þangað sem honum datt í hug þá stundina, eins langt og hann komst á hálfum degi – seinni dagspartinn þurfti hann til að koma sér aftur í bæinn. Stundum tók hann með sér gönguskó og skokkaði upp á hæðir eða lítil fjöll, ef hann var þannig fyrirkallaður eða aðstæðurnar lokkandi. Hæðir eru svo mismunandi frá degi til dags, um það erum við Einar sammála. Hæð sem gráan haustdag getur helst minnst á Hauskúpuhæðina palestínsku getur undir öðrum kringumstæðum hreinlega virst kalla á mann að klífa sig, eins og ófleyg sírena úr grjótruðningi og hreindýramosa.

Í þessar ferðir tók Einar oft með sér nesti, mjólkurblandað kaffi á hitabrúsa, orkuhristing – líka á hitabrúsa – brauðmeti og eitthvað sælgæti. En það kom líka fyrir að hann heimsækti gamla vini, sem allnokkrir voru dreifðir um sveitirnar austur af bænum. Þá var nestið óþarfi, nema hristingurinn sem ekki mátti vanta, aldrei. Allt valt þetta á því aðeins hvernig Einar var fyrirkallaður einmitt þá stundina. Engu öðru. Nema ef til vill veðri, já eða vegaf framkvæmdum. Hann hugsaði stundum með sér að starfsmenn Vegagerðarinnar virtust aldrei iðnari en einmitt þegar Einar fann til löngunar að aka einhvern þeirra mörgu vegkafla á þjóðveginum sem þörfnuðust viðgerðar. Frjóum nýaldarsinna gæti dottið í hug að fyrir árekstrum Einars og Vegagerðarinnar stæði eitthvert kosmískt afl, jafnvel að hér væri hið forn-indverska karma-lögmál að verki (ég trúi ekki á hvítþvotta og fölskva og Einar var sannarlega ekki fullkominn, þótt hann hefði ýmislegt stórkostlegt til síns ágætis). En Einar trúði vitanlega ekki á slíkt. Ekki að nefna það. Einar var raunar svo andsnúinn hinum óútskýranlegu hliðum tilverunnar að hann kærði sig ekki einu sinni um að lesa bækur þar sem dulræn öfl komu við sögu; hann náði ekki minnsta sambandi við Meistara og Margarítu Búlgakovs sem móðir hans færði honum einhverju sinni eftir ferð á nytjamarkað Hjalpræðishersins. Þvættingur eða eitthvað viðlíka hugsaði hann með sér. Nei, Einar vildi sagnfræði, þjóðlegan fróðleik og ævisögur. Sem sagt, ekkert karma; ekki frekar en samsara, nirvana, Blavatský, tarot og útfrymisholdgervingar. En stríðni Vegagerðarinnar átti til að koma honum á óvart, því er ekki að neita.

Einar hafði ekki skokkað lengi þegar hann sá hvar maður kom gangandi á móti honum. Maðurinn var feitlaginn og með alskegg. Yrði að lýsa útliti hans í einu orði mætti segja apalegur. Þegar þeir nálgust hvor annan stoppaði maðurinn og horfði til Einars. Hann studdi sig virðulega við gamlan skíðastaf. Einar hljóp áfram en maðurinn stóð kyrr. Þegar Einar var kominn í talfæri rétti maðurinn upp hönd, heilsaði.

– Kvöldið! Röddin var furðu há, ef til vill væri nær að segja að hún hafi ekki verið nógu djúp til að hæfa vömbinni og skegginu.

– Kvöldið, svaraði Einar og stoppaði.

– Er, aaa, sirkus í bænum, hmm?

Einari vafðist tunga um tönn og hann hikstaði dálítið (við vitum það svo sem að hann var ekki manna lunknastur í mannlegum samskiptum). Áður en hann kom fyrir sig orði hafði göngumaðurinn teygt sig yfir að honum og hringlað einni bjöllumni í kraganum til. Hver andskotinn, hugsaði Einar með sér og stundi upp:

– Hva...? Því næst beygði hann sig niður á annað hnéð og fiktaði í skóreimunum sem þó voru vel hnýttar.

– Ég var á dansleik, ýkti Einar þegar hann gerði sér grein fyrir því hvað maðurinn átti við, mundi að hann var enn í gulröndóttum pólýesterbúningnum og með kámuga andlitsmálningu í andlitinu.

Maðurinn hló hvellt, reiddi stafinn upp á öxlina eins og riffil og studdi sig við grænmálað hlið á girðingunni sem lá með fram stígnum. Ekki var að sjá að hliðið lægi yfirleitt nokkuð, eða kannske lá það hvert sem er. Að sölnuðu túninu í hliðinni og alls þar fyrir handan.

– Grímuböll eru fjári skemmtileg, ha? sagði hliðvörðurinn og brosti. Kinkaði dálítið kalli. Gerðist síðan alvarlegri, ræskti sig, spýtti grágrænni slummu út í grasið og bætti við: Hér, eee, ertu mögulega á leið norður að Fjölnisbraut, hjá steypustöðinni, hmm?

Einar skildi ekki hví maðurinn spurði hann þessa en jánkaði. Fiktaði enn í reimunum, leysti slaufurnar og hnýtti þær svo aftur. Hnýtti þær fastar og jafnar, fullkomlega samhverfar.

– Já, fyrirgefðu en, ee, ég vildi bara benda þér á að leiðin er alveg hundleiðinleg. Alveg hund-hund. Þeir eru búnir að fletta upp malbikinu á stígnum þar fyrir ofan á heillöngum kafla. Ég veit ekki hvað í ósköpunum þeir eru eiginlega að brasa þarna, ööö, en það er alla vega allt-allt sundurgrafið, jájá, hyldjúpir skurðir. Þú veist bara af því.

– Ég get hlaupið á grasinu, hafði Einar svarað áður en honum kom það til hugar að mannum sem hafði svosem bara ætlað að vera liðlegur, eða svo var að sjá, kæmi ef til vill ekki vitund við hvernig Einar nýtti sér þessar upplýsingar. Einar var þannig skapi farinn; eins auðveldlega og fólk gat í mesta sakleysi rekið óhaggandi fleyga á milli þeirra með stöku orði eða athæfi gat það líka unnið hann ofurauðveldlega á sitt band. Jafnt þótt hann skildi ekki hví það væri yfirleitt að eyða í hann orðum. Að þessu leyti minnti skapferli hans dálítið á suma hunda, þessa þægilegu seppa sem ekki virðast þurfa meira en létt klapp á kollinn eða klór bak við eyra til að taka skilyrðislausu ástfóstri eða tryggðarbandi við manneskju. Þó kæmi mér ekki til hugar að líkja Einari við hund, aldrei nokkurn tímann; ég nota líkinguna aðeins til að skýra þetta tiltekna og afmarkaða skapgerðareinkenni, færa það í kunnuglegan búning. Nóg um það.

Einar jæjaði dálítið og hristi fótleggina eins og hann hafði séð frjálfsþróttamenn gera, ekki vegna þess að honum væri kalt eða vöðvarnir farnir að stirðna, heldur til að gefa hinum hugulsama samverja lymskulega til kynna að nú væri mál að kveðja og að hvor héldi sína leið. Norður – suður.

– Já, jæja, ætli maður verði ekki að fara að hundskast, hmm, svo konan hringi ekki út leitarflokk, sagði maðurinn eftirtektarsami og hló ekki ólíkt klassískt þjálfuðum leikara. Það væri laglegt, ha! bætti hann svo við og sló stafnum þrisvar niður í malbikið svo small í.

– Blessaður, svaraði Einar og var þegar hlaupinn af stað. Honum var létt, skórnir hans helst til þétt reimaðir og hrynjandi tilverunnar virtist um sinn viðráðanleg. Og þakka þér fyrir, bætti hann við um öxl, þótt honum þætti þetta allt saman reyndar óþarfleg dramatík í mannum. Ætli sé ekki lýjandi að mæta hvaða smávægilega atviki, hvaða smotterí sem að höndum ber eins og stórkostlegri rimmu? Að setja sig í stríðsstellingar út af uppbrotnum göngustíg. Jú, hugsaði Einar handviss með sér, í því að hrossagaukur hneggjaði leikrænt einhversstaðar úti yfir túni og enn úðaðist af himni. Væri ég skáld en ekki einfaldlega vitni myndi ég breyta ytri aðstæðum þessa kvölds. Byrja á því að sleppa úðanum og gera svo heldur dimmara yfir öllu. Skrúfa niður ljósin. En þessi texti er bara einföld frásögn mín af því sem í raun og sanni gerðist svo þú, kæri lesandi, verður að umbera hinar melódramatísku kringumstæður. Stundum á heimurinn ekkert skylt við góðan skáldskap, er hreinasta sápuópera. Og stundum er hann fantasía, á við þær sem Einari voru svo á móti skapi. Hvað um það. Maðurinn horfði um stund á eftir Einari með þybbnar hendur í vösum og stafinn í armkrikanum en hélt svo sína leið. Suður eftir útskitnum reiðstígnum hugsa ég eða inn í hól.

Aðeins fáum mínútum og varla meira en tveimur kílómetrum eftir að Einar kvaddi miskunnsama Samverjann hljóp hann fram á ofangreint rask á leiðinni. Sá miskunnsami hafði engu logið. Stígurinn hafði verið ristur upp á um það bil hundrað metra kafla, malbikinu flett upp til hliðanna eins og kviði á konu í keisaraskurði og síðan mokuð djúp gryfja í sárið. Einar rýndi dálítið niður í skurðinn þar sem hann stóð á malbiksbrúninni, en í lúmskri miðnæturbirtunni sá hann ekki til botns. Svarbrúnnum tónum sló saman við svarta og kolgráa svo rann saman í einn sorta. Þó fór ekki á milli mála að hvorki var vatnsæð né raflögn þar niðri, aðeins svört holan; svart holið. Einar mundi brunann, mundi úfinn tannburstann frá því um morguninn, líka heilsuhristinginn og vaskinn, mundi símtölin, kaffið og kexið og jáin og neiin og vertublessin og tók skref ofan í skurðinn. Hann kúventist hægt og rólega og fyrr en varði stóð hann á göngustígnum neðanverðum. Þó – það er öruggt – var Einar ekki ofan í neinu. Hann var frekar ofan á einhverju, utan einhvers, hjá einhverju eða við eitthvað; fjarri öllu en þó í miðju þess. Hann var í engu falli ofan í Akureyri, svo mikið er víst. Hvergi en allsstaðar. Á öndverðum göngustíg en þó hreint ekki.

Já, ég sagði einmitt það. Hann stóð í einu tilliti á göngustígnum neðanverðum. Einu eða öðru tilliti, einhverju tilliti. Það kostaði enga fyrirhöfn, ólíkt því sem ætla mætti; engin átök, læti eða undur. Gerðist bara sisvona. Eðlilega, eins og öreindir hverfa og birtast jafnharðan á nýjan leik á nýjum stað, stóð hann uppréttur og horfði niður á milli fóta sér á ljósgráan himininn yfir bænum (nú reyni ég bara að lýsa upplifun Einars sjálfs eins og best ég get, eins nákvæmlega og mér er unnt). Hann leit upp og sá hvernig ýmsu sem líktist drögum að veruleikum hafði verið klambrað saman svoleiðis að aldrei gæti farið á milli mála að þar blöstu við hálfkörüð verk, uppköst, tilraunir og frumgerðir. Þó ekki eins og sundurhlutuð bíldrúsla á verkstæði eða einu sinni óklárað flugvélmódel; frekar eins og ein þessara rúðustrikuðu rifblaðabóka sem fólk notar undir ýmislegt pír og útreikninga. Já, að vissu leyti í ætt við slíka bók, þeoretískt, ef svo má segja, en umhorfs líktist staðurinn þó frekar...alls ekki neinu. Hreinskilnast er að segja eins og er, orð og líkingar færa þig litlu nær þeim aðstæðum sem Einar var nú staddur í. Og þó, reyndu nú af besta mætti að ímynda þér undrun Einars þegar hann stóð á svo framandi stað að honum verður ómögulega lýst (að því gefnu að þú treystir mér; treystir frásögn minni og gáfum. Ég gef mér að þú gerir það og fer aðeins fram á hóflegt mótframlag).

Þegar slík undrun hellist yfir mann er ekki að sjá að hann verði fyrir svo mikið sem minnstu hughrifum. Öll skynjun og skynsemi ofhlaðast með slíku offorsi að viðkomandi

fallast algerlega hendur, hann gefst upp fyrir þversögninni sem við honum blasir og gerir ekki nokkurn skapaðan hlut sem maður ætlar þeim sem verður virkilega undrandi. Nefnist þetta lögmálið um hundinn Súnyatā (Sjúnjata). Skynsemin fuðrar, dálítil skvetta úr ilmvatnsglasi í stormi og öll skynfæri virðast verða vita gagnslaus. Fólk í sambærilegum aðstæðum á það til að kveikja sér í sígarettu, ef það reykir, sumir fá sér tyggjó úr pakka og margir klóra sér í höfðinu. Sem – þegar maður brýtur atvikið niður, greinir það og metur – er líka óskiljanlegt. Fáránlegt. Hlægilegt. Nær væri að öskra upp yfir sig, að rífa í hárið, láta sig falla niður á hnén og kjökra. Taka á öllu sínu eða gefast fullkomlega upp. Eða það finnst manni í fljótu bragði. Við erum komin fram yfir mörk þess sem mjatlar fram í takti við veruleikann eins og við eða þú eða þið þekkið hann. Komin handan þess sem lesa má um í handbók bandaríska geðlæknafélagsins, þangað sem Philip K. Dick komst aldrei og þar sem steinsteypa er jafn rökleg framvinda íþróttakappleiks og skrámuvarin sjóngler eða mínótárar og þar sem sýra drýpur af hverju stráí, líka smjör og ef til vill margarín og það sem er ekki er nú samt og svo framvegis og þar fram eftir götunum, ormagöngunum og bylgjum ljósvakans (sem eru svo eftir allt saman í besta falli sniðug lína úr Stuðmannalagi – þó ekki hér!). Svo Einar bara stóð að því er virtist nokkuð yfirvegaður í trúðabúning og hlaupaskóm og horfði niður í gegnum malbikið neðanvert á himininn milli fóta sér. Og hann dæsti. Hann klóraði sér í kollinum, tók um hökuna og dæsti dálítið meira. Því næst leit hann aftur upp og fram fyrir sig, út í sundurbrotinn sortann, sem var á köflum eins ljós og sólin sjálf en þó ekkert eins og sólin. Líka eins skínandi hvítur og Messier-fyrirbrigði 104, stjörnuþokan Sombreró (þú veist, mexíkanahattur) og þó alls ekki svoleiðis heldur. Ekki vitund en samt svo fullkomlega. Og þar sem hann var myrkastur var hann ekkert eins og desembernótt á Sprengisandi, ekki vitund eins og nótt í sandstormi í Sahara og hvað þá eins og svarthol í hjarta stjörnuþoku. Og þó. Þó... Og aldrei svartur, ekki eins og maður skilur það orð allajafna. Ekkert „og þó.“ Og hljóðin sem Einar heyrði minntu ekki vitund á stunur og smelli sútunarvélar, ekki heldur á stórmarkað á háannatíma og alls ekki neitt á dansleiki við hirð Lúðvíks fjórtánda, sólkonungs. Ekki á sprengihreyfil bensínvélar, hvell orrustuþotu sem rýfur hljóðmúrinn eða skarkala í réttum um haust; ekki á jeppann hans gamla, ekki á hljómtækjasamstæðuna í veislunni, samfarahljóð inni á snyrtingu eða loftræstikerfið á verkstæðinu. Eða fæðingu og geimskot, bænakall og ljónsöskur og fótatak draugs og og og og og og líka líka ásamt einsog – þú skilur. Alls ekki neitt og kannske þetta allt saman. Óljósir drættir eru oft svo erfiðir að bera

kennsl á. Það er eiginlega sérstökt list. Mikil list, alveg mögnuð. Mergjuð. Það er að sjá í raun. Einar gekk af stað, hann gekk ekki neitt.

Fyrst gekk Einar áfram, síðan gekk hann beint upp. Á tímabili gekk hann niðurfyrir sig og vegna þess hve hann var utan við sig gekk hann um sinn í hringi, fór framúr sjálfum sér og var svo skammt á eftir sér. Steig inn fyrir sig en fyrr en varði var hann utan við sig. Hann var löngu hættur að sjá til himins en honum var sama. Hann bara gekk og las í párið. Að honum kom maður. Maðurinn var klæddur laglegum ullarjakkafötum og vesti og á milli vestisvasanna hékk silfurkeðja. Hann var ljóshærður, með stutt hár sem greitt var aftur og snyrtilegt skegg. Einar tók ekki eftir manninum fyrr en hann greip í handlegginn á honum.

– Hægan, væni minn, sagði maðurinn.

– Hægan, vinur, svaraði Einar og brosti. Honum var létt, óskaplega létt. Hann hægði á göngunni og horfði beint í augu mannsins. Sá þar bragandi norðurljós á himninum yfir Langanesi í febrúar. Naut sýnarinnar.

– Mætti ég spyrja þig að nafni, spurði Einar áður en maðurinn fékk sagt fleira og vandaði sig svo við að bera orðin fram að effið hélt sér í síðasta orðinu sem valt með viðhöfn út á milli varanna.

– Ég heiti Helgi, svaraði maðurinn þurrlega eins og réttsýnn embættismaður utan vinnutíma og sleppti takinu á Einari. Strauk svo yfir vestisbrjóstið eins og til að slétta úr efninu þótt engar misfellur væri að sjá. Það þýðir svosem ekki að engar hafi verið.

– Ég heiti Helgi, endurtók skattheimtumaðurinn og bætti dálítið hátíðlega við: og vil eiga við þig orð. Einar dró djúp andann en fann enga lykt. Ekki minnsta snefil af okkar ýmist vel eða illa þefjandi veröld. En hann fann hugsunina skýrast og blés út um munninn eins og amma hans hafði kennt honum sem barni. Hann fann það líka að þótt maðurinn væri fremur stífur að sjá þyrfti Einar ekki að óttast hann. Síður en svo. Maðurinn var, vissi Einar einhvern veginn, í beinu sambandi við algott hjarta alheimsins sem mátti sjá hvar sló hátt í fjarskanum, óendanlega bjart og svotil fullkomlega hlýtt og gert af hreinum massa í fullkominni andstæðu við tómið sem umlykur sérhverja efniseind (þetta þyrfti enginn að segja Einari, þetta einfaldlega blasti við honum).

– Endilega, eigðu við mig orð, flissaði Einar feimnislega. Hann var naumast með sjálfum sér, hugsaði hann með sér og hugsaði svo með sér að hann hugsaði það með sér en gat þó ómögulega hætt að flissa. Þó var hann á einhvern hátt svo fullkomlega með sjálfum sér, alveg heill, hugsaði hann líka og flissaði enn meira að vitleysunni í sjálfum sér.

Ef ég vissi ekki betur segði ég að Einar hefði verið eins og í vímu en sú líking á tæpast við hér eða öllu heldur þar – þar sem Einar var eða var ekki.

– Þú slappst naumlega í kvöld.

– Við hvað slapp ég? spurði Einar í einlægni.

– Nú, við að fuðra upp, slökkna eins og fullbrunninn kolamoli! Manninum var mikið niðri fyrir. Og nema þú takir þig nú á, hélt hann svo áfram, verðurðu ekki svo heppinn næst. Fuðrar upp. Eða, skulum við segja, slökknar eins og radíóútsending þegar viðtækið er siglt utan móttökufæris.

– Næst?

– Ó, já. Það verður næst. Vittu til. En eftir það verður ekkert næst. Eitt næst er allt og sumt. Það er höggvið í stein, skrifað í sandinn, stjörnurnar, elementin öll með tölu.

Absolút.

Einar flissaði ekki lengur. Láí honum hver sem vill.

– En hvað á ég þá að gera svo ég slökkni ekki? Næst? spurði Einar.

Maðurinn lagði hönd á öxl Einars og horfði djúpt í augu hans. Alla leið inn í botna, þar sem sjóneindirnar svo sundruðust eins og síldartorfa og smugu inn í heila og niður í hjarta.

Sagði svo:

– Þú þarft að kynna þér málin. Og þú þarft að kynna öðrum þau.

– Hvaða mál eru það?

– Allur heili sannleikurinn.

– Hvaða sannleikur?

– Um ljósið. Um lífið og draumana. Um sambandið. Hið mikla samband. Hann ræskti sig og bætti við: um hina svörtu útsendingu. Lögmál hinnar svörtu útsendingar. Hin algebra fíring. Þú ert skynsamur maður, þú veist hvað ég á við. Yfir og út.

Drögin allt í kring þöndust skyndilega út eins og mynd á teygjuefni sem togað er í, nema þar sem þau í sama mund drógust saman (líka eins og á teygjuefni). Litir umturnuðust snarlega í andhverfur sínar eða óendanlega mörg litbrigði andstæða sinna og loftið mettaðist allri lykt heimsins. Einn, tveir og þúff, en ekkert slíkt heyrðist þó. Einar blikkaði augunum ringlaður. Á planinu skammt frá honum stóð Óttar frændi hans og meig utan í bíl. Í dyrum skálans stóð Dúna og hrópaði eitthvað að Óttari. Hún var þvoglumælt og mismælti sig. Kom síðan auga á Einar.

– Ertekki farinn, 'skan? Ég hélt þú værir farinn. Óttar! Orðin glumdu í hlustum Einars eins, dropasteinshellum á suðrænni eldfjallaeyju eða yfirgefnum lýsistönkum við hrörnandi loðnubræðslu. Orðin skoppuðu inn göngin eins og örlítil högl. Einar hrísti blýfullt höfuðið. Hann hélt enn á pokanum með trúðaskónum. Sótti símann í vasann og hringdi eftir leigubíl.

Ég verð, þótt mér sé það fremur óljúft, að nefna að nokkur áhöld eru um það hvernig hann var sá Einar sem stóð utan við sal Hestamannafélagsins Gjólu þegar klukkan var sex mínútur gengin í eitt eftir miðnætti, aðfaranótt hins 6. ágúst, 2011. Sumir, ég þar á meðal, telja að hann hafi ekki komið allur aftur af fundinum fyrsta. Að hluti hans hafi orðið þar eftir. Týnst í tóminu. Að hann hafi ekki aðeins verið breyttur að eðli heldur líka að gerð (að því gefnu að þar sé hægt að skilja á milli, en skoðanir eru líka skiptar um það). Hér verður ekki úr því skorið en hitt er eins víst og að enn geislar frumhreyfillinn að hver sem var (sem ekki var ofurölvi) gat hæglega séð að eitthvað var afkáralegt við hann. Hann var eitthvað skríttinn, jafnvel enn skríttari en alla jafna og útklínd andlitsmálningin hafði ekkert með það að gera.

Þegar hann kom heim um morguninn hugsaði bílstjórinn á bíl 48 hjá bifreiðastöðinni að líkindum með sér hversu fjári undarlegur trúðurinn í hesthúsahverfinu hefði verið. Aðrir viðstaddir, Dúna, Óttar, Unnsteinn og nokkur hræ sem óþarft er að nefna hér urðu einskis vör. Eða ef þau urðu nokkurs vör höfðu þau gleymt því þegar þau vöknuðu úfin, timbruð og hroðalega þyrst daginn eftir.

III.

6.-7. ágúst, öll helgin

Einar vaknaði ekki að morgni laugardagsins heldur svaf hann áfram. Fram yfir hádegi, allan seinnipart dagsins og fram á kvöld. Um átta leytið stóð hann sofandi upp úr rúminu, gekk sofandi fram í eldhús, át þrjá banana og skolaði þeim niður með hálfum lítra af mjólk. Svo gekk hann aftur inn í svefnherbergi og lagðist í rúmið þar sem hann svaf áfram. Hann svaf alla nóttina, allan sunnudagsmorgun og fram á miðjan dag. Þá vaknaði hann loks en lá lengi í rúminu og starði upp í loftið. Annað hvort var þar fluga, hvort sem

var lífs eða liðin, eða málningin var tekin að flagna. Hann hafði sig ekki á fætur til þess að gá hvort væri. Þegar hann svo hafði fengið nóg af legunni og var satt best að segja orðið dálítið illt í mjóhryggnum var hann búinn að gleyma flugu-blettinum. Hann fór á fætur og klæddi sig. Því næst fór hann út í bíl og ók rakleiðis í næstu lúgusjoppu (Nestið svokallaða við hringtorgið neðan lögreglustöðvarinnar, fyrir þá sem þekkja hér til) þar sem hann pantaði fjölskyldutilboð – fjóra ostborgara, stóran skammt af frönskum, kokteilsósu og tvo lítra af gosi. Þegar unglingspilturinn sem afgreiddi hann rétti honum matinn eftir um tíu mínútna bið sagði Einar: Eitthvað verður þetta lið að éta! og brosti. Strákurinn brosti vandræðalega og kinkaði kolli áður en hann lokaði lúgunni feginn. Einar ók að svo búnu aftur heim þar sem hann sjálfur át matinn allan með dálitlum tilþrifum og lagðist svo aftur til svefns. Hann svaf fram á mánudag. Hann dreymdi ekki.

Önnur opinberun – Samósa

I.

Fyrri hluti dags (og fram undir kvöld), 9. ágúst 2011

a. (dropinn)

Breyting hafði orðið. Á hverju? kanntu að spyrja. Einhverju, það er allt sem ég segi. Einhverju veigamiklu, einhverju höfuðatriði. Grundvallaratriði. Hvort allt var beinlínis breytt – eins og stundum er sagt – skal ég ekki dæma um. Það veltur enda að nokkru á því við hvað er átt með *öllu* og það verður hver að eiga við sjálfan sig. Ætli þau séu ekki teljandi á fingrum annarrar handar sem hafa um það nokkuð glögga hugmynd í heiminum í dag. Engu að síður og hvað sem þeim vangaveltum líður vaknaði Einar á mánudagsmorgni, sótti sér nýja sokka og fór í eina skálm og svo aðra, pissaði dálítið duglega og gleypti pillu (af því bara), bjó sér til heilsuhristing sem hann svo teygði yfir eldhúsvaskinum og allt þar fram eftir götunum – rétt eins og vanalega. Fyrir utan gluggann var þó enginn fjörður, engin fjöll; aðeins óræð form, hálfkaraðar skissur. Flöktandi skuggamyndir. Einar reimaði á sig skó og ók á hóstandi jeppaskrjóðnum sínum í vinnuna, svotil alveg eins og á hverjum öðrum mánudagsmorgni. Eins og himnarnir væru enn á sínum stað.

Þegar á verkstæðið var komið byrjaði Einar á því að kveikja á útvarpi sem hékk á veggnum yfir verkfæraborðinu, eldgömlu apparati sem virtist búið eilífðarvél. Allur gangur var á því hvort kveikt var á útvarpinu á daginn en hvort sem var heyrðist aldrei í því fyrir hávaðanum í vélunum; rafmagnssuðinu, hvininum í blásurnum og viftunum, öskrum slípirokkanna, juðaranna, háþrýstidælanna og hjartslætti músanna. Ef karlarnir vildu hlusta á útvarp þá gerðu þeir það í heyrnarhlífunum sínum, persónulega og privat. Enn var þó slökkt á vélum og tækjum verkstæðisins og frá útvarpinu barst yfirdrifinn hlátur um salinn. Morgungóðum útvarpsmanni virtist ógurlega skemmt. Eins og lífið væri hreinasti dýrðarinnar draumur. Án þess að velta því fyrir sér í hvaða draumi útvarpsmaðurinn lifði snéri Einar stillitakkanum á útvarpinu, þó ekki yfir á aðra rás heldur lét hann duga að snúa lítillega svo aðeins heyrðist urg á milli stöðva. Eitthvað í átt við svokallaðan hvítan hávaða en þó með óreglulegum rokem hins hvika eters. Ekki ýkja

ólíkt þeirri hljómkviðu sem tækin öll léku þegar vinna var komin í gang á verkstæðinu. Þó var urgið jafnvel enn þéttara. Stöðugur, ókennilegur hávaði. Það er einkennilegt að nefna hann hvítan, hávaðann; hann virðist fremur myrkur. Ólíkt ljósi smýgur hann ekki hvert sem hann kemst, hann er þvert á móti hvarvetna þar sem ljósið ekki kemst. Hann er þar sem ekkert er; áður en varð ljós var myrkur. Það veit hvert kristið barn (og margir eðlisfræðingar vilja gjarnan trú á því). Fyrir ljósið kemur myrkrið. Það veit hver þungarokksunnandi. Þungur. Þrúgandi. Svartur, hávaði. Á eftir ljósi kemur myrkrið. Veit hver guðlaus vesalingur. Æ, en óttaleg þyngsli eru þetta, ætli þið þekkið hljóðið ekki sjálf! Sumsé. Einar hækkaði lítillega í útvarpinu áður en hann gekk upp tröppurnar á kaffistofuna og hellti upp á kaffi.

Kaffivélin var tekin að kyrja möntru hins svarbrúna dropa þegar Einar heyrði að gengið var um dyrnar að verkstæðinu með fyrirgangi og skömmu síðar að sandblásturskassinn var keyrður í gang. Hin svarta útsending útvarpsins rann saman við blástursgnýinn í viftunni. Næst drundi og gnast í tröppunum og fyrr en varði stóð Balli í dyragættinni, gleiðfættur og lítið eitt undrandi, með hendur á síðum.

– Helvítis útvarpið bilað?

– Já, svaraði Einar og greip kaffikönnuna úr vélinni. Hann hellti skítugan bolla Balla sem hafði staðið helgarlangt á borðinu hálffullan. Skenkti síðan sjálfum sér í mjólkurglas úr vaskinum.

– Andskotans draslið, bөлvaði Balli og bætti mjólk í bollann. Kaffi sullaðist upp úr bollanum, hann þurrkaði það með erminni og saup á. – En það er svo sem aldrei neitt af viti í essu! Helvítis draslið, hah!

Einar mændi á Balla.

– Svosem ekki.

– Segðu, sagði Balli hressilega en án þess að horfa á móti. Hann dró hringi með fingri á kaffiblettóttan auglýsingableiðil sem lá á borðinu og hafði gert nokkurn veginn frá upphafi vega. Eru grindurnar fyrir kálverið komnar?

– Já, fjögur bretti.

– Fjögur helvítis bretti, er það allt og sumt? Jæja, er þá ekki bara að drífa þetta inn og þrífa? Koma þessu svo austur á þessa vitleysinga sem fyrst.

– Jú, svaraði Einar og saup á kaffi. Hann hafði staðið við kaffikönnuna en fékk sér nú sæti við borðið. Það virtist einhvern veginn hið rétta í stöðunni.

Enn brakaði í tröppunum en ekki jafn hátt og fyrr. Inn á kaffistofuna gekk Grimmi, bauð góðan dag og sótti sér safafernu í ísskápinn. Karlarnir ræddu bilaða bensíndælu á meðan Einar fylgdist með múkka synda frekjulega um kaffibollann sinn. Að því loknu gengu þeir til vinnu.

Líkt og við var að búast hringdi síminn samviskusamlega þegar tekið var að nálgast hádegi. Það var Annika. Einar horfði í dálitla stund á nötrandi símann í lófa sér og stakk honum síðan aftur í buxnavasann þar sem hann titraði um stund áður en gamla konan gafst upp suður í bæ. Einar hélt áfram að pússa grindina, þreif hana svo og hengdi upp á rekka og gerði að því loknu eins við þá næstu. Hver hreyfing þrautæfð eins og hjá fölblaikri prímadönnu við Bolshoi. Um hálf tíma síðar hringdi síminn aftur en Einar lét hann hringja í vasanum (þetta var verulega ólíkt Einari. Athugið að í símanum hefði getað verið viðskiptavinur. Ykkur að segja var raunin þó ekki sú) og pússaði og þreif einsog í takti við Tjækovski í flutningi stórkostlegrar en illa launaðrar sinfónúsveitar.

Þegar kom hádegi fóru karlarnir út í bíla sína og óku í sjoppu að kaupa sér hamborgara eða mögulega í kjörbúð að kaupa heitan mat úr borði. Hvort heldur sem var eða þótt það væri eitthvað annað varð Einar eftir á verkstæðinu. Hann sótti sér heilsuhristing á kaffistofuna og drakk hann fyrir framan tölvuna á skrifstofunni. Á meðan skoðaði hann heimasíður um geðsjúkdóma. Eins og verða vill leiddist hann með nokkrum smellum inn á vafasama vefsíðu þar sem geðsjúkdómar voru skýrðir með vísan í það sem stundum er nefnt hjávísindi, óhefðbundnar lækningar og húmbúkk. Þaðan lá beinn og röklegur þráður yfir í dulspeki, ruglingslegan graut úr hinum og þessum nýaldarspekiritum og austrænni goðafræði. Ekkert af því sem Einar las þar vakti sérstakan áhuga hans, hann hafði aldrei verið sérlega áhugasamur um dulfræði og enn síður hafði hann lagt minnsta átrúnað á þau. Hann hafði á stundum talað um að skrá sig í ásatrúarsöfnuðinn en það var af sögulegum áhuga og náttúruást fremur en innilegri trúartilfinningu. Slíka hafði hann raunar aldrei fundið, í það minnsta ekki síðan hann var barn (og þá var það eins og svo oft er fyrst og fremst spurning um hlýðni, góða hegðun og áhrifamátt biblúmyndateiknara yfir barnshuganum).

Einar var um það bil að klára úr brúsanum þegar hann heyrði nafnið sitt kallað neðan af verkstæðisgólfinu. Það var móðir hans. Í röddinni var þungi eða kannske var það taugaveiklun. Hann hugsaði með sér að hann hefði betur svarað í símann. Jú, hann hefði áreiðanlega betur svarað. Hann lokaði dulspekisíðunni og stóð upp, þurrkaði sér um

muninn og girti skyrtuna í buxurnar áður en hann fór út af skrifstofunni og á stigapallinn þaðan sem hann kallaði á gömlu konuna sem stikaði um skítugt gólfíð. Fyrir utan verkstæðið stóð gul bíldrúsla Dúnu yngri í hægagangi. Móðirin leit á hann og rétti hendina í átt að honum. Svo snéri hún við og gekk fram í dyr þar sem hún veifaði. Drepið var á bílnum. Móðir hans kom að stiganum og skömmu síðar birtist Dúna yngri í dyragættinni. Einar bauð þeim að koma upp á kaffistofuna sem þær og gerðu. Hann kveikti á kaffivélinni.

– Af hverju tókstu ekki símann, spurði móðirin þegar hún hafði þurrkað ímyndað ryk af einum stólnum og fengið sér sæti. Dúna stóð í gættinni.

– Ég heyrði ekki í honum, svaraði Einar og tók til bolla.

– Þú verður að svara í símann, Einar minn. Ég skildi ekkert hvers vegna ég fékk ekki samband.

– Vantaði þig eitthvað sérstakt?

Einar rétti konunum hvorri sinn kaffibollann.

– Hún var alveg friðlaus, sagði Dúna og glotti elskulega.

– Hvað vantaði? spurði Einar aftur.

– Dúna sagði að þú hefðir farið snemma úr veislunni.

– Sagði Dúna það?

Dúna glotti enn í gættinni.

– Já, það gerði hún. Skemmtirðu þér ekki vel?

– Hann var hálf þreytulegur, skaut Dúna inn í.

– Ég skemmti mér, jú.

– Þú hefur bara gott af því að lyfta þér af og til upp, sagði gamla konan með þunga. Það er bara hollt.

– Ég var þreyttur.

– Ertu nokkuð að veikjast? Ég veit að þér finnst ég ferlega gömul og vitlaus en þú verður að passa upp á heilsuna, elskan. Mæja hans Sveins (nágrannar) frestaði því alltaf að fara til læknis þegar hún kvefaðist í vor og hún endaði í öndunarvél. Svenni sagði að það hefði verið komið vatn í lungun. Maður getur hreinlega druknað, Einar. Einar svaraði engu en saup á kaffi. Enn var glott í gættinni.

– Maður svarar í símann, Einar minn. Móðir hans klappaði honum á handarbakið þar sem hann lagði bollann sinn á borðið og lést þurfa að fara að vinna.

– Svára símanum, strákur, bætti Dúna yngri við og rétti honum bollann sinn. Komdu, elskan, sagði hún svo og rétti gömlu konunni hönd. Við skulum drífa okkur í búðina, ekki getum við látið þig lafa konfektlausu dögum saman. Annika fussaði eitthvað um konfekt og brýnustu nauðsynjar.

Einar fylgdist með þeim ofan af stigapallinum. Þegar Dúna var komin út og móðir hans stóð við dyrnar sagði hann stundarhátt:

– Þetta er hin svarta útsending, mamma. Hann benti á útvarpið sem enn hékk samviskusamlega yfir vinnuborðinu fyrir framan klósettið. Móðir hans staldraði við og leit um öxl, í augu hans. Hún sagði ekkert en ef til vill hristi hún dálítið höfuðið. Ekki eins og hún vildi segja nei, heldur fremur: svei mér þá. Eða jafnvel: drottinn minn dýri. Já, frekar það. Drottinn minn dýri var áreiðanlega það sem hún vildi sagt hafa. Og ef til vill líka: Nú slökktu þá á andskotans tækinu! Slökktu bara á því! Hentu því! Þær óku burt og þótt engin veðrabrigði yrðu var líkt og veröldin gránaði lítið eitt, sisvona. Slíkt er reyndar alvanalegt í Eyjafirði um sumur og er kallað hössglit.

b. (þríhyrningur)

Skömmu eftir að stjúpmæðgurnar óku sína leið komu karlarnir úr mat og aftur upphófst hin seigþykka hljómhviða verkstæðisins. Fúmm og hviss og rummdrummdrumm og trillillill, þéttofin, -ort eða -leikin svoleiðis að naumast varð á milli greint. Þar var þrifið, pússað, blásið, sprautað, barið, bakað og pakkað (og margt fleira), rétt eins og vera ber. Allir þrír hömuðust karlarnir eins og flær í sirkus. Fyrst þessi hreyfing, þá sú næsta, loks þriðja og þar fram eftir götunum. Mikið hvein í loftinu. Hvein og suðaði.

Síðar þennan sama dag fékk Einar smáskilaboð. Þau voru frá móður hans, heilagri Anniku. Skilaboðin voru á þessa leið:

Taladi vid Hermann. Baud honum i kaffi. Vltu [svo] ekki ræða vid hann?

Hermann var sóknarprestur í bænum, einn fjölmargra. Hann var líka fyrrum nemandi Anniku (mér láðist að taka það fram áður en fyrr en hún hafði farið á eftirlaun var hún

grunnskólakennari). Hún nýtti sér þau sambönd sem hún hafði myndað í kennarastarfinu af og til, skynsamlega að því er henni sjálfri fannst. Einar bölvaði ekki þegar hann las skilaboðin en honum kom ekki heldur til hugar að hitta prestfjandann (hans orð). Gamla konan hafði áður stefnt þeim tveimur saman þegar hún hafði áhyggjur af syni sínum. Þeim fundi lyktaði með því að Einar barði í borð, stormaði út frá rjúkandi kaffibolla og fékk uppáskrifaðar töfratöflur hjá heimilislækni. Annika tók því sem sigri, sem ótvíræðu merki um ágæti hinna órannsakanlegu vega Guðs almáttugs. Hann hefði ráðið gerðum prestsins og þar af leiðandi orðum hans sem komu svo illa við soninn að hann flúði bæði þau og Guð og sótti sér veraldlega hjálp. Eða sá grunur læðist að manni. Að presturinn hafi verið Grýla Guðs og Anniku. Á verkstæðinu var hinsvegar nóg kaffi handa Einari og ef eitthvað var þá virtist það í allri hreinskilni frekar hallt undir dharmíska speki en kristni eða nokkurt hinna abrahömsku trúarbragða. Og þótt Einar væri ekki frekar búddisti en mótmælandi, þá mátti austanspekin eiga það að hún var ekki jafn ýtin og kristnin og það allt. En hvað sem öllu kaffi leið átti móðirin það nú samt til að sækja prestinn, ef svo má segja, þegar henni þótti tilefni til.

Um kaffileytið var tekið að rigna og þar sem Einar sat á kaffistofunni og skóf undan nöglunum á sér með vasahníf merktum fiskvinnslufyrirtæki sem löngu var farið á hausinn kom Grimmi upp með plastpoka sem skráfaði í.

– Hvað ertu með þarna? spurði Balli sem hafði skömmu áður fengið tak í bakið við það að slengja kolryðguðum pottjárnsofni upp á borð og sat skakkur og skældur við borðið. Leiða má að því líkur að hann hafi vonast til þess að í pokanum væri bakkelsi.

– Samósur. Ég steikti helvítis helling af þessu í gær.

– Hvað segirðu, samósur? Hvað eretta? Balli potaði í pokann.

Einar leit upp frá nöglunum og á pokann á borðinu.

– Þetta er matur, skýrði Grimmi.

– Samósur, kjamsaði Balli eins og gæfulausi Tékkinn Baloun og gaf með iðandi fingrum merki um að hann þæði gjarnan eina slíka. Grimmi dró stórt plastbox upp úr pokanum, lagði það á borðið og tók af því lokið. Upp gaus steikingarlykt, hálsfæt.

– Eretta eitthvað kínverskt?

– Indverskt.

Balli teygði sig ofan í boxið en fór sér of geyst, fékk að því er virtist verk í bakið og bölvaði út á milli samanbitinna tannanna.

- Ég held að ég verði bara að andskotast, sagði hann svo og reyndi að staulast á fætur.
- Þú ert til lítills gagns svona. Á ég að bera þig niður tröppurnar? Einar brosti ekki.

Sviti hafði sprottið fram á enni hins slasaða sem þó myndaðist við að brosa og beit í samósuna og bandaði svo frá sér hendinni til merkis um að hann tæki ekki mark á svona vitleysu.

- Þetta er helvíti gott! kallaði hann á milli sársaukastuna úr stiganum.
- Ég veit. Grimma lá lágt rómur. Smakkaðu á þessu, sagði hann og ýtti boxinu í átt að Einari sem enn horfði niður á verkstæðisgólfið, aftan á karlinn sem þar kjagaði.

- Samósur, sagði Einar.
- Með linsubaunum, svaraði hinn.

Einar greip einn þríhyrninginn upp úr boxinu og beit í.

- Þetta er gott.
- Helvíti gott.
- Ert þú farinn að baka svonalagað?
- Steikja, þetta steikt bara eins og kleinur.
- Steikja, já?
- Ég var að prufa það.
- Og þetta er indverskt segirðu?
- Mm.

Um stund þögðu karlarnir og átu.

- Þú ert svona liðtækur í eldhúsinu, Grimmi.
- Nje.
- Hvers vegna svona indverskt gúmmelaði?
- Ég fékk uppskriftina á fundi í lesfélaginu.
- Lesfélagi.
- Já, eða einhverju svoleiðis.
- Þú hefur aldrei sagt okkur frá því.
- Neinei. Ekkert að segja frá svo sem. Grimmi virti fyrir sér innihald eins þríhyrningsins, rýndi í hann eins og Dauðhafshandrit eða súmer ska leirtöflu.
- Hvernig lesfélag er það? spurði Einar eftir stutta þögn.
- Við lesum fræðilegar greinar. Heimspeki og svoleiðis.

– Eitthvað hómópataþrugl?

– Eitthvað svoleiðis. Ekki bara. En já, meðal annars. Grimmi ræksti sig og gerði sig líklegan til að ganga frá boxinu. Þegar hann var að því kominn að standa á fætur spurði Einar:

– Hefurðu verið lengi í þessum klúbbi?

– Ólöf dró mig í þetta á sínum tíma. Ólöf var fyrrverandi sambýliskona Grimma. Hún var svo löngu hætt í félaginu sjálf, hafði enga þolinmæði til að standa í þvíumlíku og hafði sterka mótstöðu gegn upplýsingu (það veit ég fyrir víst). Stundum hafði Einar hugsað með sér að fyrst Grimmi gat ekki haldið í hana myndi hann áreiðanlega enda einn. Tóra einn upp frá þeim sambandsslitum, sofna einn, vakna eitt, éta einn og drepast svo að endingu einn. Rétt eins og hann sjálfur. Svoleiðis eru sumir einfaldlega, þeim virðist ekki ætlað að lifa nema einir og þó þeir kunni að lifa með öðrum um sinn er þeim í öllu falli og handan alls vafa ætlað að drepast einir. En Einar hugsaði með sér í ljósi þessara nýju upplýsinga að hugsanlega þekkti hann sessunaut sinn ekki eins vel og hann hafði talið. Alls ekki. Og svo ég segi bara eins og er þá hafði hann rétt fyrir sér um það (en hin almenna kenning einsemdar í lífi og dauða er þó fjarri algalin, hún átti einfaldlega ekki við hér).

Karlarnir jæjuðu dálítið líkt og svo oft áður og stóðu á fætur. Settu bolla og þvíumlíkt í vaskinn, án þess þó að vaska upp eða skrúfa frá vatninu, litu á úr og teygðu úr hálsnum. Þeir ræddu með sér um þau verk sem þyrfti að ljúka þennan daginn, sóttu tól og ræstu vélar. Einar var að setja á sig heyrnarhlífarnar þegar Grimmi hóaði í gegnum vélagnýinn.

– Þú gætir komið með mér á fund.

– Ætli það.

Grimmi kinkaði kolli og setti á sig hlífarnar. Ætli það, hafði Einar svarað án þess að meina í raun neitt með því, hvorki af né á.

c. (flökt)

Nokkru eftir að Grimmi var farinn úr vinnunni, heim til sín eða hvert sem er, slökkti Einar ljósin á verkstæðinu. Þá hafði hann um stund fundið einkennilegan seyðing í líkamanum.

Honum hitnaði og hann svitnaði. Sama hversu hann skrúfaði, skrapaði, pússaði og yfirleitt dansaði ákaft um verkstæðið hafði seyðingurinn ágerst. Svo að endingu gafst Einar upp og slökkti ljósin. Hann stóð kyrr um stund og lokaði glatt í húminu, undir lágu rafmagnssuðinu og lítið eitt ójöfnu tifi frjálslyndrar veggklukkunnar yfir sandblásturskassanum en tók svo á sig rögg og steig út fyrir. Þar var ekkert. Hreint ekki neitt. Enginn bíll. Ekkert bílastæði, engir ljósastaurar, engin hús þar handan við, vegir, vellir eða himinn. Engin ljós. Ekkert ljós. Ekkert. Nei, bara alls ekki neitt. Og Einar hvarf, hann hreinlega hvarf. Hviss eða fúmm – horfinn. Allt horfið. Ekkert var. Sem sagt, hann og annað hættu að vera. Hvarf. Einar hvarf og birtist á nýjan leik fyrir framan sjónvarpið í stofunni heima hjá sér tuttugu mínútum síðar. Kvöldfréttatíminn var í gangi. Aflabrogð voru svo og svo mátti skiljast, efnahagur landsins svona og svona, ástandið í heiminum svona og hinsegin. Einar var ekki svangur sem benti til þess að hann hefði borðað en það gat tæpast verið þar sem hann sjálfur hafði ekki verið frá því að hann steig út af verkstæðinu. Þó fann hann í munninum keim af framandi kryddum (broddkúmeni, engiferrót og kóríanderfræjum, svo fullrar nákvæmni sé gætt). Athugaðu að ég á ekki við að Einar myndi ekki eftir undangengnum tuttugu mínútum. Hann hafði ekki verið. Er það svo erfitt að skilja? Kannske. En ímyndaðu þér þá hvernig þessar furður horfðu við Einari. Eða öllu heldur: ímyndaðu þér hvernig aðstæðurnar myndu horfa við þér – því satt best að segja kippti Einar sér ekki sérstaklega upp við þær. Við munum jú hvað hafði á undan gengið. Hann nennti ekki að hugsa frekar um það, ekki einmitt þar og þá. Nei, nei, nei. Neineineineineineinei. Fjandinn hafi það, alltént í bili.

Einari hafði stundum flogið það í hug að mögulega væri hann dauður. Fyrir margt löngu steindauður og í raun og sanni rotinn og eyddur (hefði ef til vill sópast út af dekki bátsins í brimsjó og týnst; eða dottið í á, rotast og drukknar einhversstaðar á fjöllum). Að það sem hann nú teldi vera líf sitt væru aðeins eftirstöður tilvistar sem eitt sinn var í einskonar blóma, ekki ósvipað sísmækkandi dropum í baðvaski um nótt eða fnyknum sem lengi eimir eftir af þegar maður gleymir fiskrétti í ofni á meðan farið er í andrýmisferð út á land. En auðvitað hugsaði hann slíkar hugsanir ekki til enda, andskotans vitleysa, heldur hristi af sér slenið og snéri sér aftur að því að tæma hugann fullkomlega og takast á við hvert það verk sem fyrir höndum var. Sem fyrir höndum var, er og verður. Það er enginn lokatónn sem lækkar niðurfyrir mannlegt tónsvið, sussuneí, aðeins hljómur sem sleginn er og fjarar svo út uns hann drukknar í umferðarnið og áfyllingarhvini

gamalla klósetta og slætti tifstjarna djúpt úti í algleyminu (sem reyndar ku endanlegt, en látum það liggja á milli hluta). En einmitt það hugsaði hann vitanlega aldrei. Ekki heldur nú.

Ómögulegt er að skýra nákvæmlega frá þankagangi Einars þetta kvöld – eða einu sinni í grófum en skýrum dráttum – alltént ræð ég ekki við það (og hafði ég þó óvanalega góða innsýn í huga hans, það verður að segjast). Látum bara nægja að segja að þar ríkti ró þetta kvöld. Köllum það yfirvegum. Svo gripið sé til veðurlíkinga, sem svo mörgum hugnast, logn og blágljáandi dús. Hann skipti um sjónvarpsstöð og horfði á skemmtipætti á erlendri stöð um stund áður en hann ákvað að tímabært væri að fara í rúmið. Þó var hann ekki þreyttur. Hann fór ekki í sturtu, hann háttaði sig ekki einu sinni. Lagðist bara í skítugum vinnufötunum ofan á sængina og sofnaði. Hvarf út úr hinni svörtu útsendingu. Hafði ekki einu sinni fyrir því að fara úr skónum.

II.

10. ágúst 2011, lunginn úr deginum

a. (steiktur fiskur)

Þennan morgun vaknaði Einar svotil eins og aðra daga. Hann hafði sofið vel og dreymt mátulega undarlegar vinjettur um eigið líf og fólks sem hann þekkti, sem héngu saman í frumlegri orsakakeðju draumvitundarinnar. Einkum af vana fiktaði hann dálítið í typpinu á sér. Þegar hann hafði gert það um stund, blikkað þurrum augunum ótt og títt og virt fyrir sér blettinn í loftinu (sem nú var ljóst að var ekki fluga) stóð hann á fætur og fór fram á snyrtingu. Þar pissaði hann og settist að svo búnu á klósettið og losaði af sér vinnuskóna. Hann hreyfði soðnar tærnar dálítið og naut þess að finna svalar gólflísarnar undir iljunum. Svo fór hann með skóna fram í forstofu. Því næst reyndi hann eftir megni að fylgja hinni margreyndu forskrift sinni – hann gleypiti töflu, gerði sér hristing, teygði hann og horfði út yfir iðandi drögin þar sem áður hafði verið fjörðurinn og fjöllin og hellti restinni á brúsa sem hann svo greip með sér og ók áleiðis út á verkstæði. Fyrr en varði rankaði hann við sér á verkstæðisplaninu en þau minnisglöp má skýra með þreytu fremur en brestum í grunnvirki veraldarinnar.

Þegar inn á verkstæðið var komið kveikti Einar á útvarpinu svo hinn svarti hávaði flæddi hnausþykkur um salinn og hellti svo upp á kaffi. Á meðan kaffivélin kyrjaði lútsterka möntruna varð honum hugsað til þríhyrninga Grimma. Og til lesfélagsins hans. Ef til vill væri ekki svo galið að þiggja boð karlsins, þótt ekki væri nema til að sjá hvað þar færi fram. Ef vitleysan keyrði fram úr hófi gæti hann bara gert grín að henni og þátttakendum með sjálfum sér. Eða hreinlega farið, bara stungið af. Læðst út, farið heim og horft á sjónvarpið. Hann hefði engu að tapa. Og eitthvað þyrfti hann að gera. Við logunum. Vegna rofsins. Og fjallanna og himinsins. Hann mundi aðvörun hins skeggjaða Helga í útheimum. Jafnt þótt fundur þeirra hefði bara verið einskonar draumur eða hreinlega ofskynjun þótti honum ljóst að undir lægi einhver nauðsyn. Eitthvað júngískt, svo ég orði tilfinninguna. Hann vissi eins vel og við að eitthvað í tilveru hans var ekki eins og það átti að vera. Auðvitað grunaði hann að sálvefrænar ástæður lægju þar að baki (þótt hann notaði ekki það orð) en fjandinn hefði það að hann færi til læknis. Og hvað? Sjálfsagt fengi hann uppáskrifaðar einhverjar töflur eða hylki til að kyngja af engu nema vana eða skyldurækni og áhrif þeirra myndu tæpast nema rétta hann lítillega af áður en þau svo samlöguðust hinu svarta framstreymi útsendingarinnar. Nei, það sakaði tæpast að sjá hvernig starfsemi þessa félags færi fram. Einar var eins og fleiri tilbúinn að leggja ýmislegt á sig til að forða því að þurrkast út úr veröldinni (hvort sem maður kallar slíkt dauða eða hvað annað). Í ofanálag grunaði hann að um stærri örlög en bara hans væri að tefla, en það var bara óljós tilfinning sem að líkindum var til komin fyrir kynni hans af algeru tómi og óverund.

Fljótlega mætti Grimmi og þeir settust til kaffidrykkju, skrafs og ráðagerða. Eftir að Grimmi hafði velt stuttlega upp stöðu flansa sem enn lágu óhreyfðir á bretti niðri á verkstæðisgólfi og blótað eins og við átti tók Einar af skarið.

– Einmitt, heyrðu... Ég var að velta fyrir mér, varðandi þennan klúbb þinn. Kannski ég fengi að líta við með þér.

Grimma virtist dálítið brugðið enda bar félagslíf karlanna sárasjaldan á góma á þessum stöðufundum þeirra. En hann var enginn dóni og mundi fyrir mæli sín auk þess ljóslega.

- Ja jú, það er sjálfsagt.
- Hvenær hittist þið, næst? Eða venjulega?
- Við hittumst á miðvikudagskvöldum.
- Öllum?

– Helst, já. Grimmi krosslagði fætur og varð dálítið heilagur á svipinn. Eins og íkoni í skítagalla og með sorgarrendur.

– Við reynum að hafa fasta miðvikudagsfundi og svo komum við af og til saman þess utan, þetta er andskoti þétt prógramm, bætti hann svo við.

– Hvað geriði eiginlega?

– Við spjöllum saman.

– Um bækur?

– Meðal annars. Hugmyndir, kenningar og svoleiðis.

Hver andskotinn, hugsaði Einar með sér. Tilhugsunin um Grimma með olúkámuga puttana að ræða hugmyndir (hvað sem það nákvæmlega þýddi) fannst honum svo fáránleg að hann nærri gleymdi raunum undanfarinna daga. Svo erum við oft óbilgjörn þegar um ræðir eigin frásögn og heimsmynd að jafnvel þegar við sjálf höfum stigið handan þess sem samkvæmt henni telst eðlilegt, yfirleitt mögulegt, getum við enn orðið steinhlessa þegar við uppgötuum smæstu villuspor aukapersóna út fyrir téða frásögn. Nefnist þetta villan um hinn, og er velþekkt í tantrískum fræðum demantsfarsins. Svona karlar hafa ekki hugmyndir, hugsaði Einar, og enn síður þvaðra þeir um þær í kompaní við annað fólk. Karlfauskar sem sandblása ryðgaðar felgur og sprautulakka vélhjólgrindur undir stjórfu augnaráði fröken marsmánaðar á Würth-dagatalinu frá 2008 (ég færi í stílinn). Bara alls ekki.

– Hvaða kenningar?

– Allar mögulegar. Heimspeki og svoleiðis.

– Heimspeki?

– Andleg mál og svona.

Einar þagði um stund. Honum var brugðið.

– Meinarðu trúmál?

– Ekki beinlínis, tja, bæði og. Jú, það má svosem heita það.

– Þú meinar spíritisma, er það ekki? Fyrr en Annika Valsdóttir grunnskólakennari felldi sig af praktískum ástæðum við hina lúthersku þjóðkirkju hafði hún garfað talsvert í guðspeki, svo þetta svið var Einari ekki fullkomlega ókunnugt. Það þýddi þó ekki að það væri honum að skapi eins og við vitum.

– Ekki beinlínis.

– En svona kukl eitthvað? Þú veist hvað ég meina.

– Ég veit hvað þú meinar, en þetta er ekkert helvítis kukl.

Nú hafði Einar gengið of langt og gerði sér sjálfur grein fyrir því. Hann leit niður á borðplötuna og trommaði á hana með vísifingrunum.

– Nei, fyrirgefðu. Ég meina ekki kukl. Dulspeki.

– Sumir kalla þetta dulspeki, jújú. En meira er þetta á heimspekilegum nótum. Við lesum bækur og ræðum þær. Ræðum hugmyndirnar. Austræna speki. Ég skil svosem að þér finnist þetta skrítið, sjálfum fannst mér það til að byrja með. Helvíti skrítið. Bjánalegt eiginlega. En það er ekkert bjánalegt við þetta, Einar. Síðustu orðin sagði Grimmi með þunga sem var Einari framandi. Líkt og inntak þeirra væri áriðandi, en þó ekkert eins og til dæmis tvö bretti af flönsum sem verður að sprauta fyrir lok dags og koma í síðasta bíl suður.

– Þú hefur aldrei minnst á þetta.

– Hvað heldurðu að maður sé að gjamma um svonalagað í vinnunni. Ég er ekki frelsaður. Ég er ekki vottur Jehóva.

– Neinei, auðvitað ekki.

– En þér er velkomid að koma á fund. Það er sjálfsagt.

Og þar með var það útrætt í bili. Karlarnir jæjuðu eins og við átti, hundskuðust á fætur og fóru að vinna. Skrúbba, skrapa, blása, beygja, rétta, hamra, raða og baka. Og fleira í þeim dúr. Niðurinn í salnum var þungur og dumbungsgrár. Við þekkjum þetta allt.

Klukkan var réttar þrettán mínútur gengin í ellefu¹ þegar Einar fékk skilaboð í símann. Skilaboðin voru frá móðurinni og voru svohljóðandi:

Steiki rodspætte i kvöld ef tu vilt paxo rasp og remuladi. Sera Hermann kemur i kaffi eftir mat. Komdu og spjalla elsku vinurinn minn.

Rauðsprettan freistaði Einars óneitanlega en presturinn síður. Hann lagði frá sér sprautubyssuna, tók af sér hanskana og svaraði skilaboðunum. Hendur hans voru grófgerðar, fingurnir kjötmiklir og sverir, svo honum gengu skrifin hægt. En jafnframt örugglega og innan fárra mínútna sendi Einar eftirfarandi svar:

1 Enn miða ég við Rúv. Við skulum bara segja að héðan í frá miðist allur tími við klukku Rúv, nema auðvitað ef um ræðir klukkur í frásögninni sjálfri, sem ekki ganga nauðsynlega í takti við þá kórrétta rúvsku.

Takk fyrir boðið. Fer í bolta með Grimma. Þú veist hvað mér finnst um prestfjandann, mamma. Steiktu fiskinn ekki of lengi. Einar.

Við svo búið setti hann hanskana aftur á sig, hækkaði í útvarpinu í heyrnarhlífum (sem ekki var stillt á neina rás) og hélt áfram að sprauta gamla Triumph-vélahjólgrind svarta (háglans; ekkert glit). Þegar Einar var búinn að sprauta grindina, baka hana og kæla var tekið að nálgast hádegi og mátulegt að fara í mat. Oft urðu karlarnir að sæta færiss þó klukkan stæði hvorki á heilum né hálfum tíma til þess að komast hjá því að þurfa að eiga við viðskiptavini í hádeginu. Einmitt af þessari ástæðu svotil hljóp Grimmi út í bíl og brunaði burt en Einar fór upp á skrifstofu. Hann settist við tölvuna og opnaði leitarsögu netvafrans, fann þar síðuna sem hann hafði verið að skoða þegar móðir hans truflaði hann daginn áður og byrjaði að lesa. Mannssálin er svona og hinsegin, ekki svona eða á þann veginn. Þessi gúru segir þetta um guðdóminn, svo kristaltært að það bæði er eins og eftir barn og tölvu, annar spekingur hitt um samsarað, hvorttveggja í senn fullkomlega tímalaust og brjálæðislega áriðandi. Enska Einars, þótt hún væri prýðileg, hrökk skammt frammi fyrir þessum tímalausu vísindum. Orði eftir orði mátti hann að slá upp og komst því lítið áleiðis. Honum gramdist það, sem von er, auk þess sem honum þóttu þessi fræði öll enn frekar vafasöm (hér dreg ég úr fremur en hitt). Hann skannaði lauslega niður síðuna og smellti svo á annan hlekk. Efst á síðunni sem þá opnaðist ljómaði flennistört, kafrjótt fílhöfuð með lótusprýdda kórónu og undir því stóð Śrī Gaṇapati Atharvaśīrṣa. Textinn sem á eftir fór var ekki síður snúinn en hinn fyrri en þó mátti harla auðveldlega ráða að fíllinn var guðinn Gaṇeśa², indverskur hrjóður hindrana, verndari lista, visku og vísinda, goð hins nýja upphafs og persónulegur trúnaðarvinur ótal hindúa, jaína og búddista í Suður-Asíu og víðar. Fílhöfuðið var fallett, málað í hinum sérstæða og fjarræna trúarstíl hindúa þar sem sérstök natni er lögð við að sýna hverja bugðu skrautmuna og hvern saum í klæðum, en Einari fannst það engu að síður fremur bjánalegt. Áfram skimaði hann hratt yfir og smellti á annan hlekk. Þar gretti sig Yamarāja, blár á hörund í rauðri lendaskýlu einni fata. Fyrstur til að mæta dauðanum, vedískur drottinn viðskilnaðar og handanheima, verndari hins tamílska suðurs og ógnvaldur indverskra, tíbeskra, kínverskra, kóreskra og japanskra goðsagna. Ekki jafn fjarrænn og fílguðinn Ganesha

2 Lesist nokkurn veginn svo: *Ganessja*.

starði drottinn heljar beint í augu Einars sem gat ekki litið undan. Yama hvæsti: Þú situr í Naraka, snikkari! Einari brá.

– Hvað sagðirðu?

– Þú stiknar, smiður!

– Djöfulsins bull er þetta, stundi Einar. Hann beindi orðunum ekki að skjánum, ekki að fígúrunni í rauðu skýlunni, heldur frekar til sjálfs sín. Hann strauk flötum lófa niður andlitið og leit á gluggann. Úti fyrir var ekkert að sjá, á rúðunum lék aðeins um svarthvítur hríðarbilur lélegra móttökuskilyrða. Það er að segja, hin svarta útsending. Goðið á tölvuskjánum hló að Einari sem starði þögull á móti. Hann hræddist ekki. Það er að segja ekki hlátur guðsins sérstaklega. Sá var ekki að segja neitt nýtt, jafnt þótt hann væri konungur undirheimanna. Sem Einar var heldur ekki sannfærður um. Hann tuggði bara á því sem Einar þegar vissi, sem hann þegar hafði reynt. Hann þekkti brunann. Og þótt hann þekkti ekki orðið Naraka þá skildi hann það. Hann vissi. Helvíti, Naraka, hin svarta útsending. Nú flaug honum það í huga að hann væri brjálaður. Húrrandi. Kengruglaður. Gaggalagú. Kúkú. Það veit drottinn (ég tek svona til orða) að ekkert af því sem hann hafði reynt undanfarna daga hafði virtst honum sem neitt annað en fullkomlega raunverulegt. En það hlaut að vera vegna þess að hann væri svo stórkostlega klikkaður að fárveikur heilinn starfaði eftir öðrum reglum, nei, hreinlega á öðru sviði en í heilbrigðum einstaklingi. Einkennilegt var þó, varð hann að viðurkenna, að þrátt fyrir að vera svo fljúgandi ruglaður skyldi hann vera meðvitaður um einmitt það. Hann vissi að hann var brjálaður, svo brjálaður að brjálunin virtist fullkomlega óbrjáluð. Það kann að hljóma eins og vitleysa, en sýndist Einari fullkomlega rökrétt. Enda rök hins brjálaða önnur og ólík rökum þess heilbrigða. Eða eitthvað á þá leið, hugsaði hann með sér.

b. (planið)

– Halló, er einhver hér!

Einar hrökk upp úr þönkum um mögulega geðveiki sína við það að kallað var skærum rómi niðri á verkstæðisgólfinu. Það tók undir á verkstæðinu. Hann kannaðist við róminn en kom honum ekki fyrir sig þar sem hann stökk upp af stólnum og fram að

skrifstofudyrnum. Hann steig fram á stigapallinn og sá holdvotan, þybbinn mann með úfinn kjölturakka í ól eiga eitthvað við hreinsiefnabrúsa. Úti rigndi.

– Góðan daginn.

Maðurinn sleppti brúsanum niður á borð, leit upp til Einars og brosti. Þetta var hliðvörðurinn frá föstudagskvöldinu. Hundræksnið gelti hvellt og virtist þurfa að míga.

– Nei, góðan daginn! Hann virtist óhemju ánægður að sjá Einar. Líkt og þeir væru aldavinir. Sjálfsagt var hann einn þeirra sem virðast ávallt glaðir að hitta fólk, sama hversu djöfullegt þeim kann í raun að finnast það. Sem alltaf brosa og hoppa og hía og trallalallalalla eins og kabarettdansarar í Weimar, algerlega óháð aðstæðum, þótt þeir hafi skitið í buxurnar eða gangi um með drep í hjartanum eða nasistar bruggi þeim launráð í ómerktum kjallara. En það var erfitt að ímynda sér að þessi apalegi maður ætti bág. Virtist fráleitt.

– Sko, bara. Hér hittumst við! Gott er að sjá að þú slappst frá holunni! Maðurinn hló að sjálfum sér og hundurinn tók undir. Það lak af þeim báðum á svo pollur var tekinn að myndast á gólfinu, rykdrullan sem var yfir öllu blandaðist vatninu svo úr varð haustgrár lögur.

– Óskaplega rignir, það er ekki hundi út sigandi, bætti hann brosandir við og benti niður á gjammandi skepnuna. Maður þarf að gæta sín á pollunum, sagði hann svo og stappaði niður fótunum svo skvampaði í skónum. – Ég hélt barasta ég ætlaði á kaf.

– Hvað get ég hjálpað þér með? spurði Einar þar sem hann gekk niður tröppurnar í átt að manninum og hundinum sem virtist þegar hér var komið við það springa, hvort sem var utan af hlandi eða úr sálarangist.

– Svona, Svanur, garmurinn minn, sagði maðurinn blíðlega og beygði sig niður til að strjúka hundinum sem nötraði af æsingi. – Hann á enn þá dálítið bág með ókunnuga, bætti maðurinn afsakandi við, reisti sig svo við og rétti fram innkaupapoka sem hann hafði geymt samanvöðlaðan í öðrum armkrikanum. Kannske voru viðbrögð rakkans við ókunnugum skynsamleg. Margir eru fávitar og ófáir eru hreinlega fól. Einar tók við pokanum og leit ofan í hann. Þar var gamall veggslampi úr látúni, perustæðin tvö voru í líki snáka með uppglenta kjafta sem fyrir vikið hafa vírst spúa ljósi þegar kveikt var á. Svo er komið fyrir drekum á tímum raflýsingar.

– Alveg er nú veröldin mögnuð, hm, að ég skuli hitta þig fyrir hér! Svei mér. En já, jæja. Apinn ræskti sig og gerðist lítið eitt mannalegri. Hélt svo áfram: Mig langaði að vita hvort

eitthvað væri hægt að lappa upp á þennan gamla vesaling, sprauta hann í einhverjum fallegum lit, til dæmis. En nú veit ég fyrir víst að það er hægt, því trúðum sem skokka um nætur er ekkert ómögulegt! Svo hló hann aftur hvelld að sjálfum sér, fullkomlega sannfærður um eigin skáldagáfu. Einar myndaðist við að brosa en geðjaðist ekki að yfirdrífinni alúð mannsins. Þar að auki var honum þegar illa við hundinn sem skalf á beinunum og virtist tilbúinn að glefsa í hann við minnstu hreyfingu. Í þriðja lagi var óttalega smápeninga að hafa fyrir svona verk miðað við þá fyrirhöfn sem þau þó kostuðu. Nú og svo hafði drottinn Yama náttúrulega hlegið frekjulega upp í opið geðið á honum skömmu áður. Tæpast ætti því nokkurn að undra þótt karlanginn væri fremur illa fyrir kallaður.

– Hvaða lit hafðirðu hugsað þér á lampann?

– Einhvern fallegan. Engan sérstakan meina ég. Dettur þér ekki í hug hvað gæti farið honum vel, þú þekkir þetta náttúrulega?

Spurningin kom flatt upp á Einar. Hann átti frekar að venjast kúnnum í svipuðum erindagjörðum (uppgerendur, sem við getum kallað) sem höfðu svo fullkomna trú á eigin fegurðarmati að samvisku sinnar vegna urðu þeir yfirleitt að hundsa fullkomlega allar hans athugasemdir sem vörðuðu praktískar hliðar púðurlökkunar. Kúnna sem mátu hárrétt glansstig og fullkomin blæbrigði lita meir en ástina, lífið og bjartar sumarnætur í Öxarfirði – eða svo gott sem.

– Það veltur nú fyrst og fremst á lit veggjanna. En sjálfsagt líka húsgögnum og-

– Þetta er nú ekki fyrir sjálfan mig.

– Jája, þá þar sem ljósið á að fara upp.

– Æ, nei. Ég veit ekki. Þú finnur eitthvað fallegt, hmm. Er það ekki? Ég treysti þér fullkomlega. Þú gerir þetta eins og þér sýnist réttast. Út, út í regnið með mig!

Apinn var þegar tekinn að feta sig fram að dyrunum og gaf Einari ekkert færi á að malda í móinn. En satt best að segja hafði hann ekki gert sig líklegan til þess. Hann velti því bara fyrir sér hvað hann skyldi gera við lampann. Ljósið. Hann hafði naumast rænu á að taka undir kveðju mannsins sem gólaði úr dyrunum og hvarf út í úrhellið. Það var ekki fyrr en maðurinn var farinn og Einar hafði staðið nokkra stund og velt ljósinu á milli handanna sem hann áttaði sig á því að hundurinn gelti ekki lengur svo undir tók í salnum. Hann áttaði sig í kjölfarið að hann hafði ekki fengið uppgefið nafn hliðvarðarins eða símanúmer, hafði ekki gefið upp neina upphæð fyrir verkið eða yfirleitt nokkuð annað

sem slíkum viðskiptum tilheyrði. En hann hafði ekki minnstu áhyggjur af því. Raunar stóð honum fullkomlega á sama. Hann gekk að fatasnögunum við salernið, enn með ljósið á milli handanna, greip jakka af snaga og hugsaði með sér: svartur. Rauður flísjakkin hékk enn á framhandlegg Einars þegar hann steig út í regnið. Það var dýrðlega grátt. Einar var enn hugsí og veitti ekki athygli stórum drullupolli á bílastæðinu miðju, yfir niðurfalli sem verið hafði stíflað frá vorinu. Hann óð út í pollinn og bölvaði þegar hann blötnaði í fæturna en hélt engu að síður áfram og stakkst þá á bólakaf. Pollurinn gleypiti hann sem aftur gleypiti dálítið vatn sem hann svo örskömmu síðar skyrpti hóstandi út úr sér, standandi gegndrepa undir pollinum.

Einar stökk upp og teygði sig í neðanvert niðurfallið en það var úr ryðlitri gufu svo fingurnir runnu í gegnum það og drógu á eftir sér drullurákir í vatnið sem vokaði yfir honum. Hann lenti ekki aftur á fótunum heldur hélt áfram að falla, fyrst hratt eins og eftir stökk en svo smám saman minnkaði fallhraðinn uns hann smástöðvaðist og flaut þá í lausu lofti og hringsnérist hægt um sjálfan sig. Hann sá ekki lengur í pollinn, sá ekki lengur ræsið og gráan himininn þar yfir, var nú umlukin ofsabjörtum sortanum á alla vegu og gafst upp á því að freista undankomu. Til hvers væri það? Hann var ekkert fífl. Um stund naut hann þyngdarleysisins, hann fann hvernig buxurnar léku að því er virtist ofurléttar (réttara væri auðvitað að segja fullkomlega þyngdarlausar, en okkur er ótamt að hugsa á þeim nótum) um leggina og ef hann lagði sig fram, iðaði mátulega, snertu þær þá hvergi. Höfum nú eitt á hreinu: þessi reynsla Einars var ekkert í líkingu við draum. Hann hafði aldrei reynt nokkuð sem var svo afgerandi raunverulegt. Einmitt hér og nú, þá og þar, þarna ofan í pollinum, sannfærðist hann um það að hann væri hvorki að dreyma né að hann væri geðveikur. Hann hringspannst um sjálfan sig og dró sig saman í fósturslíki, tók sundtök og lá teinréttur og vissi upp á hár að hann var bæði sérstakur og eintómt stjórnuryk eins og allir og allt. Með opin augun sá hann ekki neitt en jafnframt sá hann allt. Hann fylgdist með eggjandi dansi róteinda og nifteinda í kjarna atóms og brosti að hringavitleysu móðursjúkra rafeinda þar í kring. En hlægilegt. Allt virtist honum vera eintómur tilbúningur en sú takmarkaða verund (allt) var jafnframt alger og endanleg og fullkomlega sönn. Jafnvel í Hollywood vita spámennirnir að teiknimyndafígúrir eiga ekkert erindi á milli tilvistarstiga, á milli heima; að taflmenn verða að þekkja sín takmörk og að fjórar víddir eru algert hámark þess sem hinn torræði heili mannsbarnsins ræður með góðu móti við. Slíkar vangaveltur máttu þó víkja fyrir undrun og tærri gleði. Hann hagræddi skipan sólkerfa í fremur afkáralegri stjörnuþöku sem rak stefnulaust hjá og

potaði varfærnislega í hálfkörüð drög að vesældarlegu svartholi sem hékk þar skammt frá á lúnum hattastandi úr basti. Um allt lágu hraðbrautir undarlegra tákna og úreldra kenninga, fúmm fúmm fúmm. Æsingur og tryllingur og nærri því smá hryllingur en okkar maður lét hann ekki ná til sín. En á milli atóma syntu líka fjörfiskar og olíuflutningaskip og skapgæfir jarðskorpuflekar og þeir stukku í gegnum svarthol sisvona og komu heilir út úr þeim aftanverðum en árbúsundum síðar eða degi fyrr og kannske í einhverra ellefuþúsundáttafjögur þúsunda parseka fjarlægð og voila, til var orðið líf sem svo fyrir eina einustu helvítis örðu úr einhverju löngu molnuðu tungli var andartaki síðar bara alls ekki meir og þannig gekk það áfram og til baka og upp og niður og út á hlið. Dauði, líf, dauði, kannske líf, en nei, og jú, og líf og dauði o.s.frv., o.s.frv., o.s.frv. Og svei mér þá ef þetta var bara ekki dálítið eins og kvakið í ofursmellinum sem við öll þekkjum þótt við ráðum ekkert við að taka undir þegar við heyrum hann leikinn, þessum sem kýrnar á Suðurlandi elska og kallar á skrýtnar geiflur og tár: Hver dagur sem þúsund ár og öfugt, nema bara eilífðin var hundraðshluti úr einum þúsundasta úr sekúndubroti eða allur tíminn í heiminum og þó alls ekki neitt neitt en allavega var það svo að skyndilega sat Einar á litlum trébekk í myrkrinu (og sá þó vel allt um kring). Og fyrir framan hann sat alvöruþrunginn Helgi í sömu fallegu fötunum og fyrr.

– Sæll, Einar

– Sæll, sjálfur. Óþægilegur er bekkurinn. En andskoti er þetta huggulegur staður, hérna hjá þér. Og fötin ennþá fín. Hvert ferðu með þau í hreinsun?

– Þú hefur ennþá ekki sagt neinum frá lífgeislanum, frá frumhreyflinum. Frá mér.

– Ég hafði gaman af stjörnuþokunni.

– Ég veit ekki neitt um neina stjörnuþoku. Hlustaðu á mig, drengur. Þú þarft að segja fólki frá mér!

– Ég skil reyndar ekki hvers vegna ég þurfti að koma niður í gegnum pollinn, en það var svo sem ekkert hræðilegt.

Helgi stóð á fætur, gekk að Einari og settist á hækjur sér fyrir framan hann.

– Hæ, hæ, halló. Herra minn. Þú veist hvað þú þarft að gera.

– Biðja með prestinum? Hann flissaði.

– Segðu frá.

– Frá Ganessja og Yama? Frá hinni svörtu útsendingu? Hvað ef ég vil bara vera hér?

– Þú þarft að segja frá mér. Og hættu þessu fjárans indverska rugli, þessari villu frú B. og andatrúarvitleysinganna.

– En ég hef gaman af því.

– Þetta snýst ekkert um gaman, drengur. Þetta snýst um ljósið. Um lífið. Um diexelixis og dysexelixis.

– Dix-hvað? Dicks.

– Um lífið.

Utan úr ofsabjörtu myrkrinu nálgadist nú kona. Hún var dökk á hörund, með biksvart hár og í augntóftum hennar glóðu tvær hnellnar sprengistjörnur. Einar fylgdist með henni ganga í átt til þeirra en Helgi ókyrrðist, stóð á fætur og snéri sér í átt að henni

– Hvað vilt þú, fröken?

Konan svaraði honum engu en nálgadist þá enn og Einar sá að hún brosti. Um hálsinn bar hún íburðarmikið men úr flabeini sem tálgað var í hauskúpur. Hún var óhemju falleg fannst Einari og bar sig eins og sá sem aldrei hefur lotið fyrir neinu nema nákvæmlega því sem honum sjálfum sýnist. Í einni hendi hélt hún á brosandí dúkkuhöfði, sem blikkaði augum þegar það sveiflaðist til með hreyfingum handarinnar. Einar þekkti slíkar dúkkur frá því börnin voru lítil, augu þeirra lokast þegar þær liggja flatar.

– Ég spurði hvað þú vildir, Ká. Helgi var argur.

– Mig langaði bara að hitta ykkur, 'skan. Fannst ég verða að gera það. Ertu nokkuð að fylla karlgreyið af vitleysu?

– Að sjálfsögðu er ég ekki að því. Þó finnst þér það eflaust, níhilisti.

– Láttu ekki svona, H. Ég er enginn níhilisti. Það er ósköp einföld niðurstaða rækilegrar athugunar að ekkert skiptir máli. Ég er materíalisti, ef eitthvað er. Hlutir verða, eru og eyðast og sveima um geiminn og kjarna stjarnanna og svo framvegis og þar fram eftir götunum. Þess vegna reynum við bara að hafa það gott og vera góð hvert við annað. Þetta veistu eins vel og ég, elskan.

Nú varð doktorinn reiður (hann var stuttur í honum, þráðurinn), steytti vísifingur að konunni K. sem enn brosti, og hvæsti:

– Ekki koma hingað með þennan þvætting!

Hún hló hæðnislega að honum og sendi fingurkoss, dró sér appelsínugult og svart reiðhjól utan úr sortanum (þó sýndist það stundum blátt) og hjólaði á því burt. Hún sönglaði lagstúf sem hvarf út í tómið: K for the way my DJ cutting, en Einar þekkti ekki laglínuna.

– Gamla herfa, sagði Helgi sem var rjóður í framan og fremur tætingslegur eftir upphlaupið.

Einar lék sér að því að hnýta litlar kindur úr þræði sem hann dró úr buxunum sínum, sem síðan hlupu jarmandi og sem óðar væru eitthvað út í fjarskann. Hann hugsaði með sér að K virtist hafa komið þar við bara til að ergja Helga. Og hann vildi óska þess að hún hefði staldrað lengur við.

– Tja, þú getur svosem kallað hana gamla, sagði Einar svo, en herfa er hún ekki. Það meinti hann innan úr merg. Þó talaði hann lágt, ofurlágt. Það væri beinlínis rangt að segja hana hafa verið herfu (að því gefnu að herfa sé ófríð kona).

– Hún er fífl. Kynvillingur. Og útlendingur.

– Er það glæpur? spurði Einar og meinti það í einlægni.

– Við þurfum ekki útlend svör, útlenda speki. Og þér sjálfum er hollast að hætta þessu indverskurugli. Þau láta þig brenna, eyðast. Þau skilja okkur ekki. Og þykjast ekki þurfa þess. Þú heyrðir hvað skrukkan sagði.

– Hún er ekki skrukka.

– Hættu að andmæla! Þú hverfur, viltu það? Viltu hverfa, eyðast?

– Er það eitthvað verra en þessi svarta útsending?

– Auðvitað! Hverslags spurning er þetta. Það er fullkomnun hennar!

– En hvers vegna þarf ég eiginlega að segja frá þér? Ég skil ekki hvers vegna þú heimtar það. Hvað þýðir það? Og hvers vegna ætti nokkur að hlusta á mig? Ég er rennismiður, Helgi, ekki spekúlant.

– Spurðu ekki svona eins og krakki, gerðu það bara. Gerðu það eða þú hverfur. Heyrirðu það? Þú hverfur, sisvona. Það virtist togná á síðasta orðinu, -vooonnnnaaaaaa ... , og röddin smá lækkaði uns hún var naumast greinileg druna sem buldi jafnþétt um gímaldið. Einar fann sig léttast á ný, hann léttist og léttist og tókst á loft og gisnaði og loks losnaði hann hreinlega í sundur og varð að bráðfallegum geisla og svo fyrr en varði sat hann aftur efnis- og hlussulegur við borðið á kaffistofunni með rjúkandi mjólkurbland í glasi. Grimmi sat gegnt honum og maulaði samósu. Með henni drakk hann blandaðan ávaxtasafa úr lítilli fernu. Kaffistofan hringsnérist rangsælis á jöfnum hraða um sjálfa sig ofan á heklunál í hannyrðakörfu gamallar konu en Grimmi virtist ekki veita því minnstu athygli. Einar ákvað þess vegna að gera ekki veður úr því. Óþarft væri að hræða karlangann fyrst – það varð hann bara að viðurkenna – tæpast yrði við neitt ráðið.

– Nú, ég sagði honum bara að henda helvítis felgunum, það væri ekkert hægt að gera fyrir þær. Hann varð nú ekki sérstaklega ánægður en drattaðist þó með hana aftur út. Fer sjálfsagt eitthvað annað, en það stendur þá bara upp á hann sjálfan þegar þetta rusl leggst saman. Grimmi var í miðri sögu þegar Einar, í einhverjum skilningi, bar að.

– Akkúrat, svaraði Einar sem fylgdist með gríðarmiklum garnhnyklum og heklunálum þjóta hjá glugganum.

– En annars kláraði ég bara ljósin fyrir þá niðurfrá, eins og við töluðum um.

– Fínt.

– En jæja, djöfulsins vaðall er þetta á manni. Maður er að verða eins og kelling. Hann gerði sér upp hörku sem fór honum kjánalega.

Grimmi gerði sig líklegan til að standa upp en saug fyrst hraustlega úr safafernunni svo hrygldi í henni. Við svo búið stóð hann upp og gekk fram að dyrunum. Einar velti því fyrir sér hvort hann ylti nokkuð út. Hann íhugaði að stöðva Grimma en eitthvað sagði honum það vera óþarft svo hann þagði. Hann myndi í versta falli lenda á grófu lopabeði svo klæjaði undan. Það væri ekki heimsendir, hélt hann. Karlinn gæti klórað sér. Það fór enda svo að einmitt þegar Grimmi steig út um dyrnar stöðvaðist kaffistofan bæði ofurskarpt og -mjúklega eins og angóraullargarn og svo heppilega vildi meira að segja til að hún stöðvaðist nákvæmlega við tröppurnar sem Grimmi svo fetaði svo niður á gólf. Einar þurfti vísast ekki að hafa áhyggjur af honum og stóð upp. Þá var kallað neðan af gólfi:

– Þú manst svo fundinn. Átta í kvöld. Í gömlu templarahöllinni. Gengið inn að bakvið. Hann beið ekki svars heldur setti sandblásturskassann í gang. Einari létti. Sjáðu til, stundum kærði hann sig ekki um að svara fólki. Jafnvel þótt hann vissi svarið og vissi eins vel að svarið félli þeim sem spurði í geð. Svör eru stundum dálítið eins og steinskurður, fannst honum, og þegar skorið er í stein þarf að gæta þess sérstaklega að gera ekki mistök. Best er að byrja að undirbúa slíkt verk með góðum fyrirvara, velta rækilega fyrir sér fyrirhugaðri áletrun og spyrja sig þess hvort ef til vill færi betur á því að nota þetta orð fyrir hitt, færa hitt fram fyrir þetta og þar fram eftir götunum (hann leiddi ekki að því hugann að stundum getur það kallað yfir mann fullkomna örvæntingu að ígrunda hluti of vel – hann átti enn eftir að læra það). En hann færi á fundinn, það var víst. Mögulega hafði það verið ákveðið strax þegar gangverki tímans var hrundið af stað og yrði ekki hnikað sama á hverju gengi. Hvað hann vildi á fundinn vissi hann aftur á móti ekki.

c. (sigling)

Einar tók stóran sveig í kringum pollinn á planinu á leið sinni út í bíl. Hann ræsti bílinn og um leið gusaðist svartur hávaðinn út um hátalarana. Á víð og dreif um himininn syntu makríltorfur sem virtust ekki kippa sér upp við það þótt hann æki meðal þeirra á heimleiðinni. Makrillinn stýrist af hreinni eðlishvöt og hver taug fiskanna vissi að frá þessu grænleita stálhveli stafaði engri ógn. Lögurinn mikli er bara blár rétt við yfirborðið, mestan part er hann svartur svo Einar kveikti á kösturinum framan á bílnum.

Silfurbröndóttar vöðurnar sindruðu í geislunum. Af og til styggðust þær við botnvörpur kjarnorkuknúinna skuttogara sem hér og hvar sátu um þær svo fyrir kom að Einar sá ekki svo mikið sem fram á vélarhlíf bílsins og neyddist til að taka krappar dýfur niðurfyrir vöðurnar. Þegar Einar hafði endanlega flúið kraðakið velti hann því fyrir sér hvort glitskýin sem hann hafði flúið væru úr norsk-íslenska stofninum og þá hvort Íslendingar ættu ekki algert tilkall til hans, hann væri jú kominn inn yfir landið sjálft. Hann gafst þó fljótlega upp á þeim vangaveltum enda alþjóðalög fremur leiðbeinandi en afdráttarlaus eins og Íslendingar vita þjóða best (ég tek svona til orða, eflaust kæmi í ljós að aðrar þjóðir vissu það betur ef unnt væri að mæla þvíumlíkt. Engin remba hér) og þar fyrir utan var hann illa að sér í þeim fræðum.

Þegar Einar kom suður að kakómaltsbrúnni Glerá tók hann eftir því hvernig nýræktað grenið sem stóð keikt í reglustikuðum röðum undir hömrunum dansaði með straumum dagsins, eins og fólkið sem hringir úr bílnum og heimsækir kunningja og elur upp börn, og hann hugsaði með sér að ef hann bara tæki af sér trúðaskóna gæti hann líka dansað. Og hann fylgdist með fólkinu dansa eins og trén þar sem hann damlaði niður eftir Borgarbrautinni og yfir hornréttar villurnar í klettaborginni þar sunnan við og hann skrúfaði upp í hinni svörtu útsendingu þangað til rúður bílsins sprungu og splundruðust utanaf henni og drukknaði þá í Norður-Íshafi sem streymdi svo frískandi en skítugt inn yfir hann sem var nú kominn heim og leið út um bílgluggann og inn um hurðarlausar dyrnar að íbúðinni hans litlu.

Einar synti inn á það þar sem hann afklæddist og fór í sturtu. Hann þreif af sér rykið og seltuna en að því loknu stóð hann bara kyrr. Hann stóð og starði. Hann starði á alla

tómu sjampóbrúsana sem stóðu kísilgráir á fjærenda baðkersins sem líka var sturtuklefi. Og svo snerti hann á sér typpið. Það var lint og hann hnoðaði það. Hann hugsaði um þingkonuna frá því um aðfaranótt föstudagsins og um Dúnu á gula bílnum. Þær voru ekki ósvipaðar þegar allt kom til alls, þótt sú síðarnefnda væri heldur lifaðri og klæddist ekki jafn fallegum fötum. Og hann gat ómögulega ímyndað sér að þingkonan reykti. Hún stundaði áreiðanlega sjósund, hugsaði hann með sér. Hann hugsaði og hugsaði og hnoðaði og hnoðaði en ekkert gerðist. Atburðir dagsins leituðu á huga hans. Þeir lögðust ekki þungt á hann, hann átti ekki bággt, en þeir ruddu öllu öðru sem hann reyndi að leiða hugann að í burtu. Börðu það niður (og skyldi nokkur lá honum?). Og fröken K.³ kom upp í hugann. Myrk og hæðin, með hárið svarta og hálsfesti úr höfuðkúpum vesælla manna. Hún brosti við honum og hjólaði alveg upp að honum og stöðvaði þar. Og hún strauk honum um vangann. Og hann langaði til að kyssa hana. Og hann hnoðaði og hnoðaði og harnaði. Hún lagði undir sig allan huga hans og breiddist niður líkamann, niður nefholið, hálsinn og barkann, ofan í lungun og hjartað og þindina, þaðan í nýru og lifur, allan óralanga meltingarveginn eins og hann lagði sig og þvagblöðruna og þaðan út í typpi og pung. Og hann hnoðaði og hnoðaði. Kippti og togaði. Hann studdi sig við vegginn þegar hann svimaði og hann var tekinn að skjálfa og hann muldraði: Kālī, Kālī, Kālī, og vissi nú upp á hár hver hún var og hann hélt áfram: Om kreem Kālikāye namah, om kreem Kālikāye namah, þartil hann fann loks innri stundarfriði. Orðin hafði hann aldrei heyrt eða lesið. Þau voru honum send. Og einmitt hér höfðum við misst hann. Hann myndi vita meira en við öll til samans. Myndi reyna meira, tengja fleira, trúá meiru og finna. Hallelúja.

Eftir sturtuna eldaði Einar sér asískan pottrétt eftir uppskrift sem hann hafði séð í einu bæjarblaðanna. Hann brytjaði, reif, marði og muldi, steikti svo og át. Maturinn var góður. Hann var líka hollur. Og eins og við munum var Einari umhugað um heilsuna. Það var einmitt þess vegna sem hann geymdi uppskriftina. En þegar hér var komið við sögu var hollusta Einari ekki svo hugleikin. Hann einfaldlega langaði til að smakka umræddan rétt. Bragða á honum. Eins og samósu. Og veistu nokkra betri ástæðu til að borða nokkuð? Gerðu það fyrir mig að segja ekki eitthvað á borð við: Til að lifa af! – það má auðveldlega leysa með nál og glærri lausn í æð. Að borða til að bragða, innbyrða til að finna. Meðtaka og tryggja og kyngja eða spýta. Hann hrækti engu út. Þegar Einar hafði lokið við matinn fór hann í skyrtu og hnýtti á sig bindi og datt svo um stund inn í hina svörtu útsendingu í

3 M.ö.o. Kālī.

sjónvarpinu áður en tími var til kominn að halda á fundinn í templaravirkinu (sem hafði ekki staðið undir nafni um áratugaskeið og hvar oft var drukkið ótæpilega). Fundinn okkar.

III.

10. ágúst 2011, kvöld

Nú er komið að mér. En hafðu ekki áhyggjur, áfram munum við einblína á Einar rennimeistara og gúrú. Svo ég segi eins og er þá þótti mér ekki ýkja mikið til hans koma þegar við hittumst fyrst. Það er hlægilegt til að hugsa núna. Eins og ég sagði var hann í skyrtnu og með bindi en við þetta klæddist hann skítugum vinnubuxum og öryggisskóm. Hvílík fegurð. Hvað um það. Mætingin var góð og ég hafði rétt lokið við að þakka fólki fyrir komuna og þvaðra dálítið eins og til heyrir og var um það bil að fara að ræða þá texta sem vera áttu til umfjöllunar þegar hann kom askvaðandi inn í salinn. Ég bauð hann velkominn og benti honum á að setjast. Ég sá að Steingrími – Grimma eins og þú þekkir hann – þótti síðbúin innkoma Einars vandræðaleg og hann dró sig lítið eitt saman í sætinu. Ég lét sem ég sæi það ekki og aðrir virtust ekki veita því neina athygli. Við höfðum ætlað að ræða ansi upplýstan texta eftir jógan Rahemesha sem ég hafði rekist á í tímariti og dreift til félagsmanna á fundi vikuna áður. Því byrjaði ég að reifa lauslega helstu atriði greinarinna, hugmyndir meistarans um moksha fyrir tilstilli ítrekaðra, langra ísbaða og hráfæðismataræðis. Ég hafði ekki talað lengi þegar ég tók eftir því að Einar átti bággt með að sitja kyrr. Hann ók sér í sæti sínu fremst við dyrnar, ekki ólíkt barni í messu, hallaði sér fram á næsta stólbak og sló með fingrunum á það óræðan takt. Þá virtist ekki ólíklegt að hann væri einfaldlega stressaður, hann var jú að mæta á fund í fyrsta skipti og eftir því nervös. Systkinaband hinnar björtu útsendingar kann að virðast leikmönnum dálítið undarlegt á þessum tímum básúnaðrar rökhyggju og mótsagna, það viðurkenni ég fúslega. Eins og ég hef sagt þá vissi ég þegar þarna var komið við sögu ekkert af því þá sem ég veit nú. Ég reyndi því að leiða lætin hjá mér um sinn og aðrir félagar, einkum Unnsteinn aðstoðarmaður minn og Ragna bryti, voru byrjaðir að leggja orð í belg. Unnsteinn er mér yfirleitt sammála um þessi mál. Ég held eða vona að það sé vegna þess að skoðanir hans séu líkar mínum frekar en að hann sé svo fylgispakur. Kannske er það sittlítið af hvoru.

Hvað um það, Ragna hafði efasemdir um hráfæðishlutann og ég sá að ýmsir fundarmenn deildu þeim efasemdum. Ragna er enda listakokkur. Og öll kunnum við að njóta góðrar kjötsúpu. Umræður eru af hinu góða, fyrir tilstilli þeirra má leiðrétta ýmsar hugsanavillur sem upp kunna að koma hjá hinum óupplýstu. Því veltum við hugmyndum meistarans upp og ég viðurkenni að ég hætti að fylgjast sérstaklega með Einari. Veit þó að hann hélt áfram að slá takt. Og að hann kinkaði af og til kolla, í það minnsta ekki sjaldnar en hann setti í brýnnar eða hristi höfuðið lítillega.

Fundurinn var prýðilegur. Dálítið upplýsandi, eins og mig hafði svosem grunað fyrirfram að hann yrði. Að honum lóknum færðum við okkur svo yfir í tesalinn þar sem eins og venjulega beið stór pottur af af rötarsóði. Pottur þessi var aldrei látinn tæmast en af og til bætti Ragna í hann lítra og lítra eða tveimur eða þremur sem hún sauð eftir kúnstarinnar reglum í minni potti. Yfir sóðinu ræddum við, fundarmenn, svo áfram þær hugmyndir sem voru til umfjöllunar á fundinum en auk þeirra önnur og hversdagslegri mál. Sem meiri fiskilykt var af, í laginu eins og blöndungur eða hlaupaskór. Þvíumlíkt. Það var þá sem ég gaf mig fyrst á tal við Einar. Hann stóð þar dálítið álkulegur verður að segjast og ræddi vinnutengd mál við Grimma sem horfði ofan í soðskálina sína og kinkaði af og til kolla. Ég tók á mig rögg, brosti og gekk upp að þeim.

– Heill og sæll, sagði ég og rétti fram höndina. Einari virtist dálítið brugðið og hann leit á Grimma sem enn horfði ofan í skálina. Þegar sýnt var að hann myndi ekki stýra viðræðunum virtist Einar sjá þann kost vænstan að hafa orð fyrir sjálfum sér.

– Blessuð, sagði hann alvarlegur og tók í höndina.

– Ég er Maurice. Hann virtist enn ringlast.

– Einar, ég heiti Einar. Hann hélt enn í höndina á mér og við horfðumst í augu. Rétt eins og fólk stundum gerir. Ég sá þar ekkert athugavert en það þurfti svosem ekki að þýða neitt. Þessi fyrsti fundur okkar var í endurliti kannske dálítið klunnalegur. Ég sagði honum þó að ég vissi það, að ég vissi að hann hétu Einar. Ég sagði honum líka að ég hefði heyrt af honum. Eins og gefur að skilja brá honum nokkuð við það, en þó minna en ef hann hefði vitað í hvaða samhengi ég heyrði um hann. Hann var jú vinnuveitandi Grimma sem var í félaginu og það virtist vera sjálfgefinn snertiflötur okkar. Sú var þó ekki raunin. Að malaýskur sjáandi sem ég hitti á aðalbrautarstöðinni í Osló þremur árum fyrr hefði undið sér upp að mér ókunnugri og sagt mér frá hinum helga Eina, sem byggði í duftskýi við nyrsta haf hljómaði eitthvað svo hlægilegt. Ég minntist ekki á það. Eða fyndist þér það

líklegt umræðuefni? Neineinei, það er mikilvægt að kunna sig. Að kunna á fólk. Að kunna að fara að því. Að þekkja kenninguna um þá hægu aðför, og lifa eftir henni.

Ég spurði hann hvað honum hefði þótt um fundinn. Hann umlaði eitthvað um að efnið væri áhugavert þótt hann þekkti ekki vel til þess. Þá spurði ég hvort hann vildi spyrja einhvers. Nei, hann hélt ekki en þó myndi kannske eitthvað rifjast upp fyrir honum síðar. Ég sagði honum að hika ekki við að nefna það við Grimma (og til áherslu lagði ég hendi á öxlina á honum) eða hreinlega að hafa samband við mig. Ég rétti honum því næst nafnspjaldið mitt sem hann stakk í brjóstvasann. Þá hafði ég orð á því hversu fallegt veðrið væri þessa dagana. Þetta var nóg í bili, eins og sagt er. Síðar um kvöldið, þegar allir höfðu drukkið nægju sína af seyði og velt hinstu rökum tilverunnar nóg fyrir sér í bili kvöddumst við og Einar ók heim með slökkt á útvarpinu. Hann lagðist fullklæddur í rúmið, ofan á sængina. Um nóttina dreymdi hann Kālī með hálsfestina úr hauskipunum vesælla manna og skellihljæjandi dúkkuhöfuðið sér við hlið. Hún sat í leirkeri fullu af ísvatni og blístraði lagstúf. Hún nuddaði dökka handleggina með sápu og þeir vörpuðu skuggum á skýjað vatnið svo hún sýndist hafa fjóra dansandi arma. Ljósgefjafinn yfir henni var órafjarlægur frumhreyfill sem skein stöðugur í annars algeru tóminu. Um sinn var ekkert nema hann, keríð, Kālī og Einar. Allt virtist með réttu lagi.⁴ Svo gall bjallan og Einar fór á fætur og aftur var allt á skjön. Hann klæddi sig ekki því hann svaf alklæddur. Hann sótti sér pillu í pakkann í baðherbergisskápinn en henti henni í vaskinn og fór fram í eldhús þar sem himinninn yfir vaskinum iðaði svarthvítur og heilsuhristingurinn hefðbundni var gallsúr. Athugið þó að Einar lét sig hafa það að svolgra hann í sig, öllu fjárans glundrinu. Alveg ofan í botn og dreggjarnar lét hann drjúpa upp í sig áður en hann staulaðist stirður út í suðandi daginn.

Þegar Einar mætti á verkstæðið höfðu ljósin þegar verið kveikt og niðri á gólfinu glumdi útvarpið. Einar gekk beint að því þegar hann kom inn og snéri á því hnappi svo í stað líflegrar raddar barst ómenguð millirásatruflun um salinn. Hinn heilagi niður Naraka. Hann slökkti á því. Einar fór á snyrtinguna undir skrifstofunni, horfði framan í sig í speglinum yfir vaskinum og skvetti framan í sig volgu vatni. Þá sá hann líka að hann var enn með bindið frá kvöldinu áður um hálsinn. Hann tók það snarlega af sér, vafði því saman og stakk snúðinum í buxnavasann svo bunga myndaðist á lærinu. Amen, hugsaði hann.

4 IV. 11. ágúst 2011, *framan af degi*. (myndgervingar)

Á kaffistofunni sat Grimmi og fletti sjónvarpsdagskrá. Einar bauð góðan daginn og sótti sér bolla í skápinn yfir vaskinum. Þið vitið svosem hvernig þessir ármorgnar gengu fyrir sig. Yfirleitt með líku lagi. Karlarnir jömmuðu, jæjuðu, hnussuðu, fnæstu, dæstu og hummuðu. Og svo spurði Grimmi (án þess að líta upp af borðinu): Hvernig fannst þér? Einar hummaði á sjálfstýringu og Grimmi endurtók spurninguna. Hvernig fannst þér? Einar vissi hvað við var átt og svaraði nokkuð hreinskilnilega.

– Ég skildi svosem ekki allt sem rætt var um.

– Ekki frekar en allir hinir. Grimmi dæsti. Leiðin til vísdoms er torfær, sagði hann ekki. Einar þagði um sinn og reyndi að koma orðum að því sem hann vildi sagt hafa. Hummaði ofurlítið og skrapaði skítaklepra undan langri nögl.

– Þessi kona, sagði hann og Grimmi greip orðið á lofti-

– Maurice.

– Já, einmitt. Maurice. Er þetta einhver vitleysingur?

Grimmi saug upp í nefið.

– Það veltur sjálfsagt á því við hvað þú átt með vitleysing. Hún er eldklár (ég hef þetta eftir orðrétt). En hún er kannski ekki eins og allir aðrir.

– Eins og fólk er flest?

– Einmitt.

– Hvað meinarðu? Er hún rugluð?

– Nei, ekki rugluð. En óvenjuleg. Grimmi átti erfitt með að koma orðum að því sem hann vildi sagt hafa. Saman þíndust karlarni á kaffistofunni, vaðandi á einskonar sauðskinnsskóm um ískalda mýri. Þú skilur hvað ég er að fara. Grimmi var í raun undanvillingur í sinni fjölskyldu. Þar var hann svotil einn um grófar hendur. Einn um glussa undir nöglunum. Einn í skóm með stáltá. Hann var einslags tröll á meðal nokkurskonar álfa. Þriðju kynslóðar guðspekingur. Hann kom ekki í félagið til mín, ég kom til hans. Hann var að heita má alinn upp í guðspekistúkunni Stapa sem síðar, undir minni handleiðslu, varð að Systkinabandi hinnar björtu útsendingar. Hann var vænsti maður en aldrei hneigður til íhugunar á hinum fínni blæbrigðum sálarlífsins og veraldarinnar. Fólkið hans stýrði eigin söfnuðum og jógastúdíóum en hann sandblés felgur og paufaðist af gömlum vana áfram í Stapa. Hann sagði:

– Maurice er eldklár kona, alveg hreint eldklár. Svo andskoti klár að stundum hef ég ekki hugmynd um það hvað hún er að fara. Ekki glóru. En stundum skil ég og það

steinliggur sem hún segir. Opnar manni augu. Grimmi var óvenju afdráttarlaus. Við svo búið stóð hann upp, lagði dagskrána hornrétt ofan á gulnaðan blaðabunkann á borðinu og byrjaði að þylja stöðuna á vörubílafelgunum sem væru svoddan andskotans kvöl og pína og helvítis óþverri að eiga við og fullkomlega ómögulegar og eiginlega gott betur en þyrfti samkvæmt samkomulagi að vera búið að sandblása ekki seinna en fyrir helgi. Einar jánkaði dálítið hissa og skellti í sig dreggjunum úr kaffifantinum. Svo ræstu þeir vélarnar sem ræsktu sig þreytulega í gang og vinnudagurinn sigldi af stað. Mótorar öskruðu fyrr en varði fullum rómi svo frá flestum sjónarhornum gekk allt með réttu lagi.

Einar hafði ekki verið lengi inni í sprautuklefanum og bisað við að losa stíflu í blásturskerfinu þegar Yamarāja úr suðrinu gægðist glottandi og blár ofan af klefapakinu og inn í gættina.

- Gjugg í borg. Enn tórir hann! hvæsti djöfullinn og Einar hrökk við.
- Hvern fjandann viltu?
- Koss. Koss er allt sem ég vil.
- Drullastu burt, öskraði Einar þá.

Hinum megin á gólfinu leit Grimmi upp frá því sem hann var að fást við (það var ekki ýkja merkilegt, fannst honum sjálfum) og yfir að klefanum. Einar veifaði honum eins og til merkis um að hirða ekkert um öskrin. Ekki var að sjá að Grimmi sæi neitt undarlegt við klefann því hann gerði eins og honum var boðið. Drottinn Yama flissaði.

- Þú hélt kannski að hann sæi mig og þú eignaðist féлага í fárinu? Einhvern enn þá ringlaðri en sjálfan þig? Einhvern sem ekki kæmist út til að röfla í Helga og girnast elsku Káli? Einhvern jafn andskoti vesælan? Isspiss, þetta er ekki til neins og þú veist það. Þú leitar svara við spurningu sem þið mennirnir getið ekki svarað. Það er kannski tilviljun að sjálfsmorð eru orðin að umgangspest? Obbobobb, ætli það...

Einar fékk nú nóg af heimspeki lókapalans og grýtti skrúfjárnin í átt að honum en hitti ekki eða hitti einmitt svo það hrökk með fyrirgangi af klefabrúninni og þráðbeint niður á gólf. Það glumdi í klefanum og small í steypugólfinu en þau læti drukknuðu í frumgrárri kakófóníu vélanna á verkstæðinu. Yama hló hátt og glennti upp ginið svo skein í fjólugráan góm og benti á Einar og híaði.

- Vertu ekki með þessi fíflalæti, strákur. Komdu með mér og verum dús. Komdu með mér úr þessum látum, úr þessari ömurlegu útsendingu. Slepptu öllum kuklfundum og

prestsfflum og trúðalátum og vesöld. Komdu me- Yama náði ekki að ljúka orðinu heldur hvarf skyndilega inn í ljósgrænt púðurský sem þyrlandist upp um allan framhluta klefans.

– Andskotans djöfull, bölvandi Grimmi sem var þar kominn og hafði sparkað í hálffullan kassa af demantsgrænu pólýesterdufti, hálfanseruðu. Djöfulsins viðbjóður og fuss og tuff, bölvuðu þeir innan úr skýinu. Tuff og oj og jakk! Karlarnir hóstuðu báðir og frussuðu út úr sér dökkgrænni eiturleðju og hröktust fram í sal og út að dyrum.

– Djöfulsins djöfull, bætti Grimmi við þegar út var komið. Og hann strauk yfir grænt andlitið. Ég ætlaði bara að segja þér, sagði hann á meðan Einar strauk duft úr augabrúnunum, að Maurice vill gjarnan spjalla meira við þig. Ef þú sjálfur vilt, meina ég.

– Af hverju í fjandanum vill hún það? Hvernig í fjandanum veit hún hver ég er? Grimmi? Hvaða djöfulsins bull. Djöfulsins rugl! Einar sveiflaði höndunum út í loftið, svo af honum steig græn móða sem dansaði eftir hverju slagi, og stappaði niður fótunum svo hann var allur eins og umlukinn grænmattri áru. Hann stappaði og sló eins og óður maður. Eins og brjálæðingur. Eins og hundraðogtíuprósentu spítalamatur. Kleppari og fáviti. Að sjálfsögðu var hann þó hvorugt. Það er svo erfitt, sjáið til, já svo ofboðslega fjári snúið fyrir mann að sjá lengra en menn allajafna sjá. Eða hvað? Það er auðvitað margtuggið en tókum okkur augnablik í að líta til baka, eins og sagt er, á Söguna með stóru essi. Jesúsar Kristar voru læstir í dýflissum og settir í fjötra og allrarnáðarsamlegast bent á það yfir blikandi sverðseggjar að þeim væri hollast að hafa sig hæga. Það var ólíkt meiri bravúr yfir þessu áður fyrr, kynni einhver að segja. Þegar þeir voru negldir á krossa ef þeir gjömmuðu hærra en var hægt að líða. Bundnir á hrísbúnt og brenndir með viðhöfn. Svoleiðis að klappað var og hrópað húrra og bravó í geðshræringu. Eða bundnir á milli flennistórta vinnuhesta og slitnir í sundur, hinum óupplýstu til skemmtunar. Hlutaðir í fjóra búta einvaldinum til heiðurs. Hent fyrir ljónin, hent fyrir úlfana, birnina, snákana, krókódíllana, drekana, djöflana, skrímslin. Hent fyrir borð, fyrir bíla, út úr flugvélum (eða að minnsta kosti hent gaman að). Hent beinustu leið til heljar eða eitthvert áleiðis. Tilburðirnir hafa á síðri árum heldur verið tónaðir niður. Dýflissur leika aðalhlutverk. Eitursprautur og rafmagnsstólar annað heldur minna. Hinir lánsömu eru svo núorðið settir á lyf þartil þeir megna ekki að tala en þá eru þeir skikkaðir í viðtalsmeðferðir, eftir því árangursríkar. Engin guðleg innsýn stenst hina göróttu lyfjakokteila nútíma læknávisinda. Við reynum orðið að fá hina ólánsömu að taka þátt sjálfir, best er að þeir komi sér sjálfir fyrir kattarnef. Gangi í sjóinn eða hoppi fram af þaki einhverrar blökkarinnar. Þetta er ekkert til að komast í uppnám yfir. Yfirleitt er það þeim sjálfum fyrir

bestu. Oft líka fjölmörgum öðrum. Stundum bara öllum heila heiminum, eða svona hérumbil. Og alltaf er hent gaman. Það eru óttaleg örlög að vera endurlausnari. Malbikið bylgjaðist undir fótum Einars, dansaði eins og fínasta silkislæða í andvara og lét svo undan og hann sogaðist niður út úr heiminum. Honum brá ekki hið minnsta við það. Nei, ekki vitund. Malbiksslæðan spýtti honum út. Hrækti honum niður í sortann og ofsabirtuna, þetta svona líka alfullkomna tóm. Tandurhreit af öllum heimsins skít og eftir því dýrðlegt. Einar kom sér vel fyrir í hægindastól sem svo einstaklega vel vildi til að var þar beint undir sem hann lenti. Og honum þótti það hreinasta dáindis dýrð og honum flaug í hug að setja bindið aftur upp en hreinlega nennti því ekki. Stóllinn var einsog bara dálítið elskulegur faðmur. Sisvona gleymdi Einar öllu um nýaldarfélög og einskonar púka á einskonar fjósabitum. Hann dæsti.

– Helvíti laglegur stóll, sagði hann engum og sló sæll á armbríkurnar. Þess vegna kom það honum frekar á óvart þegar svarað var.

– Ætli ég viti það ekki. Helgi sat í samskonar stól hinum megin við alheiminn. Hann var í seilingarfjarlægð. Íklæddur forlata vaðmálshempu. Þetta er þýsk smíði, sagði hann og bætti við: ósköp er að sjá þig, drengur. Þú ert grænn!

– Verra gæti það verið, sagði Einar. Ég gæti verið grár.

– Jæja, hvað um það, sagði doktorinn þá íbygginn og hallaði sér fram í sætinu, en segðu mér, ert þú orðinn húrrandi vitlaus?

– Æ, hvað meinarðu núna? spurði Einar og hagræddi sér í stólnum. Hann saug skemil utan úr tóminu og kom honum fyrir undir fótum sér svo hann sat makindalegur eins og prinsessa.

– Spíritistar og jógar?

– Hvað með þá?

Jarðspekingurinn ranghvolfdi dimmbláum augunum og lét sig falla aftur í stóllinn. Hann virtist furðu óþolinmóður miðað við það annars að spinna hinni fjórvídda þorpskirkju Prousts á vísifingri hægri handar (sem þér að segja er ansi mögnuð sjón, nei, upplifun). En viðbrögð spekingins réðust ekki af óþolinmæði heldur af óþoli fyrir sjónarmiðum andstæðum sínum eigin. Upplýsing getur eins auðveldlega leitt til fullkominnar þvermóðsku og hún getur orðið til algers og skilyrðislaus skilnings. Það er þekkt lögmál, en nafnið á því er löngu gleymt.

– Þeir skilja ekki, ég er búinn að margsegja þér það.

- Hvað skilja þeir ekki? spurði Einar.

- Nú, í þínu tilviki það hvernig stíga má út úr hinni svörtu útsendingu. Eða er það ekki það sem þú vilt?

Einar svaraði engu. Hann leit í kringum sig. Litlaust tómið allt um kring fór að taka á sig mynd. Fyrst byrjuðu að myndast línur, eins og örmjóir skurðir í altómið sem svo tóku á sig ýmis form. Horn mynduðust, hallar, kantar og bugður. Óregluleg form. Ólöguleg. Ljós kviknuðu og ljós slökkuðu. Svo fyrr en varði sátu mennirnir tveir á fagursmíðuðum hægindastólunum einhversstaðar uppi á Sprengisandi um bjarta sumarnótt. Enga slóða var að sjá, engin ummerki um fólk. Kannske pípti einhversstaðar í fugli, kannske var það ekkert. Örlítil brestur í gangverkinu.

- Hvar er fröken K.? spurði Einar.

- Við komum ekki hingað til að ræða herfuna.

- Ég er að ræða hana. Hvar er hún?

- Ef þú heldur að þú finnur leið úti á Indlandi eða í gegnum brussuna á hjólinu þá ertu aldeilis á villigötum, drengur minn.

- Ég er varla drengur. Ég er miðaldra karl. Ég er atvinnurekandi og nú síðast millivíddaflakkari (ekki í raun).

- Og er það ekki að gera þig hamingjusaman? Nú glotti Helgi. Hann dró djúpt andann. Finndu þetta! sagði hann uppnæmur. Finndu hvað loftið er tært. Hér er lausnin, hér er leiðin út. Uppi á hálendi. Hérna, undir stjörnunum og norðurljósunum, í nágrenni jöklanna, skriðjöklanna, urðarinnar og grjótsins. Við erum úr þessu grjóti. Hér eigum við að byggja stöð. Stjörnusambandsstöð. Ég og þú, strákur. Loftið er ekki svona yfir söndunum við Indus. Ekki aldeilis.

Umhverfið tók að liðast í sundur eða kámast út, ekki ólíkt vatnslitamálverki sem vatni er hellt yfir. Litirnir þynntust út og dofnuðu. Og formin máðust út og um stund virtust spámennirnir tveir umluktir gruggugu vatni. En þeir voru ekki á kafi og þarna var ekkert vatn, þarna var ekkert en nýir litir smá birtust og skýrðust og urðu dýpri og ný form birtust líka og nýjar línur og loftið varð hlýtt. Svo varð það heitt og litirnir urðu að drappbláum himni og ljósbrúnni jörð og lágum hríslum á gamalli ljósmynd og sisvona sátu þeir í sömu stólum undir hvíttri sól við Indusfljót og allt var einhvern veginn eins og kjötsúpuseyði. Niðri á bakkanum bisaði hnausþykkur Asíufill við trjádrumb sem maraði í slýgrænu flæðamálinu. Þar var líka fólk, grannvaxnir menn á lendaskýlum. Þeir voru

beinaberir og svarbrúnir og kölluðu sín á milli, á tungumáli sem vel hefði getað verið móðurtunga spámanns og frelsara. Trjádrumbur á ýmsum indverskum tungumálum hljómar fullt eins heilagur og upplýsing eða algleymi eða komdu snöggvast og kysstu mig, kæri vinur.

– Er þetta þín kirkja? Eða leyfirðu kannski klofinu á þér að ráða för? Bellinum blessuðum. Þig langar í þá svarthærðu og það þarf ekki meira til að þú gleymir öllu um pliktina. Meiri heimspekingurinn.

Einar stóð upp og gekk aftur fyrir stólinn. Hann hallaði sér fram á stólbakið og sló á það takt með fingrunum. Hvít sólin var heit eins og ljósapera. Loftið lyktaði af kanil og fíkjum. Alltof sætt. Einar hneykslaðist á sætleikanum. Útundan sér heyrði hann köllin í körlunum við ána.

– Ég hef aldrei gefið mig út fyrir að vera heimspekingur, sagði hann og smjattaði á loftinu sem reyndist bragðlaust.

– Ertu kannski jógi? Eða ertu fakír, eða bara leiður og graður karl?

– Kannski er ég bara graður karl. Og hvað með það?

– Þú ættir kannski bara að tala við prestinn og mömmu þína, blessaða. Bryðja kruðerí og súpa te og signa þig og þylja svo faðirvorið vandlega í gegn um kvöldið. Iðrast eins og óþægur krakkagepill.

Einar sló enn takt á stólbakið. Reisti sig snögglega við, sveiflaði hendi og aftur voru þeir í tóminu (bókstaflega eins og hendi væri veifað). Alheimurinn á milli.

– Ykkur mömmu kæmi vel saman. Hún- Einar komst ekki lengra því Grimmi greip í öxlina á honum og spurði hvort ekki væri í lagi með hann. Það var tekið að þykkna upp og utan af firðinum sýndist leggja þoku. Bakkinn sigldi fyrir hafgölu. Grimmi sagði: Einar, er ekki allt í lagi með þig? Ég held svei mér – fjandinn hafi það – að þú ættir að hringja í Maurice.

– Þetta gerðist hratt! gelti Einar andstuttur og danglaði í grænryðgaða ruslagáminn sem stóð fyrir framan verkstæðishurðina og söng alltaf svo ámátlega þegar gerði austanátt. Þrrúnkk! heyrðist í járninu og smáfuglager þyrklaðist upp úr birkigerðinu sem skildi verkstæðið frá veginum út úr bænum. Þrrúnkk! glumdi gámurinn, eða: þrrúmmpp! Það skiptir svosem ekki öllu, þið þekkið vísast hljóðið. Já, vel að merkja – Einar var aftur staddur á planinu. Fann fyrir golunni, fann andfýluna útúr Grimma, fann þurrkkláða í hársverðinum, fann duftið þurrka andlitið, sokkana þrengja að ökkunum og svo

ótalmargt fleira sem óþarft er að nefna. Hann fann til óþæginda, aðallega. Að finna til. Við skiljum það öll á sama veg. Finnum við til einhvers góðs, einhvers sem eftirsóknarvert er að finna tiltökum við það sérstaklega. Ég finn til spennu. Ég finn til. Þú finnur til vellíðunar. Þú finnur til. Við finnum til stolts. Við finnum til. Við finnum til. Einar fann til heimsins. Hann fann til. Fann það þar og þá. Það var lóðið. Sú var raunin. Hin svarta útsending var vond. Jafnvel torrætt staglið í Helga var skárri. Jóga í afskekktum dal einhversstaðar í Himalayafjallgarðinum hlaut að vera það líka. Ef ekki beinlínis gott þá alltént dálítið skárri. Einar sagði Grimma (og talaði hratt og gaf ekki færi á viðbrögðum):

– Kaffi. Taktu kaffi. Hann gekk því næst úr skugga um að malbikið hefði aftur tekið á sig fast form, tifaði tánum varlega í kringum sig líkt og hann stæði á svelli sem komnir væru brestir í og svo var hann stökkinn af stað út að skjóðnum sínum hundtrygga. Grimmi stóð eftir á planinu og hugsaði áreiðanlega eitthvað á þessa leið: Þetta er ljóta helvítis vitleysan. Andskotans andskoti. Í þetta lætur maður flækja sig. Djöfulsins djöfull. Karlinn er orðinn kengruglaður. Helvítis andskotans helvíti. Fjandinn eigi þetta. Og hann meinti það alveg örugglega líka af heilum hug en það er önnur saga og utan míns sviðs. Jæja.

Þriðja opinberun – Hið mikla samband

11. ágúst 2011, miður dagur o.áfr.

a. (ruslahaugar)

Einar var ekinn af stað sem leið lá upp að gömlu ruslahaugunum skammt fyrir ofan bæinn. Urð og grjóti og síðan svolítilli mold hafði verið sturtað yfir ruslið og þegar gras tók að spretta var svæðið vígt útivistarsvæði við hátíðlega athöfn. Í tiltekinni vindátt mátti enn finna fnykinn af fjársjóðnum sem undir leyndist og ákveðin meinhorn í bæjarlífinu sögðu að þar uppfrá sprytti einkennilegur arfi. En þangað stefndi Einar óháð því. Þar sem hann ók hóstandi jeppanum upp að svæðinu þreifaði hann í vösunum eftir nafnspjaldinu sem ég hafði látið hann hafa á fundinum kvöldið áður. Það var í brjóstvasa skyrtnunnar sem hann hafði verið í frá því fyrir fundinn og hann hampaði því sigri hrósandi. Skammt ofan bæjarins fyllti hressilegur fnykur af hrossataði vit Einars og sér á vinstri hönd sá hann glitta í efstu kofaskrifli gömlu hesthúsabyggðarinnar sunnan bæjarins sem smám saman var að hverfa undir hrossataðshrauka og nýbyggð sem eðli málsins samkvæmt var óvinsæl og stóð því sem næst auð. Þetta var dulúðugur staður þar sem tvennir eða þrennir tímar mættust og þögðu í sameiginlegri skítafýlu og vesöld. Einar jók í kjölfarið hraðann eins og til að stinga þessi rislágú tímamót af og var fyrr en varði kominn inn á bílastæðið uppi í fellinu, í vari fyrir taðfnyknum og vonleysinu og hverju öðru því sem fylgir óumflýjanleika af því tagi sem þarna um ræddi. Hann lullaði á bílnum í stæði fjærst veginum neðan úr bænum og drap þar á honum. Yfir bæinn allan hafði lagst fiðurmjúk þoka utan úr firðinum svo ofan af bílastæðinu var bærinn svo að segja algerlega hulinn sjónum. Hér er einskismannsland, hugsaði Einar með sér. Eða eitthvað í þá veru. Hann vildi frið. Á stæðinu stóð einn annar bíll en enga manneskju var að sjá í nágrenni hans. Þetta var ódýr bíll af gamalli árgerð, drusla eins og sagt er eða jafnvel hræ og Einari þótti eins líklegt að hann hefði staðið þarna síðan stæðið var rutt eða hreinlega frá því að landið reis úr sæ og mótaðist og það að honum hefði verið ekið þangað þá um morguninn. Gott ef fífilshaus stóð ekki út úr annarri afturfelgu hans. Undarlegur fífilshaus. Og þó, líklega var

það missýn. Að hann sprytti upp úr felgunni það er að segja, undarlegur var hann. Í öllu falli var Einar einn í þokunni. Einn um sinn. Einn á stæðinu og þá nógu einn til að taka upp á furðulátum eins og þeim að hringja í einhvern nýaldarhippa og svikamiðil sem hann þekkti að heita mátti ekki neitt. Það er að segja mig en á umræddum tímapunkti hugsaði Einar til mín á þessum nótum. Hann sat um stund þegjandi í bílnum sem stóð á stæðinu sem rutt var í hlíðina sem teygði sig upp úr þokunni sem lá yfir bænum sem stendur við fjörðinn sem geispar að nyrsta hafi. Hélt á nafnspjaldinu mínu í annarri grænleitri hendi og þreyttum símanum í hinni. Það var fyrst þá að Einar tók eftir því að á nafnspjaldinu var ég titluð *Ms. M. Nielsen, framkvæmdastjóri* og að við titilinn stóð nafnið *Reginn holdings ehf.* Það er einkennilegt nafn á fyrirtæki, hugsaði hann með sér. Átti í raun við að það væri einkennilegt nafn á fyrirtæki sem stýrt væri af konu. Hljómaði frekar eins og nafn á dekkjaverkstæði eða kannske séerverslun með lagnavörur, skúffufyrirtæki í suðrænni paradís eða móturhjóla- og glæpaklúbbi. Eitthvað í þeim dúr. Hann hafði hugann þó við annað og það var ekki fyrr en hann hafði setið í bílnum um nokkurra mínútna skeið að hann hafði sig loks í það að hringja í númerið á spjaldinu. Hringja í mig.

Ykkur að segja var ég á fundi þegar símtalið barst. En því fór fjarri að örlög heimsins yltu á honum svo án þess að vita hver hringjandinn væri afsakaði ég mig og yfirgaf herbergið. Ég svaraði.

– Uh, halló. Maurice? sagði Einar.

Ég jánkaði því.

– Já, sæl. Einar heiti ég.

Ég heilsaði. Og spurði hvað ég gæti gert fyrir hann.

– Þú manst varla eftir mér. Ég kom á fund hjá þér í gær.

Jú, ég sagði honum sem var að ég myndi allvel eftir honum. Þó það nú væri, degi síðar. Það hefði verið ánægjulegt að sjá nýtt andlit á fundi. Ég sagði ekkert um það hvað mér fannst að sjá einmitt þetta andlit á fundi. Öllu heldur að fá manninn á bak við andlitið á fundinn (andlitið var ekkert höfuðatriði).

– Já, einmitt. Þetta var prýðis fundur. Og súpan góð.

Ég skaut því inn að það sem hann ætti við væri seyði. Það var sjálfsagt óþarft af mér. En hann kippti sér ekki upp við það, blessaður.

– Já, einmitt. Seyðið. En ég velti því fyrir mér – það er nú hálf snúið að koma þessu út úr sér – hvort ég gæti mögulega fengið að ræða við þig.

Um fundinn?

– Ö, já. Eitthvað í þá veru.

Það var sjálfsagt. Ég spurði hvaða tíma hann hefði í huga.

– Helst sem fyrst.

Ég sagðist vera laus. Það var lygi. Hálflygi. En líkt og ég sagði fyrr, tilvist heimsins valt ekki á fundi mínum með tveimur norskum kaupsýslumönnum. Hún hefur aldrei oltið á fundi kaupsýslufólks og mun aldrei gera. Eða það leyfi ég mér að vona. Ég bauð honum að hitta mig tuttugu mínútum síðar í sal Systkinabandsins.

– Þakka þér fyrir, það væri ágætt. Það þarf nú samt ekki að vera alveg svo fljótt, sagði hann þvert gegn því sem honum í raun þótti. Mig grunar að hann hafi á einhvern hátt vitað það upp á hárf að ég kæmi ekki til með að fresta fundinum. Ég sagði sem var, að mér fyndist við ómögulega mega fresta að ræða saman svo þar við sat og við kvöddumst.

Einar ók rakleiðis ofan úr fellinu, ofan í þokuna, inn í grámann, niður í bæ. Göturnar, húsin og garðarnir voru hulin móðu. Ekki bara þoku sem lagðist yfir og um heldur var móðan í og á. Allt var máð og óljóst. Línur voru máðar. Drættir hálfkaraðir. Og himinninn yfir þokunni suðaði svarthvítur eins og fyrr. Bílarnir sem hann mætti voru af sömu móðu. Og fólkið á gangstéttunum var það alveg sérstaklega. Það var andlitslaust. Tja, þar mótaði svo sem fyrir dráttum, smáskuggum og kroti. En þetta var lítil list, óttalegt hrat. Það var hálfgert eða illa gert. Það kom í einn stað niður. Einar fann enga knýjandi þörf til þess að vita hvernig á þessu ástandi stæði. Blessunarlega því viðbúið er að slíkar spekúlasjónir myndu æra mann. Hins vegar velti hann því fyrir sér hvort hann sjálfur horfði eins við öðru fólki og það gerði við honum. Sem móðukenndur. Óljós. Óræður, torræður, hálfgerður. Einhversstaðar að utan barst líka lágur niður. Einhversstaðar í fjarska gekk feykistór vél, ferlegur mótur sem drundi svo hátt að hvarvetna í bænum heyrðist til. Það er að segja, Einar heyrði til. Ég heyrði reyndar ekkert. Og fæstir, grunar mig. Sími Einars hringdi. Það var gamla konan. Vitanlega. Þetta fór feðginunum í milli:

– Sæl, mamma. Ég get ekki talað, er að keyra.

– Settu bara á hátalarann, vinur. Hvernig gekk fótboltaæfingin?

– Fótboltaæfingin?

– Í gær.

– Já. Já, alveg rétt. Hún var vonlaus. Ég held að ég hafi snúið mig. Þetta er ekkert fyrir mig. Ég er ekkert fyrir svona seyði. En ég get ekki talað núna. Hvernig var annars rauðsprettan? Steiktirðu hana nokkuð of lengi?

– Fiskurinn var ágætur. En ætlarðu að koma- Móðirin náði ekki að ljúka spurningunni.

– Ég get ekki talað, mamma. Er að keyra. Er að mæta lögreglubíl. Ég hringi. Og við svo búið lagði Einar á. Rauf öllu heldur sambandið. Hann ók hljóður í móðunni. Þar sem hann ók niður máða Oddeyrargötu, undir máð reynitré og framhjá máðum húsum veifaði máð fígúra honum ofan af gangstétt. Hún veifaði sem óð væri. Hún var þybbin og teymdi lítinn hund. Ef til vill var hún að fara mannavillt. Jú, eflaust. Einar hugsaði ekki frekar um það. Tæpum sjö mínútum eftir að við kvöddumst hafði Einar lagt langþreyttum bílnum sínum beint fyrir framan sal Systkinabandsins í gömlu templarahöllinni á bakvið Ríkið niðri í bæ, sat þar eins rólegur og maður í hans ástandi getur látist og beið. Á meðan á þessu öllu gekk afsakaði ég mig hins vegar innilega á skandinavísku og sagði starfsfólki mínu og Norðmönnum að dálítið hefði komið upp á og ég yrði að rjúka, hreinlega yrði. Þætti óskaplega fyrir því og undskyld og undskyld og só sorri. Sagði strangt til tekið ekkert um það en gaf eins skýrt og mér var þess utan unnt til kynna að um væri að ræða háalvarlegt mál, eitthvað á borð við deyjandi foreldri eða veikt barn jafnvel. Það sögðu augabráunirnar og tónninn í röddinni. Þótt erfitt sé að setja þunga í nokkuð á norsku. Ég fór síðan heim og skipti um föt (þetta segi ég bara því það skiptir dálitlu máli, má segja, í sambandi við frásögnina alla. Ég sinnti aldrei málefnum Systkinabandsins eða sálarinnar íklædd buxnadrögtum). Liðnar voru ríflega tuttuguogfjórar mínútur frá því að við kvöddumst þegar ég lagði bílnum við hlið Einars og brosti til hans í gegnum rúðurnar.

Við heilsuðumst fyrir utan bílana og ég sagði Einari sem var, að það hefði komið mér skemmtilega á óvart að fá símtal frá honum. Hann hummaði það fram af sér, við gengum fyrir hornið stigum inn fyrir. Ég bauð honum upp á te, kaffi eða seyði. Hann þáði te hvernig sem á því stóð, en hann var ekki vanur að drekka te. Á meðan ég hitaði vatn spurði ég hann aftur að því hvernig honum hefði þótt fundurinn kvöldið áður. Og aftur svaraði hann því til að honum hefði þótt hann prýðilegur. Að efnið hefði verið áhugavert en hann þekkti lítið til þess. Hann afsakaði sig. Ég sagði honum að það væri ekki skrítíð, nei ekki vitund óvenjulegt. Að flestir nýjir félagar þyrftu dálítinn tíma til að komast inn í þennan heim. En þegar allt kæmi til alls snérist þetta um svo sjálfsagða hluti að það kæmi þeim eðlilega, við notuðum bara eilítið annað tungutak en allajafna er haft um einn veruleika. Hann skaut því þá inn í að reyndar væri hann nú ekki félagi eða einu sinni viss

um að hann vildi verða félagi. Hann væri bara að kanna það hvað við fengjumst við og átta sig dálítið á þessu öllu. Já, sagði ég, vitanlega. En væri hann ekki kominn hingað af sérstakri ástæðu?

– Jú. Jújú, það má segja það.

Ég spurði hann hver hún væri og hellti sjóðandi vatni í nepölsku tekönnuna mína (forláta leirgrip með falletum myndum úr Apabálki Niveleps spaka sem ég keypti einhverju sinni á ferðalagi. Reyndar í Prag.)

– Grimmi vildi endilega að ég kynnti mér þetta.

Og var það eina ástæða fyrir því að hann kom? Ég setti lauf í könnuna og lokið á.

– Nei, svosem ekki. Það er dálítið snúið fyrir karl eins og mig að tala um þetta.

Ég kinkaði kalli og rétti honum skál. Á meðan ég hellti hnetum á disk sagði ég honum að þannig væri það oft. Sumir væru félagsmenn reyndar það sem utanaðkomandi myndi kalla hippa, nýaldarsinna eða í góðra vina hópi einfaldlega vitleysinga. En flestir væru nú bara fullkomlega venjulegt fólk eins og hann sjálfur. Fólk sem ynni á skrifstofum eða í verslunum eða skólum og ætti börn sem æfðu fótbolta eða sund eða lærði á píanó og sem velti því reglulega fyrir sér hvort það ætti að sjóða ýsu í kvöldmatinn eða búa til mexíkanska grýtu.

– Iðnaðarmenn?

Já, Grimmi. Einar glótti.

– Já, Grimmi. Sem er kapítuli útaf fyrir sig. Einhver annar?

Nei, reyndar rak mig ekki minni til þess. En í félaginu var lögregluvarðstjóri. Ég minntist á hann. Hæglátur maður og nokkuð upplýstur. Og svo var meðal okkar bóndi. Sú væri með hátæknivætt mjólkurbú með vélmennum og stærsta landnámsþænustofn á Norðurlandi. Einar kinkaði kalli.

– Þær eru falletar, sagði hann um hænurnar, og egginn talsvert hollari en þessi venjulegu. Hann trommaði á borðið með sverum, grænleitum fingrum (eins og þú hefur séð gerði hann þetta oft). Ég skenkti honum tei í skálina og lagði hneturnar á borðið. Fékk mér svo sæti gegnt honum. Hann saup á teinu og lokaði augunum á meðan. Augnhárin voru græn. Það fór honum vel verð ég að segja. Ég birtist honum hins vegar aðeins sem svipur. Það var meðal annars þess vegna sem hann horfði aldrei í augun á mér þegar hann talaði, ekki beint í augun. Hann sá engin augu.

– Maurice. Það er sérkennilegt nafn fyrir Íslending, er það ekki? spurði Einar án þess að líta í augun á mér.

Ég spurði hvort það væri, svona almennt séð, ekki frekar sérkennilegt fyrir konu.

– Jú, kannski það. Hann kinkaði kolli. Það er enn furðulegra fyrir konu.

Hvorki þá né nú myndi ég sjálf kalla það furðulegt, en jú, ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að það væri í öllu falli sjaldgæft sem íslenskt kvenmannsnafn. Að líkindum einstakt. Og ég sagði honum það. En ég sagði honum líka að ég hefði ekki verið skírð þessu nafni. Ég tók mér það sjálf, fullorðin (eins og oft er ónákvæmlega sagt). Raunar heiti ég það enn ekki frammi fyrir hinu háa, háa opinbera. Svo greindi ég honum frá lögformlegu nafni mínu og hann kinkaði kolli.

– Hvers vegna breyttirðu því? spurði hann.

– Ég kalla mig eftir frönskum embættismanni, Maurice Flammarion, sagði ég og gat ekki varist brosi sem mér í endurliti finnst meira en líklegt að hafi verið nokkuð klunnalegt. Sá tók reyndar upp nafnið Maharasha annar, hélt ég áfram, og varð mikill jógi og reyndar vísindaskáldsagnahöfundur líka og hafði þér að segja ágætt upp úr hliðarstarfinu. Það er nefnilega ekki ókeypis skal ég segja þér að hafna veraldlegum gæðum og lifa allslaus. Það er ekki einu sinni ódýrt. Ég tók svo dálítinn snúning á nafnaskiptum monsieur Flammarion, mitt upptekna eiginnafn er hans upprunalega.

– Já, en hvers vegna tókstu þér annað nafn? spurði hann þá.

– Mér fannst nafnið sem foreldrar mínir gáfu mér hamlandi, það var merkimiði sem ég sjálf kannaðist ekki við. Eiginnafn sem var annarra.

– En hverju skiptir hvað fólk kallar þig?

Enn brosti ég.

– Ég féll ekki inn í þann heim sem það tilheyrði. Eða öllu heldur sem ég tilheyrði undir því nafni.

Einar setti hugsi í brýnnar.

– Ég er ekki viss um að ég, Einar, passi neitt frekar í minn heim, svona þegar ég spekúlera í því. En það kemur nafninu ekkert við. Mér er eiginlega skítsama hvað annað fólk kallar mig. Svo framarlega sem það veit hvern það kallar umræddu fjandans nafni. (Ég lét blótið ekki fara í taugarnar á mér. Það kom honum eðlilega, óafvitandi.) Og mér finnst nafnið ekki vera annað, bara einhverskonar vísir fyrir aðra til að finna mig. Fyrir fyrirtæki að vita á hvern þau eiga að stíla reikninga, fyrir skattinn að vita hvern hann á að

rukka. Ég vildi svosem vera laus við hvorttveggja, en nafnaskipti hafa ekkert með það að segja. Nú glótti Einar.

– Nei, svaraði ég, sjálf-sagt ekki. Sjálf-sagt-ekki.

Við drukkum teið. Einar horfði niður í skálina á milli sopa en ég horfði á hann. Það virtist ekki trufla hann hið minnsta. Raunar virtist hann ekki taka eftir því. Hann sá auðvitað engin augu.

– Langar þig að vita eitthvað um Systkinabandið? spurði ég loks.

– Ég veit að þið haldið fræðslufundi og ræðið jóga og upplýsingu.

– Það er ekki allt sem við gerum. Við drekkum líka te og ræðum eðli nafna. (Nú þóttist ég sniðug.)

– Og hvað fleira?

Ég stóð upp og sagði honum að fylgja mér. Hann jánkaði, stóð möglunarlaust en með þreytulegri stunu upp og skolaði skálina sína. Lagði hana svo í þurrkgrindina við hlið vasksins og fylgdi mér þar sem ég stakk mér fram.

b. (svarthol)

Ég leiddi hann aftur fram í gegnum salinn, framhá stólaröðunum, bókahillunum og skjávarpanum í horninu og loks á bakvið hraunpúltið innst í salnum. Þar er lítil hurð, eða hleri öllu heldur, eins og að innbyggðum skáp eða kompu í gömlu húsi. Ég opnaði hana, steig inn og benti honum á að elta mig sem hann gerði. Inni í þessari kompu sem gekk inn af fundarsalnum sem leyndist í gömlu bindindishúsi á tiltölulega fáförnum stað í miðbænum hafði ég innréttað dálítinn bænaklefa. Fram að þessum fundi mínum og Einars hafði ég satt best að segja tæpast nýtt klefann svo nokkru næmi. Jú, ég hugleiddi þar af og til og komst jafnvel ansi djúpt inn á við og ekki síður langt út á við og upp. En oftast hugleiddi ég þó bara heima hjá mér. Yfirleitt var það nærtækara, ef ég á annað borð gerði það ekki bara á gólfinu á bakvið skrifborðið í vinnunni. En ég hafði reyndar nýtt klefann til annars. Það kemur lítt að sök þótt ég viðurkenni það núna en á stundum hafði ég einfaldlega flúið inn í kompuna til að fá frið. Það gerðist þegar aðrir félagsmenn voru í húsinu og ég sjálf illa fyrirkölluð. Svona eins og hendir. Og þegar Ragna blessunin lagaði

seyði sem mér fannst ekki lykta vel. Það var reyndar ekki oft. Hún var prýðiskokkur, já og er. Hvað um það. Við Einar komum okkur fyrir í klefanum, á gólfinu sem var alsett þykkum teppum og púðum. Á veggina hafði ég hengt rústrauða flauelsdúka í stórum fellingum og niður úr loftinu hékk ljósker úr látúni og pappír, sem ég hafði pantað frá ágætri verslun í Lundúnum sem höndlaði með ósvikið asískt handverk (ósvikið í þeim skilningi að það var sannarlega búið til af ótal höndum í vafasamri verksmiðju í Víetnam). Ljóskerið var gert fyrir kertaljós en vegna þess hve lítið loftflæði var um bænakompuna hafði ég orðið að láta setja perustæði fyrir rafmagnsljós í kerinu. Ég kveikti á perunni sem varpaði lyrgjulegri appelsínurauðri birtu í gegnum litaðan pappírinn og lokaði dyrunum fram. Það væru ýkjur að segja kompuna hafa verið sambærilega við athvarf í nepölsku klaustri. Mér fannst ég á sínum tíma hafa gert nokkuð vel en í endurliti er óttalegur pútnahússbragur á innréttingunum öllum. Hvað um það, ég tók upp þráðinn þar sem frá var horfið og svaraði Einari.

– Við erum að reyna að lifa upplýstu lífi, sagði ég.

– Hvern fjandann þýðir það? Nú veitti hann blótsyrðinu athygli og skammaðist sín dálítið.

– Að lifa í sátt.

– Í sátt við hvað?

– Við okkur sjálf. Við veröldina. Og við aðstæður okkar. Sama hverjar þær eru.

– Sama hverjar þær eru? Það er ójafn leikur.

Sími Einars hringdi og hann reif hann upp úr vasanum og slökkti orðalaust á honum (enn var það móðir hans sem hringdi, ósátt við það hvernig hann kvaddi síðast).

– Ójafn. Já, ætli það ekki, sagði ég þegar hann hafði gengið frá símanum. En þannig er það nú samt. Sumt verður maður að sætta sig við. Því sem maður ekki fær breytt (kannastu við þetta?).

– Ég er ekki viss um að það sé ráðlegt að sætta sig við hvaðeina.

– Ekki hvaðeina, en ýmislegt. Suma sjúkdóma og þvíumlíkt. Annað fólk. Aðra strauma.

Einar sagði ekkert en það var auðsætt að hann var ekki sannfærður. Mér fannst hann misskilja mig. Ég hélt því áfram.

– Við leitum að friði. Eða svo við tókum lítil skref: Samhljómi. Harmóní.

Einar horfði upp á ljóskerið. Spurði svo:

– Samhljómi með hverju?

– Heiminum.

– Heiminum! Með helvítis hávaðanum? Hvað með bara þögn? Get ég ekki bara leitað að þögn? Verð ég bara að sætta mig við dyninn.

– Hvaða dyn?

– Dyninn. Suðið. Hina svörtu útsendingu. Hvað með nirvönu ykkar?

Og í þeim töluðum orðum tók ullarteppið undir okkur að bærast. Það iðaði. Til að byrja með fóru um það dálitlar bylgjur eins og undir því skriðu snákar. Snákunum fjölgaði hratt og þeir tútnuðu út. Ég öskraði eitthvað sem skiptir ekki máli. Man að Einar virtist yfirvegaður. Leit bara í kringum sig eins og hann leitaði einhvers. Teppið allt vaknaði til lífs og virtist vaxa, teygja sig út til allra átta og líða upp eftir veggjunum. Það rann saman við flauelsdúkana sem héngu þar niður. Þeir iðuðu líka og skriðu út eftir loftinu og gripu í keðjuna sem ljóskerið hékk í og umluktu hana. Ég fálmaði í óðagoti eftir hurðarhúninum en dúkarnir höfðu lagst fyrir dyrnar og hulið þær. Ég hrópaði á Einar að við værum að sökkva, hvað sem ég átti við með því, en hann var rólegur. Tók í aðra höndina á mér, greip með hinni fyrir nefið og lokaði augunum. Teppin og dúkarnir umvöfðu okkur nú eins og hýði og ljósið slökknadi með rafgneistum. Loftið var heitt og þungt eins og eyðimerkursandur. Um stund, ég veit ekki hvort það var augnablik eða ár, var eins og við værum borin um í pyngju, kútveltumst um og hristumst. Þetta er allt saman óljóst, þar eð ég reyndi það bæði á eigin skinni og Einars. Tímabundin ofhleðsla sló mig út. Svo stöðvaðist allt. Ég fann ekki hvar ég endaði (í raun var ekkert ég) og Einar byrjaði, varð eitt með honum og fann ekki neitt annað. Skrokkslaus og allslaus flutum við í algeru tómi og við fórum aftur í æsku Einars og vældum og lærðum að tala og skitum og hrufluðum hné og öskruðum og lærðum og lærðum alls ekki og byrjuðum að drekka og riðum og fiktum við reykingar á bakvið vinnuskúr og við fórum í skóla og á böll og skrappum á sjó og aftur í land og við ældum á hvorttveggja og grenjuðum og hlógum og við kynntumst konunni okkar og keyptum sófa og lásam í Nýja-Testamentinu og lokuðum því og drápum kaktus og stunduðum lyftingar og máluðum eldhús og borðuðum tælenskan mat í fyrsta skipti og eignuðumst mávastell og vini og bíla og hús og fórum aftur á sjó og flökuðum og reyktum og hættum því svo og skildum við konuna og fluttum hingað og svo þangað og við unnum líka hér svo unnum þar og stofnuðum fyrirtæki og réðum menn og sváfum hjá og fengum kvef og flensu og urðum þunglynd og með magapest og gáfumst upp á pólitík og sáum góða kvikmynd og lásam lélegar bækur og héldum jól og gengum á fjöll og þyngdumst og tókum upp breytt mataræði og dofnuðum og gránuðum og klæddum okkur

upp sem trúð og fórum í partý og við brunnnum og gengum í svefni og sváfum glaðvakandi og gengum hreinlega úr heiminum af einskærum leiða. Gengum út úr heiminum og vorum utan hans og þar var ekkert en um leið allt og meira en allt. Allt plús einn sinnum tveir í ofboðslegasta veldi. Tvær sálir (köllum þær það að gamni) og eitt æviskeið á augnabliki. Við deildum opinberuninni algeru og einu og leiðin var ráðin. Ég kom til sjálfrar mín og við sátum við dekkjað borð. Það var lagt skjannahvítum bómullardúk og á því voru kökuföt með ótal sortum og skínandi lagleg kaffikanna og sykurker úr silfri og ofurfínlegt bollastell og alltsaman eins og í sýningarrými byggðarsafns utan að allt í kringum okkur léku refilsaumaðar miðaldafígúrir, rústrauðar skepnur og menn, um rjómagulan efnisstranga sem var án endimarka. Verurnar voru svo skýrar að greina mátti minnsta þátt hvers bands í útsaumnum en þó svo ógnarstórar og fjarlægjar að engu var líkara en að þelið sem þær dönsuðu um (eða alls ekki, eftir því hvernig á það er litið) væri ofið í eða hreinlega úr altóminu sjálfu. Tómið hékk á vegg í British Museum, það er dagsatt. Ekkert var þar. Þræðir tómsins bjóða upp á jafnvel enn fleiri og ríkulegri listbrigði en strengir M-kenningar, enga heimsins möguleika en alla þess utan. Einar hirti ekki um allsérstætt eðli aðstæðanna en tók þegar til við að bjarga sér um kaffi og tína bakkelsi á fagurskreyttan disk eins og svona kaffiboð væru alvanaleg. Svo ég sé hreinskilin þá ringlaðist ég nokkuð við þessa reynslu alla saman og þó kannske mest við loft- og þarafleiðandi fýluleysið, en á þessum stað fúnkera öll kerfi eins og við nú vitum eftir öðrum lögmálum en í veröldinni sjálfri. Ég var enn að fylgjast með hátíðlegum sagnasveig refildansaranna og Einar var byrjaður að úða í sig sætindum og kaffi þegar ógurleg þruma drundi yfir okkur og um geiminn allan. Bollar hristust svo glamraði í undirskálum, þar til Einar sussaði stuttaralega á þá svo þeir stilltust og settust prúðir á borðið. Þrymurinn minnti helst á upptökur af innblásnum predikunum eldklerka í amerískum tröllakirkjum, ef þið kannist við þvíumlíkt, utan að í byrjun var hávaðinn ógreinilegur. Innan skamms tók hann þó að skýrast, hávaði tók á sig form hljóða og svo talaðs máls og heyra mátti orða skil. Einhver bölvandi og ragnaði af mikilli list, á kjarnbetra máli en nokkurntímann heyrir í hátalarakerfum mannheima.

Skyndilega birtist lárétt yfir borðinu vel byggður herramaður, skeggjaður og með flennistöran pípuhatt og handfrjálsan hljóðnema á höfðinu. Þetta var að sjálfsgöðu títtnefndur Helgi, sem reif nú af sér bæði hattinn og hljóðnemann og grýtti upp á borðið (upp, segi ég því þar var engum áttum fyrir að fara, aðeins afstöðu). Ég hefði vitanlega ekki þekkt hann nema fyrir samsláttinn sem varð skömmu fyrr, á milli okkar Einars.

– Hvern þremilinn eiga þessi fíflalæti að þýða, drengur? frussaði kafrijóður Helgi að Einari, reyndi greinilega að halda aftur af skapsmunum sínum en gekk það brösuglega. Einar sýndi lítil viðbrögð en hélt áfram að maula kökur. Svo virtist það vera í þeim tilgangi einum að storka doktornum sem Helgi bætti kaffi í bollann sinn og hrærði út í það tveimur skeiðum af sykri. Einar notaði aldrei nokkurntímamann sykri í kaffið sitt en það var ekki að sjá, eins fumlaust og innilega og hann mokaði, hrærði og naut enda sykurrinn ekki vitund sætari en Einari sjálfum sýndist (nú, hann bara réði því nákvæmlega hvernig drykkurinn bragðaðist, ákvað það bara og þar með varð það svo).

– Þú átt ekkert með að troða á mig þessu hattskrípi.

– O, ætli ég ráði því ekki, sagði Helgi áhugalaus. Við hökkum alltaf í sama farinu, bætti hann við. Hér er klukkan alltaf sex!

– Þú ættir þá að vita að klukkan sex er drukkið te! hvæsti Helgi. Og sisvona varð kaffið í bollanum að tei. Einar dýfði smjörgullinni smáköku með sykurtoppi í bollann og stakk henni síðan heilli upp í sig. Hjartans þakkir fyrir það, meistari, sagði hann með munninn fullan. Helgi steig fram á borðið og stillti sig af um sem svaraði einhverjum níutíu bogagráðum. Steig því næst út af borðinu og á stól gegnt okkur Einari og svo þaðan á tómið þar sem gólf væri í raunheimi. Hann dustaði af stólsessunni sem hann hafði stigið á og fékk sér svo sæti.

– Hvað er hún að gera hér? sagði hann án þess að líta á mig og skenkti sér tei í bolla.

– Hún kom með. Flaut með.

– Ég sé það, en hvers vegna flaut hún með?

– Seg þú mér. Kannski langaði hana það, kannski mig. Nei, segðu mér.

Helgi hellti svörtu teinu úr bollanum og á undirskálina sem hann svo bar varlega upp að vörunum og hellti upp í sig.

– Ég hef ekki minnstu glóru um það, drengur. Ég skil ekki að þú sért að blanda geði við þessa spíritualista og þeosófa og búddhatrúarmenn. Eins og þeir eigi svör!

– Nei, sagði Einar rólegur og maulaði. Ég held að hún eigi engin svör. Hann hristi höfuðið ofurlítið, sjálfum sér til stuðnings. En hún er viðkunnanleg og býður upp á te.

– Hvað áttu við, hvíslaði ég.

– Ég veit ekki með þennan samhljóm ykkar. Hm? Þennan samhljóm. Friðinn kannski, jújú, en hann finnið þið bara í næsta lífi, er það ekki, hm? Ef þið eruð heppin það er að segja. Einar rakti í sundur kanilsnúð og át sig inn að miðju hans.

– Við vorum ekki búin að ræða þetta af neinu ráði, hvíslaði ég.

– Þið hafið rætt nóg, básúnaði Helgi ákveðinn og sló í borðið svo glamraði í postulíninu. Sisvona rankaði ég við mér aftur í hugleiðslukompunni og fann nú hversu loftið þar var þungt. Eins og undir fargi ótal ofinna skrautteppa, vefstóla og rúðulausra leirkofa austan úr eyðimörkum Persíu. Ég leit upp í ljósið og sá að í bjartasta punktinum í sparperunni sem ég hafði nýlega skrúfað í sátu karlarnir enn við borðið. Einar át og Helgi saup. Og ég gat meira að segja heyrt þá skrafa.

– Jæja, sagði Einar nú rólega og hallaði sér aftur í sætinu, þá er hún farin. Hvað svo? Hann saug hvítan glassúr af fingrunum.

– Ekkert svo. Nú hundskast þú til baka og talar mínu máli, svaraði Helgi. Það er komið nóg af þessari vitleysu.

– Hvers vegna ætti ég að gera það?

– Nú, ég færði þig hingað.

– Hingað hvert?

– Það skiptir ekki máli í sjálfu sér, út úr hinni svörtu útsendingu.

– Er þetta, hvað sem þetta er, svo miklu skárra?

– Auðvitað, láttu ekki svona, drengur.

– Ef fröken K. er hér, þá kannski já. Annars er þetta óttalega ómerkilegt. Svona dökkgrá útsending bara. Svört og kannski dálítið hvít líka en í öllu falli fjandi svipuð. Persónurnar á stranganum hættu nú að dansa og snéru sér að borðinu. Þær horfðu sorgbitnar niður á það sem var orðið óttlega tætingslegt eftir áttörn rennismiðsins. Mylsna og brauðmolar lágu yfir borðinu öllu og hálfótir diskar og föt minntu á hverfuleika fegurðar rétt eins og gráustu haustdagar djúpra lögða. Helgi á hinn bóginn stóð upp með fyrirgangi og geiflaði sig að Einari, otaði fingri út í loftið og roðnaði.

– Hún skiptir ekki máli, öskraði hann og pípuhatturinn spratt aftur upp á höfði hans, tvöfallt hærrí en áður.

– Skiptir hver ekki máli? spurði engin önnur en fröken K., Kālī drottning gereyðingar, nýs upphafs og tímans sjálfs, í sömu mund og hún birtist með eldglæringum ofan á pípuhattinum. Við hlið sér leiddi hún blátt reiðhjól með blómakörfu. Hún sönglaði dálitla ljóðlínu, rocking on to the break of dawn, lágt fyrir munni sér. Helgi fálmaði upp eftir hattinum en K. steig niður á hattbarðið sem dúaði ofurlítið, þaðan yfir á borðið og teymdi hjólið eftir tóminu.

– Ég leyfi mér, kæri doktor, að vera á annarri skoðun. Þvert á móti finnst mér ég afar mikilvæg. Skipta heilmiklu máli. Og ekki bara í hinu stóra samhengi, heldur líka fyrir hann Einar hérna sérstaklega.

– Djöfulsins hattur. Helgi reif hann af sér og grýtti út í tómið þar sem hann varð að ofurlitlu saumspori í reffinum stóra. Enginn gaf þessum látum doktorsins gaum, nema auðvitað ég. Ég hafði betri yfirsýn þar sem ég sat utan perunnar og horfði inn eða út eða yfir.

Einar brosti. Hann stóð upp og hneigði sig fyrir gyðjunni á borðinu. Hún brosti á móti, greip í ímyndað pils og beygði sig ofurlítið í hnjám eins og ballerína í lok sýningar. Höfuðkúpurnar í hálsfestinni brostu allar sem ein. Helgi studdi sig hins vegar við borðið og horfði niður fyrir sig. Höfuðið seig niður með bringu líkt og um sterkbyggðan hálsinn héngu ótal andvökunætur. Og hann dæsti. Hvað hann dæsti þungt. K. leið fram af borðinu og upp að hlið hans. Hjólið hvarf út í tómið. Hún tók utan um axlir Helga sem hann þá hristi. En hún gaf sig ekki og lagði höfuð sitt að hans.

– Hann Helgi, elsku Helgi, sagði hún og strauk yfir ljóst hárið, tekur hlutunum stundum of alvarlega. Hann vill bjarga, þarf svo mikið að bjarga.

– Hverjum? spurði Einar.

– Öllum, að sjálfsgöðu. Hún brosti ofurlitlu brosi og sýndist eins skilningsrík og hún var ægileg.

– Það er svosem skiljanlegt, ég meina, það er helvíti fallett. Að vilja bjarga. Og bjarga bara öllum. Svona sem markmið þá er það göfugt.

– En fráleitt, þú hlýtur að sjá það. Hann þarf að leyfa sér að njóta. Er á meðan er. Helgi var farinn að gráta og axlir hans gengu upp og niður með ekkasogum og snörli. (Mér varð svo mikið um að sjá þessi ósköp inni í perunni eða úti í tóminu að ég varð dálítið meyr. Það er skrítið, ef ekki annað, að sjá skeggjaðan karl skæla.) Einar velti því fyrir sér frá hverju Helgi vildi bjarga okkur öllum en hann spurði einskis. Eins leiðinlegur og honum hafði stundum þótt þessi sjálfskipaði bjargvættur, þar sem hann reifst og skammaðist og predikaði fullviss, fann hann til með honum svona ámátlegum. Og hann hugsaði með sér hversu oft maður vissi hreint ekkert hvað bjó að baki orða fólks og athafna. Andskotann ekki neitt! Hversu mikið álag það hlýtur að vera á einn einasta mannræfil að ætla að bjarga öllum, allri heilu andskotans mergðinni, jafnvel þótt viðkomandi sé bæði snjall og vel til hafður. Já, ætla að bjarga barasta öllu, öllu, öllu heila

klabbinu. Öllu draslinu, efninu, hugmyndunum. Það er ekki svo lítið og ætli hann gæti ekki skilið nokkur frekjuköst og dálítið fúllyndi í því ljósi. Það er alltaf eitthvað, hvort sem er allsherjar björgun eða óvenju hár rafmagnsreikningur, sveppasýking, veirusýking, ný stígvél á krakkann, ónýtar lagnir, óræðar hugmyndir, þurrkatíð, hormónaójafnvægi eða bara að því er virðist tilefnislaus en fullkomin og altæk tilvistarleg angist. Alltaf eitthvað vesen. Og K. virtist svosem skilja það líka, þar sem hún strauk dökturnum um höfuðið með naglakkaðri hönd sem hafði lagt ótal djöfla og vírusa, þúsöldum en líka degi áður en hún fyrst hjólaði brosandi framhjá Einari Mássyni skokkara og kveikti inn í honum bláan neista sem óx (eins og vera ber) og varð að bláu báli.

Svo skyndilega stóð Helgi upp. Hann stóð upp með offorsi og sló frá sér, öskraði lengst neðan úr maga og reif í sömu mund dúkinn af borðinu með sömu látum og glamri og við væri að búast hérna okkar megin perunnar. Hann fleygði dúknum svo frá sér og upp yfir höfuð þeirra þriggja. Dúkurinn sortnaði í einni svipan, blúndurnar uxu hljóðlaust saman og þéttust og efnið þandist til allra átta og lagðist þétt yfir sagnarefil frumtómsins svo það sjálft ummyndaðist í geimdjúp og brauðmylsna og kexmulningur varð að gasskýjum og loftsteinabeltum og postulínsbrot að stjörnuþyrpingum, vetrarbrautum og fyrirbrigðum sem eiga engin heiti. Já, bara sisvona varð veröldin í tóminu, einn, tveir og þrír. Og enginn viðstaddra gaf því nokkurn gaum, enda voru hugir þeirra við eitthvað allt annað en sköpun. Fröken K. hrökklaðist undan karlinum, dustaði stjörnuryk af svartri öxl og setti dálítið í brýnnar enda óvön framkomu sem þessari. Einar beygði sig undan fljúgandi broti úr mjólkurkönnu sem senn varð að tifandi slagstjörnu í utanverðri Krabbaþokunni. Sjálf beygði ég mig líka en auðvitað kom ekkert út úr perunni. Ryk þéttist og gas og glóð kviknaði og stjörnur tóku að loga og þær stækkuðu og smækkuðu og brunnu og slökknuðu. Pípuhaturinn spratt upp í þriðja sinn og óx með miklum hraða á höfði Helga sem þá barðist við að ná honum af sér en gekk það brösuglega og þegar loks hatturinn fór af sveiflaði hann honum undir sig og spann eins og snældu svo úr varð svarthvíthol sem urgaði í og það óx hratt og allt um kring svignaði og toгнаði og tíminn stóð nærri í stað (vitanlega sá ekkert okkar fyrirbærið, en við vissum af því. Um þetta hefur heilmikið verið skrifað og ekki allt svo galið). Augun hans bláu urðu hvassar glyrnur óþekktar skepnu og glyrnurnar hvössu svo að hyldjúpum hvít-sorta og hvít-sortinn beindist að K. sem kipptist við. Hún bölvaði honum, BÉVAÐUR, og greip hjólið sitt góða utan úr tóminu. Hjólið var læst með mjórri keðju með talnalási við litla brú sem tengdi enga bakka og í hjólinu hékk blótandi K. Í sömu mund stökk upp úr gullofnu slíðrinu í

belti hennar bláa skrípið Yama, djöfullinn og lokapala, á rauðri lendaskýlu með bronssigð og brosandí dúkkuhöfuð í hendi, hvæsti líkast frýnu um fengitíma og læsti sig í andlit Helga, klóraði og beit og hjó en mátti sín lítils gegn hinum hvíta Nýal og sogaðist inn í hvítortann í tóftunum sem svo rann saman við hattssvarthvítholið þar undir og það og Helgi voru þá eitt. Djúpt í perunni, óralangt handan þessa stirða heims okkar, geislaði alfaðirinn eins og í fullkominn andstöðu við þögult holið og ég sá það og skildi hversu rislág Himalayafjöllin eru og Nepal óupplýst og allir dalirnir þar þröngir og kjánalegir eins og gotneskar kirkjur evrópskra borga eða kafbátar þriðja ríkisins. Í fátí óttaðist ég um Einar sem maraði sem lamaður í tóminu, svona agnarlítill og mennskur og ósköp deigur og að því er ég best skynjaði óvanur kosmískum bræðiköstum, svo án þess að hugsa lengra en fram í fingurgóma skrúfaði ég peruna úr stæðinu, opnaði fram í sal og grýtti henni í gólfið. Þar splundraðist hún í örffinan salla sem sindraði á, sem mettaði loftið eins og þokan lífið og lagðist á innanstokksmuni eins og hrím. Einar, sú svartasta Kālī, gnótt af kruðerí og slettur og lufsur af svarthvítunni algeru sulluðust um fundarsalinn, þangtægjur í brimi á ókunnri strönd og hið síðastnefnda, ósamrýmanlegra litla fundarsalum en sjór perlusandi, gleypti tvo stóla úr fremstu röð og bunka af gömlum Ganglera-töluþöðum sem staðið hafði á milli vita eða í limbói undir öðrum þeirra, hvorki kasserað né lesinn. Ég hafði ekki áhyggjur af missinum á þessum tímapunkti, blöðin voru hvort sem er aukaeintök og, það er synd frá að segja, verðminni en pappírinn sem þau voru prentuð á (reyndar var Gangleri prentaður á alldýran pappír, hálfglans og fremur þykk). Svarthvítar slettur þess sem fyrr var bæði tóm og doktor Helgi suðuðu, urguðu, ýlfuðu og sulluðu og stækkuðu og senn var megni salarins á hraðferð inn í ómínistóm. Ég stökk fram í salinn, dansaði á tām á milli braks og óbraks og greip í aðra hönd Einars sem enn var bæði grænleit og þykk.

– Upp, upp, sagði ég því mér kom ekki annað til hugar. Og hann byrjaði að dröslast á fætur en riðaði, nýkastað folald eða marglaga brúðkaupsterta á veikum grunni, og ég studdi við hann eins og ég best gat. Hann greip um höfuðið, muldraði: Kalí⁵, Kalí, glennti upp augun og skimaði í kringum sig. Skammt frá lá hún svört og titraði. Enn rifnaði af salnum og tætlurnar hurfu hljóðlaust í tómið, stóll fyrir stól fyrir spýtu fyrir bók. Einar kjagaði yfir til K. og ég með og þegar nær dró mátti heyra í gegnum suðið og urgið að hún þuldi litla þulu fyrir munninn sér, ekki om kreem kalikaye, ekki eitthvað annað á sanskrít

5 Sbr. Kālī, Kālikā, Bhavatārini, fröken K., gyðjan svarta o.s.frv.

eða palí eða hindí eða nepölsku, heldur ensku (og ekki af byronska taginu), veikt en fallega og ógurlega. Pulan var á þessa leið (kannske kannast þú við hana):

K for the way
my DJ cutting
Other MC's, man
you ain't saying nothing
Rocking on
to the break of dawn
I think Code Money,
your time is on.⁶

Og við svo búið spratt gyðja hverfuleikans á fætur, rak út úr sér langa tungu og öskraði að iðandi svarthvítunni svo undir tók:

– KOMDU ÞÁ, KISIKIS!

Ég greip fyrir eyrun, því hávaðinn var ærandi, en Einar greip í mig og teymdi mig fram salinn og út. Bíllinn minn stóð þar ekki lengur en ég veitti því litla athygli á þeirri stundu og settist í farþegasæti gamla jeppans sem Einar ræsti. Hann leið af stað. Enginn var á ferli, engir bílar á götunum eða fólk á gangi, kettir á vappi eða fuglar í trjám. Þokunni hafði létt en enn var algert lagn. Fjöllin stóðu á öndinni, sól geislaði yfir firðinum. Sólin var stór og skjannahvít. Hún var frumhreyfillinn sjálfur og finna mátti kraftinn. Kalí öskraði enn svo glumdi um miðbæinn en restin af salnum hvarf í hvínandi svarthvítuna sem svo teygði sig áfram út planið við gamla templaravirkið, að Ríkinu og upp af húspökunum í kring í átt til himins. Hún gekk ekki jafnt og þétt, heldur í bylgjum. Reglulegum, taktvísnum en ofsafengnum, eins og tónverk. Hvínandi orgel utan úr svartasta rassgati. Eins og óstöðvandi Bach eða Händel í kjarnorkuham. Aldrei hafði Einari sýnst nokkuð jafn raunverulegt og óbrjálað og svarhvítan sem allt ætlaði að gleypa; engin steikarpanna, reikningur eða kúnni sem vildi fá að borga svart. Óbrjálað, óbrjál, óbrjálun. Og svo ég haldi því til haga fannst mér sjálfri þessi viðburður síst óraunverulegri en fundur minn á skrifstofunni skömmu fyrr. Ég þarf að eiga orð við mömmu, um fiskinn, sagði Einar án

6 Schoolly D, „P.S.K. What Does It Mean?“, 12”, Schoolly D Records, 1985. Ég viðurkenni að það tók mig allangan tíma að bera kennsl á þuluna.

Þess að ég spurði nokkurs. Við svifum hljóðlaust á jeppanum skælda, upp, upp, í átt að húsinu á Suður-Brekkunni þar sem Einar ólst upp og gamla konan bjó enn og steikti fisk oní herdeild og horfði á framhaldspætti og las ævisögur og hringdi og spjallaði eins og hvert orð væri hennar síðasta. Húsið mátti fara veg allrar veraldar, fann ég Einar hugsa, en gömlu konuna skyldi hann í öllu falli kveðja. Sjá, hvað svarthvítan gleypiti litla bæinn nú hratt og hve Kalí var orðin stór. Hana bar stæta við fjöllin utar við fjörðinn, heiðbláa um axlirnar og hún hjó og hún sló og æpti og gól. Hún stappaði, trampaði, sparkaði og hvæsti, ægilegri en nokkur gammur, dreki, bergrisi eða griðungur. Það suðaði, það gnast og brast og svarthvítan hafði fyrr en varði teygt sig út á sindrandi Pollinn í austri, sem þá sogaðist með iðuköstum oní gapið, suður í Gil og vestur yfir sundlaugina og alla byggðina þar austan svo hún var fyrir bí. Hin svarthvíta útsending. Það suðaði, gnast og brast og glumdi um allan fjörðinn þegar við ókum í hlað við einlyft skeljasandshús að Gyðjubbyggð 4, þar sem Einar bjó lítill og allt þartil hann flutti að heiman sautján ára til að búa hjá frænku sinni í Hafnarfirði (og aftur á milli níttján og tuttuguog eins þegar hann flutti í eigin íbúð og aldrei til baka eftir það).⁷ Semsagt á æskuheimilið. Þar fyrir utan stóð gulur bíll frænkunnar. Einar klöngraðist út úr bílnum og hentist beinustu leið að útidyrhurðinni. Án þess að vita hví fylgdi ég honum í humátt. Hafði ekki rænu á að loka bílnum sem stóð eftir opinn upp á gátt. Enginn var á ferli, svarthvítan hirti ekki um hurðir og læsingar. Einar var byrjaður að kalla á móður sína áður en hann hafði opnað dyrnar. Köllin fuðruðu upp í tónhryðjunni svarthvítu. Hviðsvissjússvissississsssss-kúkúdífúdífúdífú-
drummmrummrummm. Inni var hljótt, furðu hljótt, utan að heyra mátti tif standklukku á holinu og ofurlága tónlist berast innan úr einhverju herbergi. Lágstemmdan djass, kontrabassa og sílófon, sax og þvíumlíkt (óþarfa smáatriði, afsakið). Í þessu húsi þreifst ekki önnur háreysti en kraftmikil rödd frú Anniku og hafði aldrei gert.

– Hvað er það, vinur? spurði gamla konan rólega. Henni lá óvenju lágt rómur. Hún stóð í eldhúsgættinni með klístraðar hendurnar út í loft. Ég var bara að byrja að útbúa fiskinn, bætti hún við. Dúna var hérna, ég veit ekki hvað varð af henni.

– Ertu aftur að steikja fisk, mamma? Þú varst með fisk í gær.

– Ég er ekkert byrjuð að steikja. En annars steikti ég rauðsprettu í gær en þetta er ýsa. Ég á remúlaði. Á eldhúsbekknunum lágu laukar í hrúgu. Þar stóð líka remúlaðibrúsi. Sástu

7 Ef til vill er dálítið einkennilegt að nefna ævisöguleg atriði persóna þegar svo langt er komið í frásögn, en mér hefur ekki fundist tilefni til að nefna það fyrr. Hvað um það, áfram með smjörrið.

nokkuð Dúnu? hélt Annika áfram. Hún ætlaði að fara með mér í búð en ég held að hún hafi verið timbruð, svei mér þá. Einar svaraði engu enda engu að svara. Hann gekk fram að eldhúsglugganum og gægðist yfir gardínurnar. Upp af holtinu þar sem gamli barnaskólinn stóð skagaði Kalí og skaut úr augunum gneistum að svarthvítunni sem enn dró á með barrósku offorsi. Jú, mamma, ætli ég þiggi ekki fiskinn, sagði Einar svo en gamla konan hélt sínu striki við bekkinn. Velti hvítum bitum upp úr eggjahræru og því næst logandi gullnu brauðraspi. Þú bíður hér, sagði Einar við mig líkt og hann réði í raun einhverju frammi fyrir svarthvítunni, kyssti svo móður sína á vangann og yfirgaf eldhúsið. Hann gaf mér ekki ráðrúm til að svara, hvarf hljóðlaust út í einni svipan. Ég vissi svosem að það þýddi lítið, vissi hvað klukkan sló. Komdu hérna og skerðu fyrir mig laukinn, vina, sagði gamla konan án þess að líta upp af bekknum. Þú finnur hníf í skúffunni fyrir aftan mig. Mér finnst ég oft heil þegar ég matbý. Kannski er það tilgangurinn sem gerir það að verkum. Ég er svosem ekkert að segja að það sé einhver helgistund en mér finnst það notalegt. Það eina sem þarf til að rækja trúna á þennan máta er að eiga mat. Þess vegna er ég nú alltaf að andskotast í honum Einari. Prestinum hef ég svo bara gaman af. Hann er vænn maður en dálítið alvarlegur. Gamla konan lagði fiskbita í rasp. Hún spurði mig ekki til nafns en ég kynnti mig engu að síður. Undir nafninu sem skatturinn þekkir mig. Tók svo til við skurðinn. Nóg um það, Einar skellti aftur bílhurðinni sem ég hafði skilið eftir opna, hófst svo á loft og leið teinréttur um loftið niður á suðandi holtið. Hann var enn grænn á höndunum og í kringum augun. Eins og guð. Sinn guð.

Hví að þúkka upp á þetta lið, hví að standa í þessu, af hverju í andskotanum, að standa í þessu fyrir vesalingana alla (okkur vesalingana)? hugsaði Einar þar sem hann flaug. Innblásinn af ég-hreinlega-veit-ekki-hverju (og veit þó margt) var hann gegnsýrður efasemdum og svosem ekkert mælti með annað en kannske mamman fjári gamla. Við erum jú flest, hugsaði hann, á stundum svo ömurlega þjökuð af efa um tilgang og hreinlega réttmæti þess að standa í stappinu, að ströggla, vera, skrönglast áfram, að til þess hlýtur að verða að taka tillit. Börn, gott og vel, en svo fyllast þau sömu meinlöku en eignast börn sem svo aftur detta í sama farið og svo fram vegis og þar fram eftir götunum. Framtíð... skrammtíð. Eða hvað þýðir tilkoma fröken K.? Upplýsing Maurice? Hvað þýða þessir orgeltónleikar Helga? Hvern andskotann þýðir þetta allt saman? Við því hafði hann vitanlega engin svör, einfaldlega vegna þess að engin svör eru til. Hreint ekki nein. Við spyrjum spurninga sem fráleitt verður svarað. Og það er sjálfur vandinn. Við erum svo yndislega meingölluð að ekki bara jafnast á við villu í forritun heldur hreinlega vélbúnaði.

Og hví að láta með gallað forrit og hvað þá ónýta vél sem annað en einmitt það? DELETE-EYÐA-HREINSA-MÖLVA-BRENNNA-þurrka út-tortíma. Slökkva ljósin en ekki loka á eftir sér. Annað er þrjóska, flónska, forheimska, vonska – eða hvað? Ef til vill myndi hann vakna á annarri skoðun á morgun (ef það yrði nokkur morgunn). Hann hafði svo sem hjakkaði í óttalegum drullupytti um sinn en hann hafði líka staðið upp á heiði um sumarnótt og synt í nístandi kaldri bergvatnsá á heitum sumardeggi og sopið kaffi með elskulegri konu við kertaljós og elskað ósköp heitt og þar fram eftir götunum. Óttalega væmið, eiginlega slepjulegt og ferleg smeðja, en engu ósannara fyrir því. Gegnheil elska er ekki alvond. Bleik ský og þvíumlíkt. Æðislega mjúk og kósí þótt okkur langi oft ekki að gangast við þeim. Uppi á heiðum um nætur býttar svo sem ekkert annað máli. Þú einn og það allt. Einn í öllu. Einn með öllu. Með heiminum. Algerlega. Om kree Kalikaye namah, o.s.frv. Hann komst ekki lengra því hann lenti á öxl heilagrar Kalíjar, og þar sem hann leit hinar svarthvítu bylgjur ganga yfir Vaðlaheiðina í händelskum takti hugsaði hann: Djöfuls della, Einar. Vertu próper djöfulsins maður! Og þar við sat.⁸ Hann stakk sér inn um silfurskreytt eyra gyðjunnar og kom sér fyrir bakvið hægra auga hennar, baðaður skínandi bláma kjarnans sem til skýringar mætti kalla heila. Hann greip handfylli af innvolsi gyðjunnar, tróð henni upp í sig og varð eitt með hinum bláa kjarna (já, þau hreinlega urðu tvíein). Rann grænleitur samanvið hann eins og ísmoli sem bráðnar í vatnsglasi. Og ógnvaldurinn dásamlegi Kalí með höfuðkúpurnar gaf frá sér eitt lokaöskur áður en hún lét hendur sínar falla niður með síðunum, augun hættu að gneista og þau tvö sem voru orðin eitt sigu saman niður í lóthusstillingu og settust ofan á leifar gamla barnaskólans. Og þau studdu handleggjum hennar á hné og snéru lófunum upp og létu fingurgóma þumla hennar snerta góma löngutanganna. Og svo svifu þau áreynslulaust upp af skólanum, eitt guðdómlegt Zeppelin-skip og bláminn efdist og brann og var í fullkominni andstöðu við hina svarthvítu útsendingu og við hina svörtu útsendingu og dýrðin var blá og græn og elskuleg. Og frumhreyfillinn hvíti á himnum stækkaði um leið. Það var eins og hann syngi eitthvert ósamið stef og hljómurinn hækkaði. Og þau runnu saman við bláma himinsins yfir firðinum, sem enn var frír svarthvítunni og drukku í sig himneskan kraft logans fyrsta og lagsins. Og þau kyrjuðu sem eitt:

8 Það var nú ekki meira. Hann ákvað þar og þá að hann skyldi standa sína plikt. Reyndar ekki fyrir veröldina alla eða mannkynið, ónei, bara fyrir hana mömmu sína og steikta fiskinn. Og auðvitað vegna þess að honum gafst ekki tólm til frekari barlóms.

K for the way
my DJ cutting
Other MC's, man
you ain't saying nothing
Rocking on
to the break of dawn
I think Code Money,
your time is on.
Æ ofan í æ ofan í æ,
og svo aftur og enn einu sinni
og bláminn efdist enn
hann efdist og blánaði smá
og hann lýstist líka, hvítnaði
og frumhreyfillinn blánaði
lýstist já bæði og blánaði
og blessaður líka stækkaði
stækkaði enn og enn
og þau runnu saman
urðu svona eitt
eitthvað eitt og algert
ofan og neðan og allt í milli
og þuldu svo buldi
þuldu æ ofan í æ í æ
loftið fylltist dynjanda
djúpri hrynjandi
svo Vaðlaheiðin nötraði
bylgjaðist austur að Fnjóská
svo Hlíðarfjallið skalf
og Súgur gengu til
og fellið lágt þar undir
gekk djúpt upp í Glerárdal

vatnið í firðinum bullaði og sauð
sullaðist upp um hlíðar fjallanna
skall á riðandi tindum
og Eyfjörðsáin flóði
og svall og vall svo hvein í
og æ ofan í æ ofan í æ
K for the way
my DJ cutting
Other MC's, man
you ain't saying nothing
Rocking on
to the break of dawn
I think Code Money,
your time is on
og sagan var út máð sisvona
og sagan varð alls ekki neitt
allt varð í andrá að engu
iss nema sorta og bláma
blátt svona blátt og með svörtu
og sortinn varð hvítur og blár
og suðið það dofnaði og dó
dó út, stopp, en svo
suðið hófst upp að nýju
ofurlágt og blendið
og svo heyrðust raddir og kvak
hviss og smellir gullu
kjá og mjálm og söngur
og bölv og ragn og bænir
bless og hæ og þvílíkt
öll hljóðin, allt gaggið og ysinn
og gölan kom úr norðri

golan hrærði lafin
og lafin pískruðu
og golan kældi malbik
götur undir hjólum
og undir fótum
sem stóðu og stefndu
og golan rann um fugla
og fuglar sveigðu greinar
og þeir öskruðu, sungu
allt var með líku lagi
og fyrr og yrði síðar
og satt best að segja
var sjálfsagt alltaf,
alltaf,
rocking on
to the break of dawn
og græn um hendur
hvarf Kalí í blámann.

c. (hið mikla samband)

Við sátum þrjú við hringlótt borð, Einar, móðirin og ég. Á vegg sat blár dreki og spúði ljósi. Á borðinu var steiktur fiskur með lauk, soðnar kartöflur, remúlaði, blómstrandi eyðimerkurkaktus og hvítvínsflaska. Minna má það nú ekki vera, sagði gamla konan, fyrst við erum með gest. Einar kinkaði kolla. Nú sátum við þrjú og borðuðum. Maurice sagði mér að það ynnuð að verkefni, sagði gamla konan. Einar kinkaði kolla. Gott, bætti hún við. Já, það er gott.

Svo reit guðspjallamaðurinn Maurice, innblásinn af hinum helga Eina.